

BIRGITTA HAUKDAL
Úr kjól í vöðlur

Ferðir Bílar Nám
allt Í MIÐJU BLÁÐSINS



HOLA Í HÖGGI
Bleik sett og japanskar kúlur
Sérblað um golf
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Kringlu
20-50%
AFSLÁTTUR AF
NÝJUM VÖRUM
14. - 19. júní
HEFST Í DAG

Kringlan

FRÉTTABLAÐIÐ

14. júní 2006 — 157. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Er ekki fyrir fræga karla

Alheimsfegurðardrottningin, Unnur Birna Vilhjálmisdóttir, var á leik Brasilíu og Króatíu í gær og sagði að hún færi ekki á stefnumót með David Beckham.

FÓLK 38



Hættulegir kjósendur

„Einhver sagði að kjósendur í nútímaríki hefðu aðeins tvö hlutverk,“ ritar Jón Ormur Halldórsson. „Annað sé að velja stjórnmálamenn og hitt að losa sig við þá. Hvort tveggja er ansi snúið í mörgum löndum og þar á meðal á Íslandi.“

Í DAG 20

Aftur til fortíðar

Bragi Ólafsson og Óskar Árni Óskarsson fagna tutugu ára útgáfuafmæli í ár. Í tilefni þess gefa þeir út sitt kverið hvor.

MENNING 26


Sigur hjá Brasilíu

Heimsmeistarar Brasilíu byrjuðu titilvörn sína með 1-0 sigri á sterku liði Króatíu. Það var hinn marksækni miðjumaður Kaká sem skoraði eina mark leiksins.

ÍPRÓTTIR 35



VEÐRIÐ Í DAG



VOTVIÐRI - Í dag verður suðaustan 5-13 m/s, hvassast sunnan og vestan til. Ríging og síðan skúrir víða um land en úrkomulítið norðaustan og austan til. Hiti 8-14 stig að deginum.

Engin þörf er fyrir varnarlið á Íslandi

Yfirmaður NATO í Bandaríkjunum segir ástæðulaust að hafa herflugvélar á Íslandi, þar sem þær komi að ekki að notum. Geir Haarde segir íslensk stjórnvöld taka undir að allar forsendur séu breyttar.

VARNARMÁL „Það er engin þörf fyrir herafla á Íslandi,“ segir Mark Stanhope aðmírall, sem er næstæðsti yfirmaður herafla NATO í Bandaríkjunum.

Hann segist ekki sjá neina ástæðu til að geyma herflugvélar á Íslandi þar sem þær koma að engum notum. Miklu nær sé að hafa þær til taks þar sem þörf er á þeim og taka þá ákvarðanir um það hverju sinni út frá þörf Atlantshafsbandalagsins í heild.

Hann sagðist ekki vita til þess að Íslandi stafaði nein sérstök hætta af hryðjuverkum, hvað þá af innrás frá öðrum ríkjum. En ef séð yrði fram á þörf á miklum hernaðaraðgerðum á Íslandi af

einhverjum ástæðum þá yrðu viðbragðssveitir NATO komnar til landsins innan fárra daga. Ef þörf væri á enn sneggr viðbrögðum þá væru herbotur nútímans býsna snöggar að komast til Íslands.

„Ef svo færi að aðstæður breyttust þá erum við sveigjanleg. Við getum sent flugvélar aftur til Íslands,“ sagði Stanhope á fundi með íslenskum blaðamönnum í höfuðstöðvum NATO í Norfolk í Bandaríkjunum.

„Þetta er eitt af því sem við erum að tala um,“ sagði Geir Haarde, verðandi forsætisráðherra, í gær þegar þessi ummæli Stanhopes voru borin undir hann.

„Það er nokkuð ljóst að yfir-

stjórn Bandaríkjahers telur að forsendur séu mjög breyttar og við getum tekið undir það að mörgu leyti.“

Hann segir framhald varnarviðræðnanna í undirbúningi bæði hér og í Bandaríkjunum og ýmsa möguleika í stöðunni.

Geir var spurður hvort borist hefðu einhver skilaboð frá Bandaríkjunum um framhald viðræðnanna, hvort bandarísk stjórnvöld telji yfirhöfuð um eitthvað að ræða af þeirra hálfu.

„Já, já, við höfum fengið slík skilaboð. Við höfum fengið skilaboð um hvernig eigi að klára málið.“

- gb/- ghs



EIÐUR SMÁRI Verður hugsanlega kynntur sem nýjasti liðsmaður Spánar- og Evrópu-meistara Barcelona í dag. NORDICPHOTOS/AFP

Eiður Smári til Barcelona:

Skrifar líklega undir í dag

FÓTBOLTI Landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen lenti í gærkvöldi ásamt Arnóri föður sínum í Barcelona til að halda áfram viðræðum við Evrópumeistarana. Chelsea og Barcelona hafa komist að samkomulagi um kaupverðið, sem hljóðar upp á 8,2 milljónir punda.

Eiður Smári gengur hugsanlega frá samningi sínum við Barcelona í dag. Eiður Smári hefur færst neðar í goggunarröðina hjá Englandsmeisturunum eftir kaup þeirra á hverri stórstjörnunni á fætur annarri en hann hefur verið hjá Chelsea í sex ár. Á þeim tíma varð félagið tvisvar Englandsmeistari.

- hph / sjá síðu 34

Hægir á hagkerfum heims:

Hlutabréf féllu um allan heim

VIÐSKIPTI Hlutabréf féllu um allan heim í gær af ótta við frekari vaxtahækkanir sem draga munu úr hagvexti og hagnaði fyrirtækja. Flestar hlutabréfavísitölur heims eru komnar undir það gildi sem þær stóðu í um áramót eftir miklar hækkanir framan af ári.

Úrvalsvísitalan lækkaði um 2,52 prósent í fjögurra milljarða viðskiptum og hefur hún lækkað um meira en fimmtung frá því hún náði hæsta sögulega gildi þann 15. febrúar. Sextán félög lækkuðu, ekkert hækkaði. Bakkavör og Dagsbrún lækkuðu um meira en 4,5 prósent.

Krónan lækkaði um 1,4 prósent og stóð gengisvísitalan í 131 stigi.

- epa / sjá Markaðinn



ALLT EINS OG ÞAÐ Á AÐ VERA Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson gjóar augunum á skiltið fyrir utan skrifstofu borgarstjóra í Ráðhúsi Reykjavíkur og kemst að raun um að rétt er farið með staðreyndir. Vilhjálmur tók við embætti borgarstjóra á fundi borgarstjórnar í gær.

Forseti Íslands bindur miklar vonir við rannsóknir íslenskra vísindamanna:

Þróa byltingarkennda aðferð

VÍSINDI Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Jarðarstofnunar Kólumbíuháskóla um víðtækt samstarf um rannsóknir og kennslu var undirritaður í gær. Með samningnum er verið að formgera samstarf skólanna sem hefur þróast á undanförnum árum. Áhersla verður lögð á verkefni á sviði loftslagsbreytinga.

Eitt þeirra verkefna sem vísindamenn innan vébanda háskólanna hafa unnið að eru rannsóknir á hvort hægt sé að vinna gróðurhúsalofttegundir úr andrúmsloftinu og dæla þeim í fljótandi formi niður í berggrunninn þar sem þær verða að steind vegna efnabreytinga. Talið er að þetta sé tæknilega og efnahagslega mögulegt.

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hefur verið vísindamönnum til fulltingis í þróun verkefnisins. „Jákvæð niðurstaða myndi hafa byltingarkennd áhrif á alla umræðu í veröldinni, efnahagslíf heimsins en umfram allt vistkerfi jarðarinnar og möguleika okkar sem mannkyns. Framlag Íslands, ef vel tekst til, myndi hljóta slíka athygli og styrkja orðspor okkar með þeim hætti að erfitt er að lýsa því með nægilega sterkum orðum.“

Ólafur segir að takist tilraunin þá muni það gjörbylta stöðu mannkyns í glímunni við loftlagsbreytingar. Hægt verði að setja upp stöðvar víða og hreinsa andrúmsloft allra jarðarbúa. - shá / sjá síðu 10



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON Forseti Íslands hefur verið vísindamönnum til fulltingis í þróun verkefnisins.

> Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...

FYLGR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

MARKAÐURINN

MARKAÐURINN

Stanga sett tilbúin í veiðiferðina

IG veiðivörur

Stanga sett tilbúin í veiðiferðina

IG veiðivörur í næstu sportvöruverslun

IG veiðivörur

Stanga sett tilbúin í veiðiferðina

IG veiðivörur í næstu sportvöruverslun



SPURNING DAGSINS

Gísli, verða eigendur myndbandstækja ekki spólandi vitlausir?

„Jú, þetta verður meira DéViDans dæmið ef ekki verður spólað til baka.“

Samtök myndbandaleigna og útgefanda hafa ákveðið að hætta útgáfu nýrra mynda á myndbandsspólum, og skipta alfaríð yfir í DVD-mynddiska. Gísli Tryggvason er talsmaður neytenda.

Innflutningur leyfður á kjöti:

Enn skortur á svínakjöti

INNFLUTNINGUR Skortur er á kjöti og ekki víst að úr rætist þó að landbúnaðarráðuneytið hafi heimilað innflutning á tæplega 320 þúsund kílóum af kjöti.

Flutt verða inn 95 þúsund kíló af nautakjöti á meðalverðinu 382 krónur kílóíð, 64 þúsund kíló af svínakjöti á meðalverðinu 306 krónur kílóíð, 59 þúsund kíló af alifuglakjöti á 719 krónur kílóíð og 6.000 kíló af öðru kjöti á 286 krónur kílóíð.

Leifur Þórsson, framkvæmdastjóri Ferskra kjötvara, segir gríðarlega skort hafa verið á nautakjöti og svínakjöti síðustu mánuði. „Því miður hefur verið á kvóta hækkað stórlega undanfarin ár. Menn hafa boðið hærri og hærri til að tryggja sér kvótann,“ segir Lárus Óskars-son, framkvæmdastjóri Aðfanga.

Ekki náðist í Guðna Ágústsson landbúnaðarráðherra.

- ghs

Dæmdur fyrir líkamsárásir:

Braut rifbein, borð og rúðu

DÓMSMÁL Karlmaður á sextugsaldrí var á mánudag dæmdur í tveggja mánaða fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands fyrir líkamsárásir og eignaspjöll, skilorðsbundið til tveggja ára.

Maðurinn var dæmdur fyrir að hafa ráðist á konu sem hann var í sambandi við, tekið hana hálstaki og hent henni utan í vegg. Hún rifbrotnað en maðurinn var einnig dæmdur fyrir að rifbrjóta systur konunnar sem skarst í leikinn. Honum er gert að greiða systurinni 135.000 krónur í bætur.

- sh

RÍKISSTJÓRNIN

Síðasti fundur Ákveðið var á ríkisstjórnarfund í gærmorgun að síðasti ríkisstjórnarfundur Halldórs Ásgrímssonar, fráfarandi forsætisráðherra, verði haldinn í Ráðherrabústaðnum á morgun.

Samkeppniseftirlitið gerði húsleit hjá Visa Ísland í gærmorgun:

Telur upptökin hjá samkeppnisaðila

SAMKEPPNISMÁL „Mér fannst ég vera staddur í ríki sem hefði eitt-hvað annað réttarfar en við,“ sagði Halldór Guðbjarnarson, forstjóri Visa Ísland um húsleit sem Samkeppniseftirlitið gerði hjá fyrirtækinu í gærmorgun samkvæmt dómsúrskurði. Var fulltrúum eftirlitsins heimilt að taka öll gögn sem þeim þóknaðist og afrit af tölvugögnum að sögn Halldórs. „Við fáum ekkert að sjá hvað er lagt fram,“ sagði Halldór og bætti við að sá sem hefði lagt einhverjar upplýsingar fram hefði gert það undir nafnleynd.

Halldór sagði Visa Ísland hafa verið í samkeppni á markaði fyrir



HALLDÓR GUÐBJARNARSON FRAMKVÆMDASTJÓRI VISA ÍSLAND Segist ekki vita hvaða röksemdir hafa legið til grundvallar húsleitarheimildinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

kortafærslur frá kaupmönnum við danska fyrirtækið PBS seinustu þrjú árin. „Af því sem að lýtur að lýsingu dómarans þá er svo að sjá að þetta mál eigi einhver upptök

úr þeirri átt. Við erum sakaðir um að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu okkar á þessum færsluhirðingarmarkaði. Hvernig, hef ég ekki hugmynd um.“ Halldór segir

Hefur efasemdir um getu Seðlabankans

Gylfi Zoëga, prófessor í þjóðhagfræði, telur að ríkisstjórnin hafi ekki sinnt hagstjórninni nægilega vel. Seðlabankinn hafi staðið einn í baráttunni. Hætta sé á að hann hafi misst trúverðugleika og hafi lítil áhrif á ákvörðun gengis.

EFNAHAGSMÁL Vextir munu hækka á heimsmarkaði á næstu mánuðum og búast má við aukinni verðbólgu. Verð hlutabréfa mun líklega lækka, jafnt hér sem erlendis. Slík þróun mun auka þrýsting á krónuna og gera hagstjórn hér erfiðari. Þetta er mat Gylfa Zoëga, prófessors í þjóðhagfræði við Háskóla Íslands.

Gylfi telur að ríkisstjórnin hafi ekki sinnt hagstjórninni nægilega vel undanfarin ár þó að hagkerfið hafi verið markaðsvætt og markaðurinn eflst á kostnað stjórn-málanna. Árangurinn hafi ekki látið á sér standa. En markaðs-væddu hagkerfi fylgi alltaf hagsveiflur og sumar þeirra séu dýpri en aðrar. „Svo virðist sem stjórn-málamennirnir hafi gleymt að breyta sjálfum sér,“ segir Gylfi og telur að stjórnvöld verði að huga að hagstjórn þar sem meiri virðing er borin fyrir lögmálum markaðshagkerfis ef vel eigi að takast.

„Þegar búið er að hleypa markaðsöflunum lausum þá verður að sýna þeim tilhlýðilega virðingu. Það sem virðist hafa gleymst undanfarin misseri er sú staðreynd að framleiðslugeta þjóðar er takmörkuð og þegar eftirspurn verður meiri en framleiðslugetan þá fer verðbólga af stað. Seðlabankinn hefur staðið einn í baráttunni við verðbólguna,“ segir hann.

Gylfi telur að Seðlabankinn hafi með vaxtaákvörðunum sínum beint innlendri eftirspurn til útlanda. Það komi fram í gríðarlegum viðskiptahalla. „En hallinn hefur verið svo mikill, gengið svo hátt að efasemdir hafa vaknað um



VIRKJANAFRAMKVÆMDIR FYRIR AUSTAN Framkvæmdir fyrir austan fela í sér svo stórtækt inngríp í efnahagslífið að fjármunamyndun sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hefur hækkað úr 19,9 prósentum 2003 í 28,7 prósent 2005, eða um níu prósent. Gylfi bendir á að útgjöld Bandaríkjanna til hermála hafi náð níu prósentum á hápunkti stríðsins í Víetnam.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



GYLFI ZOËGA

getu hans til þess að standa sig í þessu hlutverki,“ segir Gylfi og telur erfitt að tala verðbólgu niður ef ekki er samfara gripidi til ráðstafana til þess að minnka eftirspurn.

„Slíkt viðbrögð hefðu í vetur falið í sér að Seðlabankinn hefði hækkað vexti fyrr og meira til þess að verja gengið, viðskiptabankar hefðu verið beittir þrýst-

ingi til þess að draga úr útlánum og ríkisstjórnin hefði hækkað tekjuskatta tímabundið til þess að slá á einkaneytslu. En nú er hætta á að Seðlabankinn hafi misst trúverðugleika og hafi lítil áhrif á ákvörðun gengis,“ segir hann.

„Einungis með því að samhæfa fjármálastjórn ríkisins, peningamálastjórn Seðlabankans og samráð við aðila vinnumarkaðarins er unnt að koma í veg fyrir gengishrap og verðbólga stefni fjárhag skuldsettra heimila og fyrirtækja í voða og þar með stöðugleika fjármálakerfisins.“

ghs@frettabladid.is



BUSH OG ROVE Rove þykir hafa lagt drögin að kosningasigrí Bush 2004.

„Heilinn hans Bush“ sleppur:

Karl Rove ekki ákærður

BANDARÍKIN, AP Einn helsti ráðunatur Hvíta hússins, Karl Rove, fékk í fyrradag að vita að ekki verða lagðar fram ákæður gegn honum vegna aðildar hans að leka á nafni leyniþjónustumanns. Fyrrverandi starfsmannastjóri Dick Cheney varaforseta, Lewis Libby, hefur verið ákærður vegna málsins.

Nokkrir hátt settir starfsmenn Hvíta hússins voru sakaðir um að hafa lekið nafni njósnarans Valerie Plame í hefndarskyni vegna gagnrýni eiginmanns hennar á aðgerðir Bandaríkjanna í Írak. Demókratar fagna ekki málalýktun, en Rove hefur verið kallaður

Vatnavextir í Norðurá:

Veðimenn hætt komnir

VEIÐI Vatnsmagn í Norðurá í Borgarfirði hefur sveiflast undanfarna daga og var yfirborðið á tímabili tveimur metrum hærra en þegar það var sem lægst í maí. Svo hörð var áin í fyrradag að hún hreif með sér bát með fjórum veiðimönnum niður foss, en betur fór en á horfðist og sluppu mennirnir ómeiddir.

Gunnar Jónsson veiðivörður segir vatnavexti sem þessa ekki óalgenga yfir sumarið og áhrif þeirra ekki mikil á veiðina. Um hádegisbil í gær var áin komin í samt lag aftur.

- sps

Vinna við breytingar á Íbúðalánasjóði er í farvegi og lýkur á þessu ári:

Unnið samkvæmt álitsgerð

STJÓRNMÁL Jón Kristjánsson, fráfarandi félagsmálaráðherra, segir vinnu við breytingar á Íbúðalánasjóði vera vel á veg komna en líklegt má telja að breytingarnar nái fram að ganga á þessu ári.

„Það er verið að fara yfir álitsgerð starfshóps um breytingar á Íbúðalánasjóði og sú vinna er í farvegi. Það er stefnt að því að ljúka vinnunni sem fyrst en það kemur í hlut nýs ráðherra að leiða breytingarnar til lykta,“ sagði Jón að loknum ríkisstjórnarfund í gær en þetta var hans næst síðasti fundur í ríkisstjórn, þar sem hann hefur ákveðið að draga sig út úr stjórn-málum eftir langan feril sem stjórn-málamaður. Magnús Stefánsson tekur við embætti félagsmálaráðherra.

Tillögur starfshópsins gera ráð fyrir því að Íbúðalánasjóði verði breytt í eins konar heildsölubanka



REYKJAVÍK Félagsmálaráðherra segir vinnu við breytingar á Íbúðalánasjóði ganga vel og vonast eftir niðurstöðu áður en árið er liðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

sem láni fé til banka og sparisjóða, sem sjá um að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki vegna húsnæðis-kaupa.

Forsvarsmenn banka og sparisjóða hafi lengi vonast eftir því að breytingar verði gerðar á Íbúða-

lánasjóði, með það fyrir augum að samkeppnisstaða lánastofnana gagnvart Íbúðalánasjóði verði bætt. Fulltrúar banka og sparisjóða komu að vinnu við gerð tillagna um breytingar á Íbúðalánasjóði.

BÍLL DAGSINS

NISSAN TERRANO II SR 29"

Nýskr 06.99 - Beinskiptur - Ekinn 135 þús km. - Allt að 100% lán.



Verð
1.040.000,-

50.000kr.

af bensini fylgja öllum notuðum bílum



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.

ESSO er 60 ára í dag!

AFMÆLISTILBOÐ
-16 kr.
af þjónustuverði*

Við eigum 60 ára afmæli í dag og erum því í sannkölluðu hátíðarskapi. Í tilefni dagsins ætlum við að bjóða landsmönnum 16 kr. afslátt af hverjum keyptum lítra af eldsneyti í allan dag. Hlökkum til að sjá þig!

*Afmælistilboðið miðast við þjónustuverð en í sjálfsafgreiðslu er algengasti afslátturinn 11 kr. Sama verð á öllum stöðvum ESSO.





LYFJA
- Lifið heil

+ ACIDOPHILUS OG DETOX TVENNUTILBOÐ



+ Þú kaupir eitt glas af **Vega Champignon** og færð eitt glas af **Vega Acidophilus Bifidus Complex** í kaupbæti. **Champignon + FOS og Spirulina** inniheldur mikið af æskilegum vítáminum og næringarefnum, léttir undir með hreinsunarferli líkamans, hefur jákvæð áhrif á þarmaflóruna og dregur úr líkamslykt. **Acidophilus Bifidus Complex + FOS** hjálpar til að viðhalda góðri meltingarflóru - tilvalinn ferðafélagi.

Garðatorgi · Grindavík · Keflavík · Lágmúla · Laugavegi · Setbergi · Smáralind · Smáratongi · Spönginni · Egilstöðum · Höfn · Fáskrúðsfirði · Seyðisfirði · Neskaupsstað · Eskifirði · Reyðarfirði · Ísafirði · Bolungarvík · Patreksfirði · Borgarnesi · Grundarfirði · Stykkishólmi · Búðardal · Húsavík · Kópaskeri · Raufarhöfn · Þórshöfn · Sauðárkrúki · Blönduósi · Hvammstanga · Skagaströnd · Selfossi · Laugarási

Hillary Clinton gagnrýnd:

Á móti brottför hersins frá Írak

BANDARÍKIN, AP Öldungadeildarþingkonan Hillary Clinton var gagnrýnd harkalega í gær af friðarsinum eftir að hún lagðist gegn því að ákveðin yrði dagsetning fyrir brottför bandaríska hersins frá Írak. Í ræðu sinni hvatti hún demókrata til að vinna sigur í þingkosningunum í nóvember.

„Mér finnst ekki gáfulegt að forsetinn haldi áfram án tíamárka, það setur ekki nægan þrýsting á nýju írösku ríkisstjórnina,“ sagði Hillary. „Það er ekki heldur gáfulegt að velja ákveðin tímamörk. Þessi ríkisstjórn hefur gert heiminn hættulegri en hann átti að vera.“

- SGI

SÆLIR Á TÍMAMÓTUM Vilhjálmur P. Vilhjálmsson borgarstjóri og Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, brostu breitt við meirihlutaskiptin í Reykjavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þegar hefur verið ákveðið að færa samgöngumál undir umhverfisráð sem mun eftirlæis heita samgöngu- og umhverfisráð. Forræði samgöngumála hafa að undanförnu verið á höndum þriggja ráða; framkvæmdaráðs, skipulagsráðs og umhverfisráðs. Þá verða málefni leikskólanna klofin úr úr menntaráði og færð undir sérstakt ráð; leikskólaráð. Aukinheldur hefur verkswið jafnréttisnefndar verið útvíkkað og henni breytt í mannréttindaneftnd.

Í ræðu sinni á borgarstjórnarfundinum þakkaði Vilhjálmur það mikla traust sem honum er sýnt með kosningu í embætti og sagði hann gæra sér afar góða grein fyrir hve mikil ábyrgð fylgir starf-

inu. Kvaðst hann ætla að kappkosta að sinna því af kostgæfni og alúð og leggja áherslu á gott samstarf við alla borgarfulltrúa og starfsmenn borgarinnar. „Ég ætla mér að vera borgarstjóri allra Reykvíkinga og þjóna borgarbúum á skilvirkan hátt með kurteisni og tillitsemi að leiðarljósi,“ sagði Vilhjálmur. Undir lok máls sins þakkaði hann, fyrir hönd borgarbúa, Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, fráfarandi borgarstjóra, fyrir vel unnin störf í þágu borgarbúa. Sagði hann samstarf þeirra hafa verið á heiðarlegum grunni byggt og mæti hann það mikils. Óskaði hann Steinunni og fjölskyldu hennar heilla í lífi og starfi í framtíðinni.

björn@frettabladid.is

Alicante	27°C hálfskýjað
Mallorca	21°C alskýjað
Algarve	24°C skúrir
Krít	23°C heiðskírt
Las Palmas	23°C heiðskírt

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



ÁSTIN ER ÓKEYPIS! SMS OG MMS KOSTA AÐEINS 5 KR. UM HELGAR

SMS & MMS
5 KR*
ALLAR HELGAR Í SUMAR

ENNEAM / SIA / NM22229



SONY ERICSSON W810i

35.980 kr.

Æðislegur tónlistarsími með frábærri myndavél fyrir sumarfilinginn.



SONY ERICSSON Z530i

17.980 kr.

Þessi uppfyllir allar þarfir þínar í sumar – með spilara, tölvutengingu og myndavél.



SONY ERICSSON Z300i

10.980 kr.

Litill og krúttlegur skjaldböku-sími sem þjónar þér vel á sumarferðalögnum.

Nánari upplýsingar á siminn.is eða á næsta sölustað Símans.



KJÖRKASSINN

Munu Íslendingar sigra Svía í handbolta í heimaleiknum?

Já	82,6%
Nei	17,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Viltu að Íslendingar hefji hvalveiðar á ný?

Segðu þína skoðun á [visir.is](#)

visir

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldsvoði Eldur kom upp í íbúðarhúsi á Höfn í Hornafirði um hádegisbil í gær. Íbúar hússins komust út af sjálfsdáðum. Slökkvilið náði fljótt að slökkva eldinn sem talinn er hafa kviknað út frá loftljósi.

ÚKRAÍNA

NATO mótmælt Stefnu Úkraínu um Nató-aðild hefur verið harðlega mótmælt á Krímskaga, en yfirvöld segjast ekki muna hvika frá stefnunni.

Henný Hinz, verkefnisstjóri Verðlagseftirlits ASÍ, um ástæður verðbólgunnar:

Kaupmenn tala um kjötskort

EFNAHAGSMÁL Matvörukarfan verður stöðugt dýrari. Þetta kemur fram í verðbólguælingu Hagstofunnar sem kynnt var í gær. Verðbólgan er nú átta prósent og er það fyrst og fremst vegna þess að viðhald á eigin húsnæði er dýrara og svo hefur verð á mat- og drykkjarvörum hækkað verulega.

Henný Hinz, verkefnisstjóri Verðlagseftirlits ASÍ, segir að verð á allri matvöru hafi hækkað. Grænmetið og ávextirnir hafa þó hækkað meira en aðrar vörur, eða um 11 prósent milli mánaða, en verð á þessum vörum sveiflast meira eftir árstíma en verð á öðrum vörum.



STÓRMARKAÐUR Verkefnisstjóri ASÍ segir verð á allri matvöru hafa hækkað.

Miklar verðhækkanir hafa einnig verið á kjöti. Henný segir að kaupmenn tali mikið um kjötskort, ekki sé nóg af kjöti á markaðnum og það sé ein af skýringunum á hærri kjötverði. Nautakjöt, svínakjöt og lambakjöt hafi hækkað um 14-17 prósent síðustu tólf

mánuði en fuglakjöt aðeins um þrjú prósent.

Verð á eigin húsnæði hækkaði um tæplega eitt prósent milli mánaða maí og júní, mest vegna hærri markaðsverðs og vaxtahækkana. Verð á bensíni og díselolíu lækkaði um 2,4 prósent.

- ghs

Blautur þjóðhátíðardagur:

Rok og rigning í Reykjavík

VEÐUR Veðurhorfur eru ekki góðar fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins næstu vikuna. Samkvæmt veðurstofu byrjar að rigna á þá í dag og verður bleyta og rok fram yfir helgi. Ástæðan er lægð sem er að ganga yfir landið í kjölfar hæðarhryggs, en henni fylgja skýja-svæði sem orsaka rigninguna.

Íbúar annars staðar á landinu mega búast við rigningu í dag en hann á svo að halda þurr það sem eftir er vikunar.

Það lítur því út fyrir að margir landsmenn þurfi að taka með sér regnhlíf á 17. júní hátíðarhöldin næstkomandi laugardag.

- sps

BJÖRGUN

Þjörgunarsveitarmenn Landsbjargar voru í fyrradag sendir til að aðstoða tvo menn sem voru hætt komnir vegna brims við Seley í Reyðarfirði. Mennina sakaði ekki, en þeir voru að huga að æðarvarpi þegar veðrið versnaði skyndilega.

ÍRLAND

Andlát Charles Haughey, sem var forsætisráðherra Írlands í fjögur kjörtímabil, lést í gær, áttæður að aldri.

Stefnt að sátt um samninga í vikunni

Halldór Ásgrímsson vonast til þess að samkomulag náist um kjarasamninga fyrir vikulok. Ríkisstjórnin hafnaði kröfum Alþýðusambandsins um nýtt skattþrep og breytingar á eftirlaunakerfi æðstu embættismanna um helgina.

STJÓRN MÁL Halldór Ásgrímsson, fráfarandi forsætisráðherra, vonast til þess að samkomulag náist við fulltrúa verkalyðshreyfingarinnar og Samtaka atvinnulífsins um gerð kjarasamninga í þessari viku. „Ég hef átt góðar viðræður við fulltrúa verkalyðshreyfingarinnar og Samtaka atvinnulífsins að undanförunu. Ég vonast til þess að þeirri vinnu geti lokið í þessari viku, þar sem mikilvægt er að eyða óvissu um þessi mál sem fyrst,“ sagði Halldór að loknum næst síðasta ríkisstjórnarfundinum sem hann stýrir, í stjórnarráðshúsinu í gær.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu um síðastliðna helgi áttu Geir H. Haarde og Halldór fund með forystu Alþýðusambandsins í hádeginu síðastliðinn föstudag þar sem línur voru lagðar fyrir áframhald á viðræðunum.

Fulltrúar vinnumarkaðarins hafa lýst yfir áhyggjum sínum á verðbólgunni hér á landi að undanförunu en ekki ríkir einhugur um það hvernig er best að vinna gegn henni.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær, hafnaði ríkisstjórnin kröfu Alþýðusambandsins um að koma á fót nýju, lægra skattþrepi fyrir láglaunafólk og þá var hún heldur ekki tilbúin til þess að færa lífeyrisréttindi ráðherra, þingmanna og æðstu embættismanna í sama horf og hjá öðrum þjóðfélagsþópum.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, segir það vera mikil vonbrigði



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON RÆÐIR VIÐ FRÉTTAMENN Halldór vonast til þess að samkomulag náist um kjarasamningana í þessari viku en Halldór lagði áherslu á það í máli sínu að það væri mikilvægt að ná fram niðurstöðu í málinu sem fyrst.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

að ríkisstjórnin hafi ekki verið tilbúin til þess að verða við þessum kröfum. „Staðan í þessu máli er óljós og það er alveg ljóst að okkur greinir á við ríkisstjórnina um hvernig best sé að háttá málum,“ og sagði ljóst að það væri ágreiningur um það hvort skynsamlegt væri að hafa meira en eitt skattþrep. „Við teljum að það sé nauðsynlegt að gera breytingar á skatt-

kerfinu með það fyrir augum að bæta stöðu hinna lægst launuðu. Við núverandi verðbólguþöðu er nauðsynlegt að taka skynsamlega á þessum málum.“

Síðasti fundur ríkisstjórnar undir forystu Halldórs Ásgrímssonar fer fram á fimmtudaginn en viðræðum um kjarasamninga verður fram haldið út vikuna.

[magnush@frettabladid.is](#)

Njörður P. Njarðvík, Práinn Bertelsson og Össur Skarphéðinsson:

Horfðu á sína menn frá Tógó

KNATTSPYRNA Helstu forkólfar samtakanna Spes á Íslandi, þeir Njörður P. Njarðvík prófessor, Práinn Bertelsson rithöfundur og Össur Skarphéðinsson alþingismaður horfðu saman á landslið Tógó leika fyrsta leik sinn á heimsmeistaramóti í knattspyrnu í gær. Fylgdust þeir með viðureign Tógó og Suður-Kóreu á breiðtjaldi á Glaumbar.

Stefna Spes er að koma upp og reka heimili fyrir munaðarlaus börn í þróunarlöndunum og hyllir nú undir að fyrsta Spes-þorpið risi í Lómo í Tógó.

Premeningarnir voru vitaskuld ánægðir og stoltir þegar flautað var til leiks en þátttaka Tógó í keppninni markar viss kaflaskil í sögu þessarar hrjáðu Afríkubjóðar. Og þegar Tógó komst yfir á 31. mínútu leiksins hoppuðu þeir hæð sína í loft upp af gleði og trúðu vart eigin augum. Í síðari hálfleik sóttu Suður-Kóreu-



FYLGDUST SPENNTIR MEÐ Práinn Bertelsson, Össur Skarphéðinsson og Njörður P. Njarðvík komu saman á Glaumbar til að fylgjast með leik Tógó og Suður-Kóreu á HM.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

menn í sig veðrið og áður en yfir lauk höfðu þeir skorað tvö mörk. Tógó beið því lægri hlut í sínum fyrsta leik í lokakeppni HM í

knattspyrnu en leikmenn gengu engu að síður hnarrreistir af velli, líkt og Njörður, Práinn og Össur.

- bps

50 HM LEIKIR Í BEINNI!

STAFRÆNT SJÓNVARP

Sérstyrktur diskur fyrir íslenskt veðurfar
Leikir í beinni - [www.svar.is/dagskra](#)

YFIR 100 ÓKEYPIS RÁSIR

19.900-

WWW.SVAR.IS
SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

svar.) *tækni*



Félagar í Vildarþjónustu fá 50% afslátt hjá Flugfélagi Íslands

Skoðaðu sumartilboð Vildarþjónustu Sparisjóðsins á [spar.is](#)

FILED/SÍA



SPARISJÓÐURINN

Vildarþjónusta

FERÐA **FRELSI**

Taktu Frelsið með í ferðina.

Ferðafrelsið virkar alveg eins og
Frelsið þitt hér heima!

Símtölin eru gjaldfærð samstundis og því færðu enga bakreikninga eftir heimkomuna.
Núna þarftu ekki að skrá þig sérstaklega í Ferðafrelsi Og Vodafone og þú getur notað það í flestum löndum.
Kynntu þér málið á ogvodafone.is áður en þú leggur af stað.

Góða ferð.

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, komdu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.



Heyrumst!



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heitir nýr umhverfisráðherra?
- 2 Hvaða írski knattspyrnumaður hyggst leggja skóna á hilluna?
- 3 Hvað heitir fyrverandi eiginkona Pauls McCartney?

SVÖR Á BLS. 38

Mikael Már Pálsson dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir innflutning á amfetamíni:

Þagði um félagana vegna ótta

DÓMSMÁL Maður á þrítugsaldri, Mikael Már Pálsson, var í gær dæmdur í fjögurra ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir stórfelld fíkniefnabrot og fleiri afbrot. Hann reyndi að smygla inn rúmlega 3,7 kílóum af hreinu amfetamíni og átti aðild að tilraun til smygls á 423 grömmum af kókaín.

Mikael Már var stöðvaður í Leifsstöð við heimkomu frá Frakklandi í febrúar þegar fíkniefnahundur benti á hann. Í baki ferðatösku hans fundust flatar pakkningar, sem innihéldu rúm 3,7 kíló af amfetamíni. Efnid var greint og reyndist styrkleiki þess

Sakaferill

Dagsetning	Fangelsisdómur
Maí 2002	6 mánuðir
Apríl 2003	8 mánuðir
Desember 2003	9 mánuðir
Febrúar 2004	18 mánuðir
Apríl 2004	30 dagar
Maí 2004	4 mánuðir
September 2004	2 mánuðir
Júní 2006	4 ár

á bilinu 98-100 prósent, eða hreint amfetamín í duftformi.

Mikael sagðist við yfirheyrslur hafa gert samning við mann á Íslandi um að hann flytti efnin til

Íslands og þá myndu allar skuldir hans, spilaskuldir og fíkniefna-skuldir, verða greiddar upp. Hann vildi ekki segja hver væri eigandi efnanna vegna ótta um eigið líf. Hann játaði sök og sagðist jafnframt ekkert val hafa haft um hvort hann færi eða ekki.

Þá var Mikael Má gefið að sök að hafa fengið tvo unga pilta til að flytja fíkniefni til Íslands frá Amsterdam í Hollandi og falið þeim að útvega einn mann til viðbótar til verksins. Til frádráttar fangelsisvistinni kemur gæsluvarðhald sem Mikael hefur sætt frá 4. febrúar. Hann er nú í geðlyfjameðferð.

- jss

Dómsmál Hannesar og Jóns:

Endurupptöku málsins hafnað

DÓMSMÁL Endurupptökubeiðni Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar vegna dómsmáls Jóns Ólafssonar gegn Hannesi í Englandi var fyrir nokkru hafnað en í dag verður áfrýjun Hannesar vegna úrskurðarins tekin fyrir í breskum dómstóli.

Hannes Hólmsteinnn var dæmdur til þess að greiða Jóni Ólafssyni tólf milljónir króna vegna orða sem hann lét falla um Jón á heimasíðu sinni.

Hannes fór fram á það að máli þeirra hér á landi yrði frestað þangað til niðurstaða fengist um hvort málið yrði endurupptekið í Englandi.

- mh

Ástralska lögreglan:

Tíu ára öku- maður tekinn

ÁSTRALÍA Tveir ástralskir bræður, sex og tíu ára gamlir, voru teknir einir á ferð í bíl á einum fjölfarnasta þjóðvegi Ástralíu á dögnum. Drengirnir ætluðu í óvænta heimsókn til afa síns, sem býr í um hundrað kílómetra fjarlægð frá heimili bræðranna. Fréttavefur breska ríkisútvarpsins greindi frá þessu.

Eldri bróðirinn hafði ekið um tvo þriðju hluta leiðarinnar í sjálfskiptum bíl ömmu sinnar þegar lögreglan stöðvaði þá.

Lögreglan sagði drenginn hafa ekið mun betur en margan annar ökumanninn með réttindi. Hann fékk áminningu og sagðist lögreglan búast við því að fjölskyldan myndi sjá um frekari refsingu.

- smk

Eldur kom upp í gamla Hampiðjuhúsinu:

Kveikt í blaðabunka

LÖGREGLUMÁL Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út að gamla Hampiðjuhúsinu við Brautarholt í fyrrinótt. Þetta er í annað skiptið sem slökkvilið höfuðborgarinnar er kallað út vegna elds í húsinu á rúmum mánuði.

Frá því að starfsemi lagðist af í húsinu hafa heimilislausir haldið þar til. Rafmagn hefur verið tekið af húsinu og vatn sömuleiðis og því bregður fólkið oft á það ráð að kveikja eld til að ylja sér við, oft og tíðum með fyrrgreindum afleiðingum.

Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri forvarnarsviðs slökkviliðsins, segir menn þar á bæ hafa miklar áhyggjur af húsinu. „Þrátt fyrir að það sé lítið í húsinu þá er hellingur í byggingarefnum hússins sjálfs sem getur brunnið og valdið þó



HAMPIÐJUHÚSIÐ Heimilislausir hafa haldið til í húsinu síðan starfsemi lagðist af.

nokkrum eldsvoða,“ segir Bjarni. Húsið er í eigu Fjárfestingafélagsins Vaxtar og segir Hulda Sif Þorsteinsdóttir, talsmaður félagsins, að unnið hafi verið með lögreglu að gera húsið mannhelt en að erfitt sé að halda fólki frá því að komast inn ætli það sér það á annað borð.

Beðið er eftir að nýtt deiliskipulag verði samþykkt fyrir svæðið og þá verður húsið rífið.

- æþe



GEORGE BUSH OG NOURI AL-MALIKÍ Forseti Bandaríkjanna og forsætisráðherra Íraks áttu óvæntan fund í Írak í gær, svo óvæntan reyndar að al-Malíkí vissi ekki af honum fyrr en fimm mínútum áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush kom óvænt til Írak

George Bush Bandaríkjaforseti flaug óvænt til Íraks í gær, en hann hvetur aðrar þjóðir til að standa við gefin loforð um fjárframlög til hernaðarins.

ÍRAK, AP George Bush Bandaríkjaforseti heimsótti Írak óvænt í gær, en Nouri al-Malíkí, forsætisráðherra Íraks, vissi ekki af komu hans fyrr en fimm mínútum áður en þeir höfðu síðan heimastjórn var endurreist í Írak í júní 2004. Í kjölfar skipunar innanríkis- og varnarmálaráðherra telur al-Malíkí tímabært að grípa til aðgerða og munu 75.000 hermenn úr írakska hernum vinna að auknu öryggi í Bagdad og nærsveitum. Aðgerðin mun að sögn taka langan tíma og fela í sér hert útgöngubann, fleiri eftirlitsstaði, vopnabann, húsleitir og aðgerðir gegn uppreisnarmönnum.

Stríðið, sem hefur nú staðið í rúm þrjú ár og kostar um 600 milljarða króna mánaðarlega, var einnig til umræðu hjá bandaríska þinginu. John Kerry, þingmaður demókrata, lagði fram tillögu um að flytja bandaríska herinn úr Írak fyrir lok ársins, en ekki er búist við að hún komist í gegnum þingið, en þar eru repúblikanar í meirihluta. Þingkosningar verða í nóvember og repúblikanar berjast við að auka fylgi við forsetann, en það er í sögulegu lágmarki þessa dagana.

Forsetinn lýsti því einnig yfir að arftaki hryðjuverkamannsins Abu Musab al-Zarqawis yrði eftirlýstur af bandarískum yfirvöldum. Sá er sagður heita Abu Hamzar al-Muhajer, en hann er nær alls óþekktur og hefur ekki verið eftirlýstur hingað til. Hann hefur að sögn sent út tilkynningu

steindor@frettabladid.is

Lukkudýrið Rommel styður Japani á HM:

Færir liðinu gæfu

ÞÝSKALAND, AP Lukkudýr japanska knattspyrnulandsliðsins er kannski krúttlegt, en nafnið á því vekur sannarlega upp spurningar. Þessi tíu ára hundur ber nafnið Rommel, en hann er ekki fyrstur í sögunni til að bera þetta nafn, því nafni hans er þýski nasistaforinginn Erwin Rommel.

Japanska landsliðið telur Rommel færa sér gæfu, en það hafði unnið síðustu átján leiki sína, enda hafði hundurinn verið við-

staddur þá. En velgengnin var úti í fyrradag þegar liðið tapaði 1-3 fyrir Ástralíu í heimsmeistarakeppninni. Rommel er kominn til ára sinna og verður þetta seinasta keppnin hans sem lukkudýr.



HUNDURINN ROMMEL

-sgj

17% júní
afsláttur til 17. júní

Fataskápar fyrir fötin þín,
tilsniðnir eftir máli án aukakostnaðar.

INNVAL

www.innval.is

Hamraborg 1 kópavogi s: 554 4011



Hefurðu fengið orlofsuppbótina greidda?

Þeir sem fá greidd laun skv. kjarasamningi VR og SA eiga rétt á orlofsuppbót að upphæð 16.900 kr. miðað við fullt starf, annars miðað við starfstíma og starfshlutfall á orlofsárinu.

Orlofsuppbótina á að greiða við upphaf orlofstöku og í síðasta lagi 15. ágúst.

Nánar á www.vr.is

Gleðilegt sumar!

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ

VIÐ ÆTLUM AÐ SIGRA Á 17. JÚNÍ!



STÓRA STUNDIN ER RUNNIN UPP

Laugardalshöllin á eftir að nötra þegar við hverjum strákana okkar áfram í baráttunni gegn Svíum, laugardaginn 17. júní kl. 17.15.

Mætum öll og sigrum! Áfram Ísland!

+ Miðasala á www.icelandair.is.

ICELANDAIR – DYGGUR STUÐNINGSAÐILI
ÍSLENSKA LANDSLÍÐSINS Í HANDKNATTLEIK.



WWW.ICELANDAIR.IS



ÁFRAM GAKK! Viðhafnarverðir forseta Rússlands gengu fylktu liði við orðuveitingu í Moskvu á mánudag, í tilefni þjóðhátiðardags Rússlands.

FRÉTTABLAÐID/AP

Lögmaður Tómasar Zoëga sendir forstjóra Landspítala-háskólasjúkrahúss erindi:

Þrýst á endurkomu Tómasar

DÓMSMÁL Lögmaður Tómasar Zoëga lækni hefur sent forstjóra Landspítalans erindi þar sem óskað er eftir því að haft verði samráð við lækningaforstjóra spítalans um það hvenær Tómas taki aftur við starfi yfirlækni geðsviðs. Þá er áréttað að hann muni krefjast miskabóta vegna ólögmetisins.

Þetta er gert í framhaldi af dómi Hæstaréttar, sem dæmdi að tilfærsla Tómasar úr starfi yfirlækni í stöðu sérfræðilækni hefði verið ólögmat. Hæstiréttur staðfesti ekki dóm undirréttar sem ógilti þessa ákvörðun yfirstjórnar spítalans.



TÓMAS ZOËGA Í bréfi sem lögmaður Tómasar hefur sent Landspítalanum segir að hann muni krefjast miskabóta.

„Ef lögmaður spítalans talaði í umboði yfirstjórnar spítalans fyrir helgina þá má búast við því

að þeir tilkynni að þrátt fyrir ólögmati ákvörðunarinnar ætli þeir að halda henni til streitu og þar með eru þeir að framkalla milljóna eða tugmilljóna króna skaðabótakröfu sem við hin eigum að borga,“ segir Karl Axelsson hrl., lögmaður Tómasar. Hann bætir við að Tómas fái miskabætur hvað sem öðru líði, því búið sé að gera ólögmeta hluti gagnvart honum.

„En þær hækka ef á svo að neita að leiðrétta óréttlætið gagnvart honum núna.“

Ekki náðist í Magnús Pétursson forstjóra LSH sem staddur er erlendis.

-jss

Grunaður um fíkniefnasmygl:

Lithái áfram í gæsluvarðhaldi

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhald til 21. júní yfir Litháa sem grunaður er um aðild að innflutningi á tæpum tveimur lítrum af amfetamíni í vökvaformi, en það nægir til að framleiða rúm 13 kíló af amfetamíni í duftformi. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi manninn í gæsluvarðhald á föstudag en úrskurðurinn var kærður.

Annar litháískur maður var handtekinn í febrúar með efnin í fórum sínum, en maðurinn sem nú hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald er grunaður um að hafa átt að taka við efnunum.

-sh

VIÐ TJÖLDUM ÞVÍ BESTA

Colorado 600
6 manna tjald
6,76m fortjald
Hámarkshæð 210cm
Eldvarin dúkur
3000mm vatnsheldni
Þyngd 18kg
Tilboð
39.995

Spirit 200
2 manna göngutjald
3000mm vatnsheldni í himni
5000mm vatnsheldni í botni
Mjög gott rými í fortjaldi til eldunar og fyrir farangur
Þyngd 2,35kg
48.995

Venture 500
5 manna tjald
3,5m fortjald
Hámarkshæð 190cm
Eldvarin dúkur
2000mm vatnsheldni
Þyngd 12,5kg
22.995

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

YFIR 20 GJAFUR AF TJÖLDUM KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ



FRÁ UNDIRRITUN Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Jeffrey D. Sachs við undirritunina í gær.

FRÉTTABLAÐID/HEIDA

Mikilvægur áfangi fyrir Háskóla Íslands

Háskóli Íslands gerði í gær samkomulag við Jarðarstofnun hins bandaríska Kólumbíuháskóla um fjölþætt samstarf. Áhersla verður lögð á rannsóknir á sviði loftslagsbreytinga þar sem íslenskir vísindamenn eru í fararbroddi.

VÍSINDI Háskóli Íslands og Jarðarstofnun Kólumbíuháskóla gengu í gær formlega til samstarfs um rannsóknir og kennslu. Samkomulagið var undirritað af Kristínu Ingólfssdóttur, rektor Háskóla Íslands, og Jeffrey D. Sachs, forstöðumanni Jarðarstofnunarinnar, og er til næstu fimm ára. Samkomulagið var undirritað að Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, viðstöddum. Mest áhersla verður lögð á verkefni á sviði loftslagsbreytinga, sjálfbærar þróunar og tækni til að bregðast við og draga úr loftslagsbreytingum.

Undirritunin var liður í alþjóðlegu samráðsþingi Jarðarstofnunarinnar um loftslagsbreytingar sem sett var í Reykjavík í gær. Þingið sækja rúmlega 150 stjórnendur fjölþjóðlegra stórfyrirtækja,

stofnana og félagasamtaka alls staðar að úr heiminum.

Jeffrey D. Sachs, sem er einn virtasti hagfræðingur heims og ráðgjafi Kofis Annan, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, sagði í ávarpi í tengslum við undirritunina að alþjóðastjórnsmál væru ekki hentugur vettvangur til að leysa vandamál eins og að draga úr loftslagsbreytingum og þróun tækni til að bregðast við þeim. „Við þurfum að mynda nýtt alþjóðlegt tengslanet háskóla og rannsóknastofnana um heim allan í samstarfi við viðskiptasamfélagið,“ sagði Sachs. Ekki síst til að koma fram með nýjar hugmyndir, raunhæfar lausnir og meiri skilning á þeim vanda sem við er að glíma í heiminum í dag.

Samstarf háskólanna bærir að

skoða sem hluta af hinu alþjóðlega tengslaneti sem verði að koma til ef leysa á þann vanda sem mannkyn stendur frammi fyrir. Sachs telur að Íslendingar hafi mjög marga að bjóða heiminum og þá ekki síst á sviði orkumála.

Aðspurð um mikilvægi samkomulagsins í tengslum við stefnu Háskóla Íslands í að komast í hóp fremstu menntastofnana heims, segir Kristín Ingólfssdóttir háskóla- rektor, að samstarfið við Kólumbíuháskóla sé mikilvægt skref í þeirri sókn. Kristín segir að Kólumbíuháskóli sé einn albesti háskóli heims og verði sé að formgera fjölbreytt samstarf sem hefur verið til staðar á milli háskólanna í nokkurn tíma. Nú gefist fleiri tækifæri til samstarfs og fjáröflunar til frekari verkefna.

svavar@frettabladid.is

Shanghai - Reykjavík: 8935 km = 1 TVG

Einfalt mál

TVG-ZIMSEN SÍMI
5 600 700

TVG-Zimsen gerir öll svona reikningsdæmi óþörf. Varan er komin á áfangastað áður en þú færð nokkurn botn í þessi heilabrot. Við bjóðum upp á alhliða flutningaþjónustu á hagstæðu verði. Hvar sem er, hvert sem er, hvenær sem er.

Það er aðeins eitt TVG-Zimsen.

Hafðu samband og fáðu lausn á þínum flutningsmálum.

TVG-Zimsen er traust flutningamiðlun sem byggir hafni sína á sterkum, alþjóðlegum samböndum og úrvalsstarfsfólki um allan heim.

TVG-Zimsen er elsta flutningamiðlun landsins.

TVG-ZIMSEN

SÍÐAN 1894

Sumarblóm
fyrir
þjóðhátíð



Stjúpur

10 stk.

Verð:

399

Stórlækkað verð á sumarblómum



Flauelsblóm

499



Sólboði
4 stk.

999



Hengilobelia

399



Margaríta

4 stk. 999



Frostpölnir útipottar

25% afsl


blómaval
heillandi heimur

Reykjavík - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Kringlan - Smáralind

BUXUR

ANAS

Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði

565 7100

hona hér

lætmjólk í flösku

Drekka

Selormar og hvalormar taka sér bólfestu í iðrum manna:

Fjögur hringormasmit í fólki

HEILBRIGÐISMÁL Á undanförunum tveimur árum hafa greinst fjögur tilfelli af hringormasmiti í mönnum á Tilraunastöð Háskólans að Keldum. Þeir sem smitast hafa eiga það sameiginlegt að hafa borðað hráan eða illa soðinn fisk, að því er segir í Farsóttufréttum Landlæknis.

Fyrstu tveir einstaklingarnir smituðust af því að borða hráan steinbit. Sá þriðji smitaðist af því að borða vanhitaða þorsklifur. Sá fjórði hafði borðað sushi-mat. Líklegt má telja að sjómaður sem át hrá loðnuhrogn hafi smitast árið 2003, en ormurinn, sem fannst í botnlanga hans við skurðaðgerð, var ekki sendur til greiningar.



HRINGORMUR Fólki bregður í brún þegar ormarnir skríða upp í kok eða finnast í hægðum.

Smit af völdum hringorma er sjaldgæft. Þau tilfelli sem hafa

greinst að undanförunu hér á landi eru af völdum selorma. Á heims-vísu er smit af völdum hvalorma þó algengara og geta þeir í stöku tilvikum valdið alvarlegri einkennum frá kvið en selormarnir. Oftast eru þó einkennin væg, en fólki bregður í brún þegar ormarnir skríða upp í kok eða finnast í hægðum enda eru þeir 3-4 sm langir.

Hugsanlega er um að ræða aukningu hér á landi á smiti af völdum hringorma. Kann aukin neysla á hráum fiskafurðum að valda því, en einnig kann aukning á hringormum í lífríki hafsins í kringum landið að skipta máli.

- jss

Fimmtíu hrefnur verða veiddar í ár

Ákveðið hefur verið að veiða 50 hrefnur á þessu ári en ekki 39 eins og í fyrra. Skynsamlegt að flyta rannsóknunum, segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra. Markmiðið er að kanna hlutverk hrefnu í vistkerfinu við landið.

HVALVEIÐAR Ákveðið hefur verið að gefa út leyfi fyrir því að veiða 50 hrefnur í vísindaskyni á þessu ári. Eftir að veiðunum lýkur verður búið að veiða 150 hrefnur af þeim 200 sem hvalrannsóknáætlun Hafrannsóknastofnunarinnar gerði ráð fyrir.

Áætlunin var lögð fyrir vísindanefnd Alþjóða hvalveiðiráðsins árið 2003, í samræmi við reglur ráðsins. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir veiðum á 200 langreyðum, 100 sandreyðum og 200 hrefnum á rannsóknatímabilinu. Ekki hefur enn verið ákveðið hvenær hefja á framkvæmd langreyðar- og sandreyðarhluta áætlunarinnar.

Hrefnuveiðarnar hófust sumarið 2003 en þær eru í samræmi við stofnsamning Alþjóða hvalveiðiráðsins.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segist hafa ákveðið að skynsamlegt væri að ljúka rannsóknunum á tveimur árum. „Ég taldi einboðið að stækka skammtinn úr 39 í 50 hrefnur á þessu ári til þess að ljúka rannsóknunum á skemmri tíma en annars hefði verið. Það hefur komið í ljós, þvert á það sem sumir héldu fram, að veiðarnar hafa haft mikið



HVALVEIÐAR VIÐ ÍSLAND Einar K. Guðfinnsson segir mikinn áhuga vera á því hjá sjómönnum við Ísland að hefja hvalveiðir á atvinnuskyni. Það viðhorf hefur þó mætt nokkrum andbyr á meðal forsvarsmanna í ferðapjónustunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

rannsóknarlegt gildi sem á eftir að nýtast okkur vel.“

Í fréttatilkynningu sem Sjávarútvegsráðuneytið sendi frá sér í gær segir að vísbendingar séu um að stærð hrefnustofnsins geti haft veruleg áhrif á afrakstursgetu nytjafiska, meðal annars þorsks, en óvissa er um hversu mikil áhrifin eru, einkum vegna skorts á gögnum um fæðusamsetningu hrefnu hér við land.

Markmið rannsókna Hafrannsóknastofnunarinnar er að kanna betur hlutverk hrefnu í vistkerfi hafsins í kringum landið.

Stefán Ásmundsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu og formaður íslensku sendinefnd

arinnar í Alþjóða hvalveiðiráðinu, segir skammtinn sem ákveðið hefur verið að veiða á þessu ári vera í samræmi við markmið sem ráðuneytið hefur sett.

Hann segir viðbúið að veiðunum verði mótmælt á fundi Alþjóða hvalveiðiráðsins. „Það má búast við því að veiðum okkar verði mótmælt. Andstaðan við veiðarnar hefur þó aðallega beinst gegn veiðum Japana, enda þær í talsvert mikið meira magni en hjá öðrum þjóðum. En það er útlit fyrir að þjóðir sem styðja hvalveiðar nái hugsanlega meirihluta á næstunni, í fyrsta skipti í meira en tuttugu ár.“

magnush@frettabladid.is

HR brautskráir nemendur:

274 nemendur brautskráðir

MENTUN Háskólinn í Reykjavík brautskráði 274 nemendur síðastliðinn laugardag. Nemendurnir voru af átján brautum og úr þremur deildum. Úr lagadeild útskrifuðust 53 nemendur, úr viðskiptadeild 119 nemendur, 78 nemendur útskrifuðust úr tækni- og verkfræðideild og 24 voru brautskráðir af frumgreinasviði.

Elstu nemendurnir sem útskrifuðust voru tvær 56 ára konur með BSc-próf í lífeindafræði en sá yngsti sem útskrifaðist með þriggja ára háskólagráðu er 22 ára og útskrifaðist hann með BS próf í viðskiptafræði. Nemendur skólans eru úr 27 sveitarfélögum, flestir úr Reykjavík.

-hs



Í BYSSUBÚÐ Svona rífla má fá í verslunum víðs vegar um Bandaríkin. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

NORDICPHOTOS/APP

Launsátur í Nevada:

Leyniskyttur skýtur dómara

NEVADA, AP Dómari í borginni Reno í Nevada Bandaríkjanna var skotinn úr launsátri síðastliðinn mánudag. Dómarinn stóð við glugga á skrifstofu sinni, sem er á þriðju hæð í skrifstofubýggingu, þegar hann var skotinn í brjóstið. Hann var fluttur á spítala og ástand hans talið alvarlegt en var hann þó með meðvitund.

Lögreglan leitar nú að leyniskyttunni, en líklegt þykir að ódæðið tengist manni sem stóð í skilnaðarmáli sem dómarinn hafði til meðferðar.

- kóp

Héraðsdómur Reykjaness:

Man ekki eftir að vera sviptur

DÓMSMÁL Maður var dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að aka bifreið án ökuréttinda og undir áhrifum róandi lyfja í tvígang. Maðurinn hafði verið sviptur ökuréttindum ávilangt en var gripinn við að aka bifreið tvo daga í röð í ágústmánuði í fyrra. Hann bar við minnisleysi vegna heilablóðfalls.

Honum er gert að sæta fangelsi í þrjá mánuði og borga um 150 þúsund króna sekt.

- æpe

NÝTT HÁSKÓLASJÚKRAHÚS við Hringbraut

Opinn fundur um undirbúning og stöðu deiliskipulags

Framkvæmdanefnd um byggingu nýs Landspítala - háskólasjúkrahúss og skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur efna til kynningar- og umræðufundar um undirbúning og stöðu deiliskipulags nýs Háskólasjúkrahúss við Hringbraut á morgun, fimmtudaginn 15. júní.

Fundurinn er í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur og stendur frá kl. 17:30 til 19:00.

Dagskrá:

Ávarp og opnun verkefnavefs fyrir nýtt háskólasjúkrahús. Alfreð Þorsteinsson, formaður framkvæmdanefndar.

Undirbúningur og staða deiliskipulags.

Salvör Jónsdóttir, sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur.

Kynning á vinningstillögu alþjóðlegrar samkeppni og fram komnar athugasemdir.

Guðmundur Gunnarsson, arkitekt.

Næstu skref.

Ingólfur Þórisson, verkefnisstjóri framkvæmdanefndar.

Að loknum framsöguerindum sitja fyrir svörum Alfreð Þorsteinsson, formaður framkvæmdanefndar um byggingu nýs Landspítala-háskólasjúkrahúss, Guðmundur Gunnarsson, arkitekt og fulltrúi vinningshafanna í skipulagssamkeppninni, Helga Bragadóttir, skipulagsfulltrúi hjá skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur, Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs Reykjavíkur og Ingólfur Þórisson, verkefnisstjóri framkvæmdanefndar um byggingu nýs Landspítala - háskólasjúkrahúss.

Fundarstjóri er Jón Baldvin Halldórsson, upplýsingafulltrúi LSH.



HONDA
The Power of Dreams



Accord Öryggi



Fjölstjörnuöryggi, ABS, EBD og hugarró
fyrir fjölskylduna á Honda-góðu verði.

honda.is



Komdu og sannreynðu hvernig spennandi nýjungar gera bílinn, sem kosinn var heimsins besti fjölskyldubíll, enn betri. Fjölstjörnuöryggi, þriðja kynslóð ABS bremsa með EBD ásamt sex loftpúðum og loftpúðagardinum er bara grunnurinn að stöðluðum öryggisbúnaði í Honda Accord. Honda áreiðanleikinn og þægindin hafa aldrei verið meiri. Komdu og opnaðu hurð að öryggi þínu – ræstu Accord.



Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

VERÐBÓLGAN BÍTUR EKKI Á NISSAN

500.000 KR. VE

TAKMARKAÐ MAGN!

Vegna góðs stuðnings frá **Nissan** getum við nú boðið enn betra verð á Nissan Patrol og Nissan X-Trail í takmörkuðu magni.
Gerðu samanburð! Þú gerir einfaldlega ekki betri kaup í dag á jeppum í sama stærðarflokki.

KOMDU OG REYNSLUAKTU



ENNEUM / SIA / 14422012

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Umboðsmenn
um land allt

Selfossi
482 3100

Njarðvík
421 8808

Akranesi
431 1376

BORGÐU MINNA FYRIR MEIRI LÚXUS



ERÐLÆKKUN!



Aukahlutir á mynd: 35" breyting,
krómgrind með kösturum og toppbogar.

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK STRAX!

Nissan Patrol Elegance sjálfskiptur
Verð aðeins 4.790.000 kr.

Verð áður ~~5.290.000 kr.~~

Nissan X-Trail Sport
Verð aðeins 2.890.000 kr.

Verð áður ~~3.390.000 kr.~~

Önnur tilboð frá Nissan gilda ekki með þessu tilboði.

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Höfn í Hornafirði
478 1990

Reyðarfirði
474 1453

Akureyri
461 2960

„ORÐRÉTT“

Almannavarnir

„Það er ljóst af símtil-
unum að sá sem situr í
herbergi Neyðarlínunn-
ar tekur símtalið ekki
alvarlega.“

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, lögmaður
ættingja þeirra sem létust í sjóslýsi á
Viðeyjarsundi. Morgunblaðið, 12. júní.

Gremja

„Fólk er ekki búið að
gleyma þessu og mun
ekki gleyma þessu fyrr
en það er dregið til
baka.“

Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, krefst
þess að lög um eftirlaun ráðherra og
þingmanna verði afnumin. Fréttablaðið,
12. júní.

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL
UMFERÐARTILLÖGUR



AUÐUR HARALDS

Ökumenn
allir á sterum

„Ég er hjartanlega sammála Rannsókn-
arnefnd umferðaslysa hvað varðar að
setja núllmörk við neyslu ólöglegra
ávana- og fíkniefna þeirra sem ætla að
aka bíl. Bretar byrjuðu á þessu undir
heitinu „umburðarlyndi niður á núll“ og
ég var mjög hrifin af því,“ segir Auður
Haralds, rithöfundur og blaðamaður.
Hún telur að umburðarlyndi niður í
núll í umferðinni eigi ekki aðeins við
um áfengi og fíkniefni, heldur einnig
um fólk sem er allsgáð í umferðinni en
engu að síður stórhættulegt.
Auður nefnir dæmi um konu sem
riðlaðist á fullum hraða gegn einstefnu
inn Grettisgötu. Á móti kom annar bíll
niður Frakkastíg og beygði inn Grettis-
götu. Rétt hefði legið við árekstri. „Ég
náði að sjá svipinn á konunni sem ók
gegn einstefnunni þegar hún beygði
upp Frakkastíginn, sem er líka bannað.
Hún var hneyksluð og móðguð. Hún
var undir þessum venjulegu áhrif-
um, „Ég er ung og ég er hér“. Þetta
eru mjög algeng og hættuleg áhrif í
umferðinni. Ég vil að það sé tekið á
þessu, en við gerum það bara ekki. Hér
er lífað eftir heimspeki sólonungunsins:
„Það flýtur á meðan ég er hér, ef það
sekkur þá kemur mér það ekki við“. Af
því að ég er á hjóli, þá fylgist ég
með bílstjórnunum. Ég sé þá afar marga
með aðra hönd á stýri, símann í hinni,
akandi yfir á bleiku eða rauðu. Ég var
næstum því ekin niður nú nýverið
þegar ég var að koma inn Hafnarstræt-
ið, því bílstjórnin sá hjól. Ég var í rétti
en hann ætlaði bara að aka yfir það.
Hann steytti hnefana í áttina að mér.
Ég tek ekki eftir því hvort bílstjórar eru
sjáanlega undir áhrifum áfengis eða
fíkniefna. Mér finnst þetta allt vera á
sterum.“

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SVAVAR SVAVARSSON ÖKUKENNARI

Vitundarvakning um löggæslu

Síðasta námskeiði vorsins í auknum ökurétt-
indum mun ljúka á næstunni og sumarfríð
tekur við hjá Svavari Svavarssyni ökukennara
hjá Nýja ökuskólanum. „Ég hafði hugsað
mér að fara um borð í Norrænu og keyra um
Evrópu í mánuð á pallbíl með pallhýsi. Svo
mun ég líka ferðast um Ísland eins og ég geri á
hverju sumri. Ég byrja í Danmörku og keyri svo
eitthvað um Þýskaland.“ Spurður hvort hann
muni kíkja á heimsmeistarakeppnina í knatt-
spyrnu meðan á Þýskalandsdvölinni stendur
segist Svavar ekki hafa áhuga á fótbolta. „Ég
fylgist aldrei með bolta, nema hann skoppi út
á götu. Ég er svona fagidjót, bara lifi og hrærist
í minni vinnu.“

Ferðina segist Svavar nota að miklu leyti
til að uppfæra þekkingu sína á ökukennslu og
kynnast ökumenningu annarra þjóða. Hann
hefur sterkar skoðanir á því hvernig bæta megi

umferðarmenningu á Íslandi.

„Það vita allir hvar vandinn liggur í
þessu, það er ekki næg sýnileg lög-
gæsla. Það kunna allir umferðarreglur
þegar næsti bíll í baksýnisspeglinum
er lögreglubíll. Ökunám er nær hvergi
í heiminum ítarlegra eða betra en
hér. Ég sé hvað þessir krakkar vita og
kunna þegar þeir fara frá okkur. Svo
horfi ég út um bilgluggann minn og
sé að þau eru fljót að læra að aka
án virðingar fyrir reglunum eins
og við hin.“

Svavar segir einnig að
ábyrgð liggja oft hjá foreldr-
um. „Börn eru alin upp
við að umferðarreglur
skipti ekki máli.
Þegar krakkar eru



að keyra með ökukennara og
líta út um gluggann sjá þau
að enginn keyrir samkvæmt
umferðarreglunum. Ef foreldri
með sigarettu milli varanna og
bjórfloksu í hendinni segir við
barnið sitt að það eigi ekki að
reykja eða drekka, þá er það
ekki trúverðugt.“

Hann telur þó ekki að hækkun
aldurstakmarks í ökunámi muni
hafa áhrif á slysa- og brotatiðni.

„Að banna næturakstur hjá
nýliðum í umferðinni væri jafnvel
árangursríkara,“ segir Svavar.

„Það vantar vitundarvakningu
um löggæslu á Íslandi.

Þegar kötturinn er ekki
við, leika mýsnar sér.“



BJARKI OG GYÐA RÓS Á LEIÐINI.

FRÉTTABLAÐIÐ/BIRGIR EINARSSON

Þetta er ógeðslega gaman

Bjarki Birgisson og Gyða
Rós Bragadóttir eru komin
vel á veg í hjólaferð sinni
umhverfis landið en ferðin
er farin til þess að vekja
athygli á börnun með
geðraskanir. Bjarki gekk í
fyrra umhverfis landið með
félaga sínum Guðbrandi
Einarssyni undir kjörorð-
inu Haltur leiðir blindan en
Bjarki er hreyfihamlaður.

Þegar blaðamaður hafði samband
við Bjarka voru þau Gyða nýkom-
in til Egilsstaða en þangað höfðu
þau hjólað frá Mývatni. Að sögn
Bjarka var kalt á leiðinni og hita-
stigið fór lítið yfir frostmark en
það rættist úr veðrinu þegar nær
dró Egilsstöðum. Þau taka vana-
lega daginn snemma og lögðu af
stað frá Mývatni klukkan hálf
fjögur um morguninn. Á morgun
halda þau svo af stað til Hvanna-
brekku í Berufirði en Bjarki æt-
lar að þau verði um sex tíma að
hjóla þangað.

Spurður um viðtökurnar segir
Bjarki: „Það vita allir af þessu,
fólk talar um þetta við okkur, hvað
vantar mikla aðstoð og hvað mætti
gera betur og þetta væri alveg
hárrétta málefnið til þess að
byggja á.“ Margir hafa slegist í
för með þeim og hjólað smáspöl og
þakkar Bjarki öllum þeim sem
hafa hjólað með þeim.

Bjarki segir að hann hafi hitt
margt fólk sem hann hitti líka í



BJARKI OG GYÐA RÓS BRAGADÓTTIR TILBÚN Í FERÐINA.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

fyrra. „Á Blönduósi hitti ég einn
félaga minn, Grím Gíslason, sem
er elsti starfsmaður Ríkisútvarps-
ins, hann er 95 ára og er enn að. Og
bara alls staðar þar sem við höfum
komið hefur verið tekið vel á móti
okkur.“ Bjarki segir að gisting á
leiðinni sé ekki vandamál „Yfir-
leitt þegar maður bankar upp á þá
vill fólk hýsa mann.“ Þau hafa þó
einu sinni þurft að sofa í bílnum.
Bjarki vill líka koma á framfæri
eindregnum þökkum til Staðar-
skála í Hrútafirði og Akureyrar-
bæjar.



BJARKI OG GYÐA RÓS LEGGJA AF STAÐ FRÁ
BUGL

FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

„Upphaflega áætlunin var að
koma í bæinn í lok júlí en það
hefur bara gengið svo vel hjá
okkur að okkur langar eiginlega
að koma bara sem fyrst og vorum
að þæla í að koma 23. júní.“
Hringleiðin er um 2.700 kílómetr-
ar og segir Bjarki að þau eigi um
átta hundruð kílómetra eftir.

Bjarki og Gyða vilja vekja
athygli á starfi Barna- og ungl-
ingageðdeildar (BUGL) og kynna
hana og safna áheitu en í fyrra
hjálpaði Bjarki langveikum börn-
um.

„Ég vildi að Barna- og ungl-
ingageðdeild fengi að njóta þess
að fá umfjöllun,“ segir Bjarki
hógvær og vill ekki vera sjálfur
of mikið í sviðsljósinu. Hann
bendir á reikningsnúmer hjá
BUGL sem hægt er að leggja inn
á: 120-15-371733 og kennitalan er
640394-4479.

gudrun@frettabladid.is

Framtíðarlandið

FÉLAG ÁHUGAFÓLKs UM FRAMTÍÐ ÍSLANDS

ÍSLENSK NÁTTÚRA

grunnur uppspretta

ARFLEIFÐ

SJÁLFSMYND

fjöregg

VERNDUM HANA

Stofnfundur 17. júní
kl. 12:00 í AUSTURBÆ

Tökum Ísland

í okkar hendur og gerum það
að DRAUMALANDI


ÍSLAND ER Á TEIKNIBORÐINU – höfum áhrif á framtíðarmyndina

www.framtidarlandid.is

Sjādu verdo!

Svona erum við

> Þróun hagstærða á fyrsta ársfjórðungi 2006 frá sama tíma 2005.



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: UPPBYGGING ÆÐARVARPS

Mikilvægast að vernda varpið

Viða í hinum dreifðu byggðum landsins er æðarvarp og dúntekja gamalgróin búgrein. Hún getur oft og tíðum skilað umtalsverðum tekjum í vasa landeigenda. Hér á landi eru um fjögur hundruð jarðir sem hafa eitthvað æðarvarp, þar getur verið um að ræða nokkra tugi hreiðra upp í varp sem gefur af sér fullar árstekjur.

Til þess að tryggja að æðarfuglinn snúi aftur að ári í varplönd sín er mikilvægt að tryggja að minkur og tófa séu ekki á svæðinu. Einnig er mikilvægt að gæta þess að varplandið sé friðað fyrir ágangi utanaðkomandi og búfjár. Því getur verið nauðsynlegt að girða varplandið af til að tryggja öryggi æðarvarpsins.

Þrátt fyrir fyrrnefnda óvini æðarfuglsins verður að telja mávinn og hrafninn í hópi þeirra skæðustu. Varpbændur þurfa að vera vakandi og reyna eftir fremsta megni að fækka



þessum vargi eða í það minnsta að fæla hann frá varpstöðum.

Lagfæringar á varplandi geta reynst mjög gagnlegar. Þær laða bæði fuglinn að og tryggja betri nýtingu dunsins. Æðarfuglinn er einkar félagslyndur að eðlisfari og ótrúlega fljótur að

aðlagast öllu því sem maðurinn gerir honum til hagræðis og verndar.

Nauðsynlegt er að fylgjast með úr fjarlægð hvort fuglinn dregur sig eðlilega að varpstöðvunum á vorin, því ekki er loka fyrir það skotið að vargur eða önnur stýggð hindri hann í að setjast upp.

Æðardúnn hefur löngum verið verðmæt útflutningsvara, jafnvel um aldir. Verð fyrir dúnninn hefur lengst af verið mjög gott, þótt endrum og eins hafi orðið tímabundinn samdráttur í sölu.

Íslenskur æðardúnn er metinn í hæsta gæðaflokk erlendis. Það er fyrst og fremst vegna náttúrulegra gæða hans og eins vegna þess að gætt hefur verið ýtrustu vandvirkni við meðferð hans. Það er lykilatriði til að tryggja áframhaldandi vöxt þessarar búgreinar að verja varpið og vernda.

SPURT OG SVARÐ



ÁGÚST MOGENSEN, RANNSÓKNARNEFND UMFERÐARSLYSA

Lyfjaakstur er vandamál

Á Alþingi liggur fyrir frumvarp þess efnis að mælist ólögleg fikniefni í blóði eða þvagi ökumanns þá teljist hann óhæfur til að stjórna ökutækinu. Ágúst Mogensen er formaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa.

Hvað finnst þér um frumvarpið? Ég er mjög hlynntur þessu frumvarpi vegna þess að reynslan sýnir að við þurfum á allri athygli okkar að halda við aksturinn.

Telur þú lyfjaakstur vera stórt vandamál á Íslandi?

Ég held að það sé mun meiri lyfjaakstur í gangi heldur en opinberar tölur gefa til kynna. Að mæla lyf í blóði eða þvagi er erfiðara og dýrara ferli en að mæla áfengismagn í andardrætti.

Eru núverandi lög um lyfjaakstur ekki nógu góð?

Núverandi lög eru þannig að metið er hvort magn lyfjanna samsvari því magni af áfengi í blóði sem gerir ökumann óhæfan til að stýra ökutæki. Við viljum fjarlægja þessa tengingu við áfengismagn og hafa þess í stað núllmörk sem gera ökumann óhæfan við hvaða magn ólöglegra lyfja sem er.

Geir víðförlasti ráðherrann

Þrír nýir ráðherrar munu taka sæti í ríkisstjórn á morgun. Jón Sigurðsson fer í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Jónína Bjartmarz í umhverfisráðuneytið og Magnús Stefánsson í félagsmálaráðuneytið. Þá mun Geir H. Haarde færa sig úr utanríkisráðuneytinu yfir í forsætisráðuneytið og Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, tekur hans sæti í utanríkisráðuneytinu.

Eftir ráðherraskiptin munu 25 manns, sex konur og níttján karlar, hafa gegnt starfi ráðherra frá því að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hófu ríkisstjórnarsamstarf árið 1995. Af þeim eru þrettán framsóknarmenn og tólf sjálfstæðismenn. Þeir munu samanlagt hafa setið á 39 ráðherrastólum og þá mun hafa verið skipt 29 sinnum um ráðherra á tímabilinu.

Flestir munu hafa gegnt starfi umhverfisráðherra, fimm manns, þar af Halldór Ásgrímsson í 18 daga. Fjórir munu hafa verið utanríkisráðherrar, félagsmálaráðherrar og sjávarútvegsráðherrar, en tveimur síðastnefndu embættunum gegndi Davíð Oddsson í 18 daga. Minnstar umhleypingar hafa verið í samgönguráðuneytinu en Sturla Böðvarsson tók við ráðherraembættinu árið 1999 og hefur gegnt starfinu síðan.

Af þeim 29 breytingum á ráðherraskipan sem gerðar hafa verið frá árinu 1995 var einungis ein gerð á fyrsta kjörtímabilinu, þegar Frið-




FRÉTTASKÝRING

STÍGUR HELGASON

stigur@frettabladid.is

rik Sophusson vék úr stöðu fjármálaráðherra. Hins vegar hafa verið gerðar fjórtán breytingar á ráðherraskipan eftir skipun í embættin að loknum kosningum árið 2003.

Víðförlasti ráðherrann á tímabilinu, ef frá eru taldir átján dagar Davíðs og Halldórs í maí 1999, er Geir H. Haarde sem gegnt hefur starfi fjármála-, utanríkis- og nú næst forsætisráðherra.



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI



Þorsteinn Pálsson
apríl 1991 til maí 1999



Davíð Oddsson
11. til 28. maí 1999



Sólveig Pétursdóttir
maí 1999 til maí 2003



Björn Bjarnason
frá maí 2003



UTANRÍKISRÁÐUNEYTI



Halldór Ásgrímsson,
apríl 1995 til september 2004



Davíð Oddsson,
sept. 2004 til sept. 2005



Geir H. Haarde
september 2005 til júní 2006



Valgerður Sverrisdóttir
frá júní 2006



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI



Páll Pétursson
apríl 1995 til maí 2003



Árni Magnússon
maí 2003 til mars 2006



Jón Kristjánsson,
mars 2006 til júní 2006



Magnús Stefánsson
frá júní 2006



LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI



Guðmundur Bjarnason
apríl 1995 til apríl 1999



Halldór Ásgrímsson
11. til 28. maí 1999



Guðni Ágústsson
frá maí 1999



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI



Björn Bjarnason
apríl 1995 til mars 2002



Tómas Ingi Olrích
mars 2002 til desember 2003



Þorgerður Katrín Gunnarsd.
frá desember 2003



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI



Friðrik Sophusson
apríl 1991 til apríl 1998



Geir H. Haarde
apríl 1998 til september 2005



Árni M. Mathiesen
frá september 2005



HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGA-MÁLARÁÐUNEYTI



Ingibjörg Pálmadóttir
apríl 1995 til apríl 2001



Jón Kristjánsson
apríl 2001 til mars 2006



Sív Friðleifsdóttir
frá mars 2006



SAMGÖNGURÁÐUNEYTI



Halldór Blöndal
apríl 1991 til maí 1999



Sturla Böðvarsson
frá maí 1999



FORSÆTISRÁÐUNEYTI



Davíð Oddsson,
apríl 1991 til september 2004



Halldór Ásgrímsson,
september 2004 til júní 2006



Geir H. Haarde,
frá júní 2006



SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI



Þorsteinn Pálsson
apríl 1991 til maí 1999



Davíð Oddsson
11. til 28. maí 1999



Árni M. Mathiesen
maí 1999 til september 2005



Einar K. Guðfinnsson
september 2005



IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI



Finnur Ingólfsson
apríl 1995 til desember 1999



Valgerður Sverrisdóttir
desember 1999 til júní 2006



Jón Sigurðsson
frá júní 2006



UMHVERFISRÁÐUNEYTI



Guðmundur Bjarnason
apríl 1995 til apríl 1999



Halldór Ásgrímsson
11. til 28. maí 1999



Sív Friðleifsdóttir
maí 1999 til september 2004



Sigríður Anna Þórðardóttir
september 2004 til júní 2006



Jónína Bjartmarz
frá júní 2006

Smart og létt á fæti

– heilsteypt glös á tilboðsverði

Þórunn Kristjánsdóttir
Sölumaður hjá RV



Rauðvinsglös, hvítvinsglös
og björglós á tilboðsverði
í júní 2006



1.924 kr.
12 stk.

Imperial 42 cl rauðvinsglös



854 kr.
6 stk.

Maldiva 36 cl björglós

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhúsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is




LÍTUR VEL ÚT
SANTA FE

Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fagaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.



EKKI LÁTA ÞÉR BREGÐA! NÝR SANTA FE



Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

Keflavík 421 4444

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Uppnám vegna skipulagsbreytinga á ritstjórn Fréttablaðsins er stormur í vatnsglasi.

Björn Bjarnason og Fréttablaðið

Einhver fjarstæðukenndasta kenning sem lengi hefur skotið upp kollinum er sú hugmynd að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hafi áhrif á hvernig málum er háttað á ritstjórn Fréttablaðsins. Það er fullkomin della, eins og öllum má vera ljóst, nema ef til vill þeim sem hefur kalið á hjarta við of miklar bollaleggingar um bláa hönd.

Þeir sem hafa snefil af þekkingu á sögu samskipta Björns við Fréttablaðið eiga að vita að dómsmálaráðherra er holdgervingur þeirra manna sem hafa haft horn í síðu blaðsins allt frá því að það var stofnað fyrir ríflega fimm árum. Björn hefur hvað eftir annað veist að Fréttablaðinu með uppnefningum og ásakað okkur sem skrifum í blaðið um að hafa aðra hluti í huga en að sinna starfi okkar af bestu samvisku.

Að dómsmálaráðherra hafi áhrif á hvernig málum er háttað á ritstjórn Fréttablaðsins er fullkomin della, eins og öllum má vera ljóst, nema ef til vill þeim sem hefur kalið á hjarta við of miklar bollaleggingar um bláa hönd.

Blaðamönnum Fréttablaðsins hefur tekist bærilega að hefja sig upp yfir þessi ónot dómsmálaráðherra og hafa freistað þess eins og unnt er að hafa samskiptin við hann á sömu forsendum og samskipti við aðra ráðamenn landsins, þrátt fyrir að sá samstarfsvilji hafi ekki alltaf verið gagnkvæmur.



Eins og mörg hrekkjusvín er dómsmálaráðherra hins vegar mjög hörundsár þegar hann telur að spjótin beinist að honum sjálfum og er það væntanlega skýringin á skeytasendingum hans til ritstjórnar Fréttablaðsins og skrifum hans inn á heimasíðu sína um Jóhann Hauksson blaðamann í síðustu viku. Þau skrif hafa glaðbeittir kenningasmiðir viljað gera að ástæðu fyrir skipulagsbreytingum á ritstjórn Fréttablaðsins, sem fólust í tilfærslu Jóhanns innan ritstjórnarinnar. Hér skal það ítrekað að skrif Björns höfðu ekkert með þær breytingar að gera.

Nú er aldrei eftirsóknarvert að komast í þá aðstöðu að verða að fjalla á opinberan hátt um innri málefni vinnustaðar og einstaka starfsmenn. Sá góði og ákafi blaðamaður, Jóhann Hauksson, hefur aftur á móti með framgöngu sinni kallað eftir því að það verði gert opinbert að lengi hefur verið ákveðin óánægja með störf hans við þann málaflokk sem hann hefur haft með höndum.

Jóhann kaus að líta á skipulagsbreytingarnar sem vantraust á sín störf og leggja inn uppsögn. Viðbrögð hans í kjölfarið eru mannleg, því yfirleitt er auðveldara að kenna öðrum um en að líta í eigin barm.

Rétt er að benda á að eina heimildin fyrir því að skoðanir dómsmálaráðherra hafi haft áhrif á tilfærslu Jóhanns er hann sjálfur. Í því samhengi er hitt miklu mikilvægara að ef blaðamönnum Fréttablaðsins dytti í hug eina sekúndu að skoðanir Björns Bjarnasonar hefðu nokkuð með mannahald blaðsins að gera, er hægt að fullyrða að allsherjar uppreisn yrði gerð á ritstjórninni.

Það hefur ekki gerst og segir meira en mörg orð.

FRÁ DEGI TIL DAGS		
Vika Sjálfstæðisflokksins Þessi 24. vika ársins 2006 fær án efa risastóran kafla í sögu Sjálfstæðisflokksins. Á aðeins þremur dögum taka sjálfstæðismenn við tveimur eftirsóttustu störfum stjórnmálanna: embættum borgarstjórans í Reykjavík og forsætisráðherra. Tólf ár eru síðan Sjálfstæðisflokkurinn hafði embættin tvö á sinni könnu en þá var Davíð Oddsson forsætisráðherra og Árni Sigfússon borgarstjóri. Aður hafði það margsinnis gerst enda hafa sjálfstæðismenn gegnt báðum embættum lengur en aðrir. Það kann þó að skyggja á gleðina að enn eru margir flokksmenn ósáttir við að ráðherraembættunum var jafnað milli stjórnarflokka.	Veðrið Stjórnmálin láta sér ekkert óviðkomandi og meira að segja gá menn til veðurs með pólitískum gleraugum. Sólin skein í Reykjavík í gær eftir dumbung daganna á undan og nýr borgarstjórnarmeirihluti túlkaði það vitaskuld á þann veg að nú væri loksins uppstyttu og bjartir tímar framundan. Minnihlutinn sagði á hinn bóginn að þetta væri lognið á undan storminum, harðrar stjórnarandstöðu væri að vænta á kjörtímabilinu og í góðu lagi þó að nýi meirihlutinn fengi að baða sig í sólinni í einn dag eða svo.	morgun hafa ekki aðeins áhrif á ráðherrana sjálfa, breytingunum fylgir umrót aðstoðarmannanna. Aðstoðarmenn Halldórs Ásgrímssonar, Jóns Kristjánssonar og Sigríðar Önnu Þórðardóttur missa störf sín og um leið þurfa Jón Sigurðsson, Jónína Bjartmarz og Magnús Stefánsson að finna sér hjálparhellur. Búist er við að Ragnheiður Elín Arnadóttir, aðstoðarmaður Geirs H. Haarde, fylgi honum í forsætisráðuneytið, en hún var honum einnig innan handar í fjármálaráðuneytinu. Óvíst er hins vegar hvort Páll Magnússon, aðstoðarmaður Valgerðar Sverrisdóttur, fari með henni í utanríkisráðuneytið. bjorn@frettabladid.is
		

Hættulegir kjósendur

Það er sjálfsagt viðkvæmt að tala um þetta í litlu samfélagi, einstaklingar eiga í hlut. En geta menn horft framhjá þeirri mynd sem blasir við þegar manna á ríkisstjórn á Íslandi? Kannski var úrvalið ekki meira áður en ólíkt því sem var eigum við núna úrval af afreksfólki á öllum öðrum sviðum þjóðlífsins.

Það er raunar ekki aðeins á Íslandi sem menn hafa tilfinningu fyrir því að stjórnmálin dragi of mikið til sín fólk sem ekki kæmi endilega til álita í flóknar ábyrgðastöður á öðrum sviðum samfélagsins. Eitt af því sem hefur einkennt stjórnmál nokkurra Evrópulanda á síðustu árum er hve lítil endurnýjun hefur átt sér þar stað. Vafalítið eru margar ástæður fyrir þessu en ein kann að vera sú að ný kynslóð stjórnmálamanna sé ekki nægilega vel mönnuð. Þegar ég var á Ítalíu um daginn var 87 ára gamall maður, Andreotti, í framboði til forseta en annar maður á níræðisaldri var að draga sig í hlé. Andreotti var raunar orðinn áhrifamaður í ítölskum stjórnmálum fyrir nær 60 árum. Frá Ítalíu fór ég til Portúgal og þar sá ég gamalkunnug andlit á síðum dagblaða. Maður á níræðisaldri var nýbúinn að tapa forsetakosningum fyrir manni sem varð forsætisráðherra Portúgal stuttu eftir að Gunnar Thoroddsen lét af því embætti á Íslandi. Utanríkisráðherra landsins, do Amaral, gegndi því sama embætti árið 1980. Ég tók viðtal við hann fyrir Vísí árið 1976 þegar hann var leiðtogi stjórnarandstöðunnar. Á leiðinni heim til Berlínar flaug ég yfir Frakkland og varð hugsað til þess að að Ásgeir Ásgeirsson var forseti Íslands þegar Chirac tók sæti á ríkisstjórnarfundum í París.

Í DAG STJÓRNMÁL

JÓN ORMUR
HALLDÓRSSON

Hópurinn hittist vel lesinn og í tíu klukkustundir voru málin rædd ofan í kjölinn og framþjóðendur spurðir út í afstöðu sína. Síðan var kosið.

Sumir rekja þessa litlu endurnýjun til þess að stjórnmálin hafi víða farið halloka fyrir atvinnulífi, menningarlífi og vísindum í samkeppni um fólk. Ein ástæðan fyrir því kann að vera sú að völd stjórnmálamanna hafa minnkað og því eru stjórnmálin ekki endilega bestu kosturinn fyrir þá sem vilja hafa áhrif. Önnur er sú að betri laun eru í boði í mörgum öðrum greinum fyrir þá sem vilja takast á við stór verkefni. Þá ein kennast stjórnmálin óvíða af hugsjónabaráttu og því fara kannski tiltölulega fáir núorðið í pólitík vegna raunverulegra og brennandi hugsjóna.

Einhver sagði að kjósendur í nútímaríki hefðu aðeins tvö hlutverk. Annað væri að velja stjórnmálamenn og hitt að losa sig við þá. Hvort tveggja er ansi snúið í mörgum löndum og þar á meðal á Íslandi. Þótt prófkröfur hafi fest sig í sessi virðist ekki almenn tilfinning fyrir því að þau hafi leyst mikinn vanda. Varla verður sagt að ígrunduð eða vitsmunaleg umræða fari yfirleitt fram í kringum þau þótt dæmi séu til

um slíkt. Georg Papandreou er leiðtogi jafnaðarmanna í Grikklandi, en bæði faðir hans og afi voru forsætisráðherrar. Hann hefur nýlega lagt til að menn reyni 2.500 ára gamla aðferð við að velja framþjóðendur, meðal annars til að komast framhjá göllum prófkosninga. Áþenmenn höfðu þann hátt á að velja menn til ábyrgðar með hlutkesti en ekki kosningum. Menn sátu aðeins í eitt ár í embættum. Lýðræðið snerist þá öðru fremur um jafnrétti og þátttöku borgaranna í stjórn samfélagsins. Hlutkestið tryggði hvort tveggja. Að auki kom það og stutt seta í embættum í veg fyrir að hagsmunir mynduðst í kerfinu sjálfu og í kringum þá einstaklinga sem voru valdir. Þátttaka í umræðum var tiltölulega almenn.

Papandreou og flokkur hans reyndu nýlega að nýta sér kosti gamla gríska kerfisins við val á framþjóðendum flokksins í borgarstjórn. Í einni af útborgum Áþenu voru 160 kjósendur valdir með slembiúrtaki úr kjörskrá. Þeim voru sendar ítarlegar upplýsingar um 19 mismunandi málaflökka í borgarmálum Áþenu. Hópurinn hittist vel lesinn og í tíu klukkustundir voru málin rædd ofan í kjölinn og framþjóðendur spurðir út í afstöðu sína. Síðan var kosið. Sá framþjóðandi sem vann eftir tveir umferðir var valinn borgarstjóraefni flokksins í þessari útborg Áþenu sem vafalítið er öllu stærri en Reykjavík. Þessi 160 manna hópur var án efa upplýstari og málefnalegri en venjulegir kjósendur í íslensku prófkjöri. Myndi einhver íslenskur stjórnmálaflokkur treysta kjósendum með þessum hætti?

Vatnsréttindi fyrir 96 milljarða

UMRÆÐAN
VATNSRÉTTINDI



JÓHANN J. ÓLAFSSON
KAUPMAÐUR

Upp er komin deila á milli landeigenda við Jökulsá á Brú, Jökulsá í Fljótsdal og Keldu á Fljótsdalsháraði annars vegar og Landsvirkjunar (ríkisvaldsins) hins vegar. Deiluefnið er verð á vatnsréttindum sem notuð eru í Kárahnjúkavirkjun.

Landeigendur gera kröfu um 96 milljarða króna endurgjald en ríkisvaldið vill eignast vatnsréttindin fyrir 375 milljónir króna í hæsta lagi. Rúmlega 95 milljarða

króna ber á milli. Hvernig sem á málið er litið er deginum ljósara að landeigendur eiga geysimikil verðmæti, sem ríkið vill ná af þeim fyrir eins lága upphæð og það kemst upp með. Hvers vegna þarf ríkisvaldið að eignast þessi réttindi? Hvers vegna eiga núverandi eigendur þessi vatnsréttindi ekki áfram? Leigu var hafnað af ríkinu.

Hér er um ójafnan leik að ræða. Ríkið getur með litlum takmörkunum krafist eignarnáms og er eini kaupandinn. Það er óeðlilegt að ríkisvaldið, sem er valdbundin stofnun, standi í atvinnurekstri. Það getur stundum haft frumkvæði í atvinnumálum, en þá er æskilegt að það sé gert í góðu samkomulagi við hagsmunaaðila. Ríkið á síðan að koma hárt út úr

slíkum rekstri eins fljótt og unnt er.

Eðlilegast væri að vatnsréttindin yrðu metin sem hlutfall af heildarverðmæti Kárahnjúkavirkjunar, sem yrði breytt í hlutfélag og eigendur vatnsréttindanna fengju svo hlutabréf í fyrirtækinu í samræmi við sitt framlag og hlutdeild í eigin fé þess og arði. Með þessum hætti hefðu landeigendur sem hluthafar, beinan hag af gangi fyrirtækisins og hagnaði þess. Þeir sem vilja gætu selt hlutabréf sín að hluta eða öll þegar þeim hentaði og frjáls markaður legði mat á eign þeirra á hverjum tíma.

Það er kominn tími til að ríkisvaldið hætti að þrengja að mannréttindum landsmanna enda er það orðið gamaldags.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRNAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafðíason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson FULLTRÚI RITSTJÓRNAR: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Jónsmessunæturganga á Fimmvörðuháls

Nú stendur skráning í Jónsmessunæturgöngu Útivistar sem hæst. Upplifðu stemninguna



Rafiðnaðarmenn athugið!

Haust- og vetrarbókanir í íbúðir í Kaupmannahöfn

og á Spáni hefjast 15. júní
Opið frá kl. 9 til 16
Komið eða hringið í síma 580-5200

RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Bestu kaupin!

veidikortid.is



23 vatnasvæði fyrir aðeins 5000 krónur!

Handbók með ítarlegum upplýsingum, kortum o.fl. fylgir!
Fæst á ESSO, í veiðivöruverslunum og á www.veidikortid.is

París

frá kr. **14.990**

Tvisvar í viku

Terra Nova býður beint flug tvisvar í viku til Parísar í sumar. Flugið er á mánu- og miðvikudögum. París er ótrúlega spennandi borg, hvort sem þú vilt þræða listasöfnin, spranga um í Latínuhverfinu eða njóta lífsins lystisemda sem þessi einstaka borg býður í ríkum mæli. Griptu tækifærið og skelltu þér til Parísar í sumar.

kr. **14.990**

Netverð á mann.
Flugneti aðra leið með sköttum
(París-Kat.).

Frá kr. **52.640**

– Helgarferð
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþjóli í
4 nætur með morgunverði (miðvikud.-
sunnud.) á Hotel Victoria.



Skógarhlíð 1B – 105 Reykjavík – sími 591 0000
Akureyri – sími 461 1099 • Hafnarhlíð – sími 510 9500

www.terranova.is



Hótel Háland hefur verið tekið í gegn og er nú lúxushótel að sögn eigenda þess. Aftan við hótelið sést í þyrlupall.

Lúxushótel á hálendinu

Um helgina opnaði fyrsta hótelið sem starfrækt er á hálendi Íslands. Hótel Háland er nýttiskulegt lúxushótel staðsett á Sprengisandi en er þó glettilega stutt frá Reykjavík. Á hótelinu er ráðstefnusalur, heitur pottur, 16 lúxusherbergi, fjórar íbúðarsvítur auk þess sem þyrlupallur er steinsnar frá hótelinu.

Hálendismiðstöðin í Hrauneyjum hefur verið opin gestum í tólf ár og hefur hún alla þá tíð verið vinsæll áningarstaður með gistirými fyrir liðlega 100 manns. Í upphafi ársins 2005 tóku Hrauneyjar á leigu húsnæði Landsvirkjunar við Hrauneyjafossvirkjun og hófu að breyta því í fullbúið hótel. Nú þegar framkvæmdum er lokið hafa bæst við

41 herbergi, þar af sextán lúxusherbergi og fjórar 60 fermetra svítur. Alls er því gistirými á hótelinu og í Hálendismiðstöðinni fyrir 220 manns.

Á Hótel Hálandi er ráðstefnusalur fyrir um 50 manns, góður veitingastaður, heitur pottur og gufubað, sjónvarp í öllum herbergjum og þyrlupallur er við hótelið fyrir þá sem kjósa þann ferðamáta. „Við erum búin að lofa þeim fyrsta sem kemur hingað á þyrlu sérstökum móttöku“, segir Friðrik Pálsson annar eigenda hótels Hálands.

Hrauneyjar reka núna eitt stærsta gistirými á Suðurlandi og segir Friðrik það vera merkið þar sem hótelið er staðsett á Sprengisandi. „Staðsetning hótelsins er frábær, við erum hérna rétt við Landmannalaugar, Veiðivötn og Jökulheima en nota bene þá eru ekki nema 152 kílómetrar til Reykjavíkur og malbikað alla leið.“



Á hótel Hálandi er glæsilegt veitingahús.

Friðrik segir allar tegundir ferðamanna heimsækja Hrauneyjar. „Á sumrin eru þetta mest megnis erlendir ferðamenn, eins og lög gera ráð fyrir. Á veturna og reyndar líka á sumrin er mikið af veiðimönnum sem eru að veiða hér í vötnunum í kring. Það er líka mjög gaman að fylgjast með þróuninni í ofurjeppaferðum um hálendið, þær hafa verið að aukast mikið og það má því segja að hér sé öll flóran,“ segir Friðrik Pálsson.

-vör

HVERT ERTU AÐ FARA?

Síðasti móhíkaninn

Edda Björgvinsdóttir leikona er á ferðinni um landið með leikritið *Alveg briliant skilnaður*.

Edda er núna stödd á Siglufirði þar sem hún er að sýna leikritið *Alveg briliant skilnaður*. „Ég er síðasti móhíkaninn á ferð um landið með leikrit“, segir hún.

Edda er búin að vera á ferðinni með leikritið síðan í byrjun maí og verður út júní. „Við erum búin að fara til Vestmannaeyja, á Seyðisfjörð, Ísafjörð, Kirkjubæjarklaustur, Vopnafjörð og Siglufjörð. Svo ætlum við að vera á Blönduósi fjórtánda og fimmtánda júní, Patreksfirði átjándaga og Akureyri tuttugasta og annan og tuttugasta og þriðja. Við erum með frá einni og allt upp í fjórar sýningar á hverjum stað og höfum verið að setja upp í félagsheimilum, hótelum, leikhúsum og bíósölum. Leikmyndin er svo lítil að það tekur ekki nema klukkutíma að setja hana upp og hún passar alls staðar.“



Edda er mjög ánægð með ferðalagið um landið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leikritinu hefur alls staðar verið vel tekið og Edda er mjög ánægð með ferðina. „Þetta er bara búið að vera alveg dásamlegt ferðalag,“ segir hún.

-eð

gönguferð }



Leggjabrjótur

FERÐAFÉLAGIÐ ÚTIVIST STENDUR FYRIR ÞJÓÐHÁTIÐARGÖNGU

Það er hægt að gera marga annað á þjóðhátíðardaginn en að fara í skráðgöngu, veifa fána og fá sér kandiflos. Dagurinn hentar einnig vel til allrar útiveru.

Þjóðhátíðarganga Útivistar í ár er eins og oft áður um Leggjabrjót milli Hvalfjarðar og Þingvallar. Ur Botnsdal í Hvalfirði verður gengið meðfram Hvalskarósa suður með Sandvatnshlíðum og með Sandvatni að austan yfir smáhrygg sem er hinn eiginlegi Leggjabrjótur. Súla og síðar Öxará verður fylgt niður að Orrustuhól og þaðan gengið að Svartagili. Göngutími er áætlaður um fimm til sex tímar en vegalengdin er um fimmtán kílómetrar. Hækkunin á leiðinni er um 500 metrar. Brottför er frá BSÍ þann 17. júní klukkan 10.30.

Nýr vegavefur

Í vikunni var opnaður nýr vefur, Á vegi, sem á að stuðla að því að vegfarendur haldi sig á þeim vegum sem ætlaðir eru almenningi.

Verkefnið er í umsjá umhverfisráðuneytisins en Landmælingar Íslands hafa lagt til kort, vegnúmeraleit og örnefnaleit til verksins. Auk þess er þjónustan keyrð á vefþjónum Landmælinga. Á vefsíðunni er kort af Íslandi og hægt er að sjá vegi og slóða sem löglegt er að aka á. Vilji maður aka aðrar leiðir þarf að afla upplýsinga um hvort sá vegur sé ætlaður almenningi eða ekki. Á síðunni er hægt að stækka ákveðin svæði og sjá hvaða vegir eru malbikaðir, malarbornir eða hvort um sé að ræða vegarslóða. Einnig er hægt að sjá vegnúmer, staðsetningu flugvalla



Hægt er að sjá vegaleiðir á nýja vefnum sem löglegt er að aka á.

og bílferja svo eitthvað sé nefnt. Forritið gerir manni kleift að mæla allar vegalengdir á nákvæman hátt þannig að það er

einfalt og þægilegt að skipuleggja ferðalagið á öruggan máta. Vefslóðin er: www.avegi.lmi.is

Samnýta flugnúmer

Flugfélögin British Airways og Malév Hungarian Airlines hafa gert samning um gagnkvæma notkun flugnúmera í áætlunarflugi sínu.

Nýr samningur var undirritaður á dögunum sem felur í sér að frá og með 1. nóvember næstkomandi munu flugfélögin British Airways og Malév Hungarian Airlines samnýta flugnúmer í áætlunarflugi sínu. Malév mun jafnframt ganga til liðs við Oneworld, samband nokkurra flugfélaga, í upphafi næsta árs. Flugnúmer Malévs verða notuð af British Airways í þremur daglegum áætlunarferðum milli



Ungverska flugfélagið Malév fer í samstarf við British Airways.

Heathrow-flugvallar í London og Búdapest og flugnúmer British Airways verða notuð af Malév í tveimur daglegum áætlunarferðum milli Búdapest og Gatwick-flugvallar

við London. Jafnframt hættir Malév áætlunarflugi sínu til Heathrow. Farþegar beggja flugfélaganna njóta vildarpunkta hjá báðum flugfélögunum.



Flóra Íslands verður í brennidepli á degi villtra blóma.

Dagur villtra blóma

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS, GRASAGARÐUR REYKJAVÍKUR OG FLÓRUVINIR STANDA FYRIR PLÖNTUSKOÐUN Í UNDIRHLÍÐUM Á REYKJANESFÓLKVANGI ÞANN 18. JÚNÍ.

Næstkomandi sunnudagur, 18. júní er samnorðrenn blómadagur. Af því tilefni standa Ferðafélagið, Grasagarðurinn og Flóruvinir fyrir degi villtra blóma og bjóða upp á plöntuskoðun fyrir áhugasama. Lagt verður af stað frá Mörkinni 6 klukkan tíu og ekið í Reykjanessfólkvang. Í Undirhlíðum verður farið í gönguferð þar sem plöntur verða skoðaðar og að því loknu verður boðið upp á leiðsögn um flóru Íslands í Grasagarðinum í Reykjavík. Þá verða merki við plöntur fjarlægð og gestum gefið tækifæri á að spreyta sig á að merkja plönturnar. Leiðsögumaður er Eva G. Þorvaldsdóttir.

- þó

Saumlaus svefnpoki

AJUNGILAK HEFUR HANNAÐ SVEFN-POKA ÁN SAUMA


Á vefsíðunni utivera.is er greint frá því að útivistarvöruframleiðandinn Ajungilak hafi nýlega kynnt til sögunnar byltngarkennd-an svefnpoka, poka án sauma. Pokinn ber réttnefnið Future, eða framtíð, og fæst bæði sem þriggja og fjögurra árstíða poki. Pokinn er límdur saman og því myndast ekki „kaldir blettir“

eins og vill verða í kringum sauma, en saumarnir veikja einnig efnið í pokunum og er límið mun hentugra. Því er talið að pokinn góði þoli meiri kulda en aðrir pokar úr nákvæmlega sama efni.

Ekki er vitað til þess að þessi svefnpoki sé kominn í verslanir hér á landi en ef nýjungagirnir Íslendinga bregst ekki má búast við að sjá hann í búðarhillum fljótlega.

- sgi

GLÆNÝTT VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ **30% AFSLÆTTI** Á AÐEINS **489 KR.** EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI



- Birta Björnsdóttir fatahönnuður og Jón Páll listamaður í 100 ára gömlu húsi við Miðstræti
- Uppskrift af austurlensku partíjtaldi og allt sem þig vantar til að gera garðinn frægan
- Rautt og bleikt þema
- Listrænt fúnkíshús við Vatnsenda
- Ofursvöl piparsveinaíþúð í 101 Reykjavík

VEGGFÓÐUR. ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - þerur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Full búð af flottum græjum
Biltæki, bassar, hátalarar, skjáir,
DVD spilarar, magnarar, bassabox

Klíkið í heimsókn eða fylgist með
á netversluninni.

AG MOTORSPORT

LEGACY
PYRANIO

PYLE

Lanzar

AG Mótorsport - Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : www.ag-car.is/motorsport



REYNSLUAKSTUR

Lexus RX 350 er rennilegur og fallegur bíll og svipar um margt í útliti til ýmissa annarra sportjeppa í lúxusflokki.

MYNDIR/VILHELM

Afl, mykt og glæsileiki

Lexus RX 350 er sportjeppi eins og þeir gerast flottastir. Lúxusinn birtist í öllu frá hinu smæsta til hins stærsta.

Afl, mykt og glæsileiki eru lýsing-arorð sem koma upp í hugann í sömu andrá og Lexus RX 350. Þegar sest er inn í bílinn taka á móti manni glæsilegar og stíl-hreinar innréttingar og þegar tekið er af stað kemur áreynslu-laust aflið í ljós.

Bíllinn er búinn fimm þrepa sjálfskiptingu með beinskípti-möguleika. Sjálfskiptingin er ein-staklega þýð í viðmóti. Hún er líka þeim kostum búin að aðlaga sig að akstursstíl ökumanns hverju sinni þannig að á hraðri og jafnri ferð verður skiptingin hægari og á lægri snúningi en hraðari til dæmis ef stöðugt er verið að stöðva og taka af stað eins og stundum gerist í borgarumferð. Sömuleiðis bregst sjálfskiptingin við þegar ekið er niður í móti með því að skipta niður og halda þannig á móti.

Aðalsmerki Lexus RX 350 hlýtur þó að vera þetta áreynslulausa afl sem hann býr yfir. Hann er þýður á lítilli ferð og svo er hann jafnþýður þegar ferðin er aukin, jafnvel mikið og hratt, alltaf líður bíllinn áfram án þess að heyrist að vélin sé að erfiða. Þar kemur vit-anlega bæði til aflið og framúr-skarandi einangrun í bílnum, bæði á þann veg að dregið er úr þeim hljóðum sem berast frá vélinni með einangrun í vélarhlíf og sömu-leiðis er bíllinn allur mjög vel ein-angraður.

Fjór hjóladrifið er skynvætt þannig að í venjulegum áreynslu-lausum akstri fer mest afl til fram-hjólanna en um leið og færi breyt-ist aðlagast drifbúnaðurinn að



Miðjustokkurinn er stílhreinn og fallegur en um leið bæði nýtilegur og handhægur.



Sæti og speglar eru rafstýrð með minni fyrir tvo bílstjóra í EXE og Luxury.

aðstæðum þannig að aflinu er miðlað þangað sem það kemur að mestu gagni.

Af öryggisbúnaði má nefna sjö skynjastýrða loftpúða, þar með talinn hnjóloftpúða fyrir ökumann og vitanlega hemlunardreifingu og stöðugleikastýringu.

Ekki er hægt að skiljast við Lexus RX 350 án þess að nefna græjurnar í bílnum sem eru ótrú-legar, sérstaklega í samspili við framúrskarandi einangrunina. Það er sjaldgæft að upplifa slíka fyllingu í hljómi í bílgræjum.

steinunn@frettabladid.is

LEXUS RX 350	
■ Sjálfskiptur	
■ Skynvætt fjór hjóladríf	
■ Vél 3,5 lV6	
■ Hröðun 0-100 km/klst. 7,8 sek.	
■ Tog 342 Nm	
■ Uppgefin eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri 11,2 l/100	
Verð	
RX 350	5.690.000
RX 350 EXE	6.290.000
RX 350 Luxury	6.980.000



Ávöl formin koma vel í ljós á baksvipnum.



Skottið opnast vel.



Tveimur af þremur aftursætum má renna aftur og fram.



Miðjustokkinn í aftursætinu má opna og kemur þá í ljós glasahaldari og geymsluhólf.



Stórir og góðir hliðarspeglar eru meðal þess sem gerir akstur RX 350 ánægjulegan.



Miðjustokkurinn sem leggja má niður milli aftursæta, séu farþegar þar ekki nema tveir, eykur þægindi.



Þríhyrningsformið er nokkuð gegnumgangandi í útliti bílsins.

allt

ný vöru- & þjónustu-skrá á visir.is

visir

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



Ökumaður fjarlægir bíl með sérhönnuðu mótorkhjól af götu í Sjanghæ í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hjól dregur bíl

Eru stórir dráttarbílar að syngja sitt síðasta?

Það er fátt meira pirrandi en að vera staddur á miðri hraðbraut og bíllinn bilar. Nýlega voru flutt til Kína fjögur lögreglumótorkjól frá Svíþjóð. Er þeim ætlað að draga kyrrstæða bíla af hraðbraut í

Sjanghæ. Mótorkjólín geta auðveldlega dregið fólksbíl allt að 2,5 tonnum. Nóg verður að gera hjá ökumönnum mótorkjólanna en að meðaltali bila fimmtíu bílar á hinni umræddu braut sem liggur í nokkurri hæð í borginni. Það getur auðveldlega orsakað umferðar- tafir sem eru jú lítt vinsælar.

Bentley í stórhug

NÝR OFURSPORTBÍLL ER NÚ Á TEIKNIBORÐINU HJÁ BENTLEY-FYRIRTÆKINU. BÍLLINN MUN KOSTA SVIPAÐ OG ROLLS-ROYCE PHANTOM BÍLARNIR.

Bentley-bílar hafa lengi þótt meðal flottari bíla og kjósa efnaðir bíla-áhugamenn oft slíka bíla. Fyrirtækið vinnur um þessar mundir að hönnun og smíði sportbíls sem kemur á markaðinn næsta sumar. Bíllinn, sem ekki hefur fengið nafn ennþá, mun kosta um 27 milljónir króna þegar hann kemur á markað, sem er svipað og Rolls-Royce Phantom-bílarir kosta. Heimildarmenn segja

að framleiðendur bílsins vilji gefa bílnum nafn sem tengir hann við sólarhringskappaksturinn í Le Mans. Slíkt nafn ýti undir ímynd hans sem sportbíls í fremstu gerð. Nýi bíllinn mun leysa Continental T-bílinn af, en framleiðslu á honum var hætt árið 2002. Öll möguleg þægindi verða í nýja bílnum sem fyrirtækið hefur þó ekki útlistað nánar. Hægt verður að velja um tvær gerðir V-8 véla sem munu skila 450-500 hestöflum, allt eftir því hvað kaupandinn vill. Bílsins er beðið með mikilli eftirvæntingu eins og jafnan þegar Bentley sendir frá sér slíka lúxusbífreið.

- vör



Framleiðslu Continental T frá Bentley var hætt árið 2002.

2009 árgerð Camaro kynnt

GENERAL MOTORS KYNNTI NÝLEGA 2009 ÁRGERÐINA AF CHEVROLET CAMARO. SÁ ÞYKIR MINNA TÖLUVERT Á ÚTGÁFU BÍLSINS FRÁ 1969.

Stærstu bílaframleiðendur heims eru framsýnir og nýlega kynnti General Motors-framleiðandinn 2009 árgerð af Chevrolet Camaro Concept. Útlit bílsins minnir um margt á eldri týpurnar frá dýrðardögum Camaro-bílanna í kringum árið 1969 og því er vel við hæfi að fagna fjörutíu ára afmælinu með þessum hætti. Umhverfissjónarmið virðast hvergi hafa komið nærri hönnun bílsins því

undir vélarhlífinni malar stærðarinnar átta strokka og sex lítra vél sem skilar bílnum 400 hestöflum. Gamaldags útlit og fágun munu einkenna þetta sex gíra tryllitæki sem mun koma á göturnar innan þriggja ára. Bob Lutz, aðstoðarforstjóri GM, sló á léttta strengi á sýningunni og sagðist elska þennan bíl en það eina sem stæði í vegi fyrir því að framleiðsla gæti hafist væri að hann næði að sannfæra Rick Wagoner, stjórnarformann GM, um að veita fjármagn til framleiðslunar. Bíllinn verður að öllum líkindum einnig fáanlegur með sex strokka vél.

- vör



Framtíðin í Camaro-bílum.



Hægst hefur á innflutningi á bílum.

Tæpur bíll á hvern og einn

Næstum því allir ökuferir einstaklingar á Íslandi hafa bíl til umráða, samkvæmt nýjum tölum sem sýna að 0,9 fólksbíl- ar eru til á hvern bílstjóra.

Á árunum 1994 til 2000 fjölgaði bílum hér á landi hratt. Árið 1994 voru 0,65 bílar á hvern íbúa í landinu á aldrinum 18-75 ára en um aldamótin voru bílarnir orðnir 0,8 á íbúa. Fjölgunin síðustu ár hefur einnig verið ör og nú er svo komið að fjöldi fólksbíla er orðinn 0,9 á hvern íbúa. Tölurnar ná ekki yfir sautján ára bílstjóra sem nýlega hafa fengið ökuréttindi.

Tæplega 190.000 bílar eru skráðir hér á landi samkvæmt tölum frá Umferðarstofu. Í síðasta mánuði jókst innflutningur á bílum nærri því ekkert, sem er óvenjulegt því í byrjun sumarsins er innflutningur þeirra yfirleitt mjög kröftugur. Á sama tíma í fyrra jókst innflutningur á bílum töluvert en stendur nú í stað. Þróun þessa má rekja til lækandi gengis krónunar og jafnvel að bílamarkaðurinn hér á landi sé að einhverju leyti orðinn mettur eftir mikinn innflutning síðustu ára.

- vör

HLÍFÐU BÍLNUM



Eigum ávallt til á lager ljósahlífar, húddhlífar og gluggavindhlífar á eftirtaldar gerðir bíla:

Ford · Honda · Hyundai · Isuzu · Jeep · Kia · Land Rover
Mazda · Mitsubishi · Nissan · Peugeot · SsangYong · Subaru
Suzuki · Toyota · Volkswagen



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

06-010 KC



Hydrema
árg. 2001 - Vst. 4.400



Fiat Hitachi
árg.1998 - Vst.4.600



JCB 526-55 Super
árg.2001 - Vst.4.500



JCB 3CX
árg.2000 - Vst.7.400



Bobcat 328
árg. 2000 - Vst.1.656



VÉLAVER H

Símar 588 2600
og 893 1722
www.velaver.is

allt

nám o.fl.

Íslensk orðabók er klassísk gjöf fyrir námsmenn sem og aðra Íslendinga. Svo er ekkert sem bannar að fjárfesta í svoleiðis sjálfur.



Pau hafa lengt sinn sólarhring!

“Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning.”
Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.
“...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor.”
Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.
“...hvergi áður náð jafn hárrí ávöxtun á tímasparnað ...”
Fylkir Sævarsson, 39 ára lönfræðingur.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviþbyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

NÝTT 3. vikna hraðnámskeið 4. júlí

NÝTT 6. vikna hraðnámskeið 20. júlí

... Akureyri 3. vikna hraðnámskeið 26. júní (nokkur sæti laus)

Skráning á sumarnámskeið er hafin

á www.h.is og í síma 586-9400



VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.



Sigþór verður mikið á ferðinni í sumar.

FRÉTTABLAÐID/HEIDA

Gengur með erlenda ferðamenn um Ísland

Sigþór Örn Rúnarsson lærði gönguleiðsögn í Leiðsöguskóla Íslands í Kópavogi í vetur og vinnur sem gönguleiðsögumaður hjá Fjallaleiðsögumönnum í sumar.

Í leiðsöguskóla Íslands er boðið upp á þrjár brautir, almenna braut, gönguleiðsögubraut og afþreyingarleiðsögubraut. „Námið er eitt ár og allir eru í almennu námi fyrir áramót og geta svo valið sér braut eftir áramót,“ segir Sigþór. Hann segir að flestir velji hefðbundna rútuleiðsögn en einhverjir hafi þó áhuga á gönguleiðsögn. „Nám í rútuleiðsögnin hefur verið í boði lengi en nýlega var farið að bjóða upp á gönguleiðsögn sem valmöguleika líka.“

Sigþór er mjög ánægður með námið í Leiðsöguskólanum. „Skólinn er skemmtilegur og við lærum

mikið um landið. Í gönguleiðsögninni fengum við fullt af hæfu fólki til þess að lýsa fyrir okkur svæðum sem það er sérfrótt um og það var gaman að hlusta á það. Á meðan náminu stóð þurftum við líka að fara í ýmsar ferðir og við fórum meðal annars í fimm daga gönguferð í lokin.“

Sigþór er gönguleiðsögumaður hjá Fjallaleiðsögumönnum í sumar en hann hefur starfað sem gönguleiðsögumaður síðustu tvö sumur. „Ég hef verið að fara Fjallabak, Laugavegin, í Landmannalaugar og Skaftafell og á þessa hefðbundnu ferðamannastaði þar sem eru gönguleiðir. Ferðirnar eru mislangar og ég hef verið að fara í dagsferðir upp í Heiðmörk og á Hengilssvæðið en líka upp í tólf daga ferðir með tjöld.“

Sigþór fer aðallega í ferðir með erlenda ferðamenn. „Ég er spænskumælandi og hef verið að taka spænskumælandi hópa en

einnig Breta. Frakkar og Þjóðverjar eru reyndar þeir ferðamenn sem eru mest í því að ganga um Ísland svo þeir gönguleiðsögumenn sem eru frönskumælandi eru í mjög góðum málum. Miðjarðarhafsbúar eins og Ítalir og Spánverjar hafa ekki verið eins duglegir að koma hingað þó að það hafi verið að aukast á síðustu árum.“

Spænskukunnáttan hefur nýst Sigþóri vel í starfi en hann lærði spænsku þegar hann var skiptinemi í Suður-Ameríku. „Ég er búinn að vera í ferðamennsku síðan 1999 og var að vinna sem fararstjóri á Spáni áður en ég fór að starfa sem gönguleiðsögumaður.“

Í sumar verður nóg að gera hjá Sigþóri þar sem hann ætlar að ganga um landið með fjölda erlendra ferðamanna og sýna þeim náttúruperlur Íslands.

emilia@frettabladid.is

Mikið brottfall vegna atvinnutækifæra

Góðir atvinnumöguleikar getu verið orsök mikils brottfalls úr íslenskum framhaldsskólum.

Brottfall á framhaldsskólastigi er óvíða jafn mikið í Evrópu og hér á landi, segir í 14. tölublaði Vefrits menntamálaráðuneytisins. Íslendingar eru þar í hópi með Spánverjum, Portúgölum og Maltverjum. Svo virðist sem Íslendingar eigi sameiginlegt með þessum þjóðum mikla atvinnuþátttöku ungs fólks.

Í skýrslunni Study on Early School Leavers sem nýverið var unnin fyrir Evrópusambandið voru Evrópuþjóðir bornar saman og skoðað hvað einkennir þau ungmennti sem hætta snemma í námi, hvernig þeim vegnar á vinnu- markaðnum og hvaða möguleika þau hafa á að snúa aftur í skóla síðar.

Sérstaða Íslands virðist einkum felast í miklum atvinnumöguleikum og þátttöku ungs fólks í atvinnulífinu, en atvinnumöguleikar ungs fólks eru samkvæmt skýrslunni hvergi meiri en hér á landi. Auk þess séu atvinnumöguleikar ungs fólks sem ekki lýkur námi svipaðir og þeirra sem ljúka framhaldsskóla. Árið 2004 stund-



Brottfall á framhaldsskólastigi er óvíða jafn mikið í Evrópu og hér á landi.

FRÉTTABLAÐID/TEITUR

uðu 54 prósent stúlkna og 36 prósent pilta vinnu með framhaldsskóla og um 36 prósent stúlkna og 10 prósent pilta unnu tíu tíma eða meira á viku.

Algengustu afsakanir pilta fyrir að hætta námi, samkvæmt rannsókn Jóns Tófa Jónssonar prófessors og Kristjönu Stellu Blöndal hjá Félagsvísindastofnun, eru námsleiði, peningavandræði og að þeim hafi boðist gott starf, en konur nefna barneignir, peningavandræði og námsleiða. Þrátt fyrir þetta er talið að atvinnumöguleikar ungs fólks hafi mest um það að segja að ungt fólk hætti námi.

- sji



Það er gaman í sundi.

Sundnámskeið fyrir börn

Sundfélagið Ægir stendur fyrir stuttum og skemmtilegum sundnámskeiðum fyrir börn í sumar.

Sund er holl hreyfing og góð skemmtun. Fyrir krakka sem langar að gera eitthvað skemmtilegt og uppbyggilegt í sumarfríinu er tilvalið að skella sér á sundnámskeið hjá sundfélaginu Ægi. Í sumar verður boðið upp á fjölmörg sundnámskeið fyrir börn í Breiðholtiðslauginni og allir krakkar ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Hóparnir eru litlir og miðast við aldur og getu svo námskeiðin henta hvort tveggja þeim sem eru vel syndir og ósyndir.

Skráning stendur yfir og hægt er að finna nánari upplýsingar á heimasíðunni: www.aegir.is

allt

auglýsingasími

550 5880



Renault Megane Scenic, skrd. 08/1999, ek. 116.000 km, 1600cc, Beinskiptur. Ásett verð 740.000 kr Tilboð 599.000 kr 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Citroen Berlingo , skrd. 04/2003, ek. 40.000 km, 1400cc, beinskiptur, Ásett verð 950.000 kr 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Land Rover Discovery, skrd. 09/1999, ek. 100.000 km, 4000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.820.000 kr Tilboð 1.290.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.



Tryggvi segir að nú, eftir að ljóst er að hér verði starfhæf ríkisstjórn og hvernig skipað verður í hana, þurfi á allra næstu vikum að setja saman áætlun um hvernig ná eigi tökum á verðbólguþróuninni. „Þetta verður að gerast ef menn ætla að reyna að slá á verðbólgu með haustinu og sýna launþegum á trúverðugan hátt fram á að þeir eigi að halda aftur af sér í kaupkröfum,“ segir hann og telur ljóst hvað við taki, verði ekki brugðist við. „Þá verðum við bara komin aftur í sama dansinn og fyrir 1990 með víxlverkun launa og verðlags þar sem allt verðskyn hverfur, sem kemur mjög niður á hagkerfinu og skemmir í raun algjörlega hagstjórnina. Þá gætum við sagt að þessi peningamálastjórn hafi bedið skipbrot og ekki blasi



SÚLD Í HÖFUÐBORGinni Náist ekki tök á verðbólguvæntingum með samstilltu átaki ríkisins, Seðlabankans og aðilum vinnumarkaðarins stefnir í óefni í hagstjórn landsins að mati sérfræðinga. Óttast menn að þá taki við víxlverkan verðbólgu og launahækkana sem ekki sjái fyrir endann á.

annað við en láta einhverja aðra um að stjórna henni.“

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir ráð fyrir því gert í spám bankans að aðilar vinnumarkaðarins nái saman í haust. „En höfum um leið gert ráð fyrir að það kosti, það er að til þurfi að koma einhverjar hækkunir launa,“ segir hún og kveðst fagna útspli Samtaka atvinnulífsins rétt eftir mánaðamótin. Þá lögðu samtökin fyrir Alþýðusamband Íslands og landssambönd þess hugmynd að samkomulagi þar sem fyrirséð væru vandræði á vinnumarkaði á næstu mánuðum og misserum. Í haust koma kjarasamningar til endurskoðunar og er þegar ljóst að verðbólguforsendur þeirra eru brostnar. Hugmyndum samtakanna er einkum ætlað að koma til móts við þá sem fá greitt samkvæmt taxa og hafa ekki notið launaskriðs undanfarið ár, auk þess sem þær eiga að slá á sérstök verðbólguþilefni á næsta ári og stuðla að stöðugleika í efnahagsmálum. „Það er náttúrlega rosaalega jákvætt að menn stigi svona fram og má segja að sagan endurtaki sig því síðast stigu líka aðilar vinnumarkaðarins fram og björguðu málum. Stóra málið er að slá á

verðbólguvæntingarnar,“ segir Edda Rós, enda ýti væntingarnar einar undir frekari hækkunir. „Hárgreiðsludama sem þarf að breyta verðskrá hefur þannig tilhneigingu til að hækka hressilega, telji hún sig vita að verðlag fari almennt hækkandi, enda ekki hægt að hræra of oft í verðskránni kunnans vegna.“ Þannig segir Edda Rós alls ekki mega vanmeta mikilvægi baráttunnar við verðbólgu og verðbólguvæntingar. „Hagfræði er bara svo mikil sálfræði,“ segir hún og kallar jafnframt eftir aðkomu stjórnvalda. „Núna hefur ný stjórn tækifæri til að taka af skarið. Það getur haft gríðarleg áhrif, bæði á verðbólguvæntingar hér heima og eins á tiltrú erlendra fjárfesta, en þeir stýra gengi krónunnar og þar með skammtímaverðbólgunni.“

VIÐKVÆMT ÁSTAND VEGNA VERÐBÓLGU

Í sama streng tekur Þóra Helgadóttir, sérfræðingur á greiningardeild Kaupþings banka, en gengur ekki svo langt að spá því að menn nái saman í samningum og telur vandasama siglingu fram undan, ekki síst í ljósi þess að verðbólga mælist nú heldur meiri en búist var við. „Maður vonar náttúrlega að samningar náist svo að hér bresti ekki á uppnám og verkföll á vinnumarkaði með enn meiri launaþrýstingi í haust. Við gerum hins vegar ráð fyrir að verðbólga nái hámarki í haust, um það leyti sem samningar eru til endurskoðunar. Ef við sjáum svo launaskrið bætast þar við eykst hættan á að við taki verðbólgu skeið, í stað verðbólguþrýstings vegna gengislækkunar,“ segir hún og bætir við að greiningardeild bankans hafi fagnað útspli Samtaka atvinnulífsins fyrir helgi og telji að verði hún samþykkt í meginráttum muni það draga verulega úr óvissu, slá á verðbólguvæntingar og draga úr hættu á víxlverkun launa og verðlags. „En ástandið er mjög viðkvæmt, sérstaklega í ljósi þess í hversu miklu verðbólguumhverfi við erum.“

Frá því fyrir helgi hefur Alþýðusambands Íslands átt í viðræðum við forsvarsmenn ríkisstjórnarflokkanna um aðkomu stjórnvalda að endurskoðun kjarasamninga og halda þær áfram næstu daga. Sambandið hefur lýst nokkurri óánægju með fyrstu viðbrögð ríkisstjórnarinnar þar

sem hafnað var hugmynd um nýtt skattþrep á lægri tekjur auk endurskoðunar á lögum um eftirlaun ráðherra, þingmanna og æðstu embættismanna. „Ríkisstjórnin er hins vegar tilbúin að skoða eitthvað í skattkerfinu til að koma til móts við þá sem eru þar með lókustu stöðuna. Það á eftir að koma í ljós hvað það þýðir. Við eigum líka eftir að fara yfir það hvort við sættum okkur við að þessari kröfu sé alfarið hafnað,“ segir Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambandsins, og vill engu spá um næstu skref. „Málið er í áframhaldandi vinnslu bæði við Samtök atvinnulífsins og fulltrúa ríkisstjórnarinnar og því óvíst um framhaldið.“

JAFNVÆGISGENGI Á NÆSTA ÁRI

Núna mælist verðbólga 8 prósent, en var 7,6 prósent í síðasta mánuði og því nokkuð ljóst að stýrivaxtahækkanaferli Seðlabankans heldur áfram. Greiningardeild Glitnis banka spáir því til að mynda að stýrivextir verði orðnir 13 prósent fyrir árslok, en þeir standa nú í 12,25 prósentum. „Verðbólga er nú meira en þrefalt verðbólgu markmið Seðlabankans og um er að ræða tuttugasta og sjötta mánuðinn í röð sem verðbólga mælist yfir markmiði bankans. Við höfum spáð því um hríð að verðbólga nái hámarki í um 9 prósentum í árslok en hún hjaðni í framhaldinu á næsta ári. Reiknum við með því að Seðlabankinn nái verðbólgu markmiði sínu í lok næsta árs,“ segir í nýju áliti greiningardeildarinnar.

Glitnir gerir í spá sinni ráð fyrir nokkurri hjöðnun á næsta ári. Bæði muni íbúðaverðlækka vegna mikils framboðs og minni aðgangs fólks að lánunum. „Verðbólguþrýstingur sem nú gengur yfir dregur úr kaupmætti og tiltrú neytenda á efnahagsmálin hefur snarminnkað. Þessir þættir munu valda hraðari hjöðnun verðbólgu en ella,“ segir bankinn og gerir ekki ráð fyrir verðbólgu skeiði. „Gengi krónunnar hefur lækkað geysilega hratt undanfarna mánuði sem skapar tímabundinn þrýsting til hækkunar verðlags. Teljum við að gengisvísitalan muni fara í um 135 stig að meðaltali á síðasta fjórðungi ársins en lækki á ný á næsta ári og nái jafnvægi í um 120 stigum að meðaltali á seinna helmingi 2007.“



BYGGINGARVINNA Í hagkerfinu er þensla, atvinnustig hátt, neysla mikil og væntingar um aukna verðbólgu. Kallað er eftir aðgerðaaætlun ríkisstjórnarinnar til að bregðast við.



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

mentis
HUGBÚNAÐUR

Sígtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

FORESTER



„Okkur finnst gaman að fara út á land
en ég nenni ekki að keyra eitthvað skrímsli.“

JÓNSSON & LEWIS • JÚNÍ

SYMMETRICAL AWD

Subaru Forester er mun öflugri en margir stærri jeppar en samt lipur og léttur í akstri. Gerðu samanburð á verði, stærð, krafti og endingu, þú kemst alltaf að sömu niðurstöðu. Forester er án efa ódýrasti sjálfskipti jepplingurinn á markaðnum í dag.

Forester **2.590.000,-** Forester PLUS **2.790.000,-** Forester LUX **3.050.000,-**

Ingvar HelgasonSævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Selfossi 482-3100	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reyðarfirði 474-1453
----------------------------	----------------------	----------------------	----------------------	-------------------------------	-------------------------

Júnípakki: 180.000 kr.

Aukahlutapakki fylgir með í júní.

Upphækkun, heilsársdekk og 16" álfelgur.

STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 lítra - 158 hestöfl, fjórhjóladríf, hiti í speglum, hraðastillir (PLUS), hiti í sætum (PLUS), hiti í framrúðu (PLUS) sjálfvirk loftkæling (PLUS), kastarar í stuðara (PLUS), sóllúga (LUX), aðgerðastýri (LUX), leðurinnrétting (LUX).

www.subaru.is

**ÆSTIR BRASILSKIR VERÐBRÉFA-
MIÐLARAR Á MARKAÐI Í SAO PAULO**
Hlutabréf á nýmörkuðum hafa gefið veru-
lega eftir á undanförmum mánuði. Erlendir
verðbréfa- og vogunarsjóðir, sem dældu
milljörðum dala í hlutabréf á fyrstu fjórum
mánuðum ársins, hafa snúið sókn í vörn
og selt hlutabréf af ótta við að vaxtahækk-
anir peningamálayfirvalda muni draga
meira úr hagvexti í nýjum hagkerfum en
þeim rótgrónari. NORDIC PHOTOS/
AFP



Fjárfestar flýja *vegna hækk*

Verðbólga er farin að láta á sér kræla í alþjóðahagkerfinu og ætla seðlabankastjórn gamalkunnum brögðum. Það verður ekki sársaukalaus aðgerð því hún veldur minni aði fyrirtækja. Fjárfestar flýja hlutabréf og hrávörur og setja fjármuni í áhættuminni verða mest fyrir barðinu á flýjandi fjárfestum.

**Hagvöxtur í
OECD-rikjum er
áætlaður 2,9 pró-
sent að meðal-
tali á næsta ári,
samanborið við
áætlaðan hag-
vöxt upp á 3,1
prósent í ár. Þarf
að fara aftur til
upphafs áttunda
áratugarins til
að finna jafn
mikinn hagvöxt
yfir þriggja ára
skeið.**

Erlendir hlutabréfa- og hrávörumarkaðir hafa verið að gefa eftir frá því um miðjan maí vegna ótta fjárfesta við að áframhaldandi vaxtahækkanir seðlabanka muni minnka hinn mikla hagvöxt sem hefur drifið hagkerfi heimsins áfram. Þótt ýmsar vísitölur hafi lækkað umtalsvert er þó varla hægt að tala um hrun enn sem komið er ef lítið er aftur í tímann þar sem hlutabréfaferð á erlendum mörkuðum hefur hækkað látlaust í nokkur ár. Betra væri að lýsa þessu sem leiðréttingu á ofurbjartsýni.

MESTA VERÐBÓLGA Í ÁRATUG

Fjármálaráðherrar átta helstu iðnríkjanna, sem funduðu um helgina í Pétursborg í Rússlandi, hafa slegið á áhyggjur fjármála-sérfræðinga með því segja að alþjóðahagkerfið sé það öflugt að það eigi að standa af sér þær vaxtahækkanir og hlutabréfa-lækkanir. Þrátt fyrir lækkunir á hlutabréfa-mörkuðum sjá þeir mörg jákvæð teikn á lofti um að alþjóðahagkerfið haldi að vaxa hratt með öruggum hætti. Þeir viðurkenna samt að mikill og viðvarandi viðskiptahalli í Bandaríkjunum og hátt olíuverð kunni að draga úr þeim mikla vexti sem við höfum séð í hagkerfum heimsins. Hagvöxtur í OECD-rikjum er áætlaður 2,9 prósent að meðaltali á næsta ári samanborið við áætlaðan hagvöxt upp á 3,1 prósent í ár. Þarf að fara aftur til upphafs áttunda áratugarins til að finna jafn mikinn hagvöxt yfir þriggja ára skeið.

Þessum öra vexti fylgja þó sýnilegir vaxtarverkir. Hefur verið bent á að verðbólga hafi ekki mælst meiri á alþjóðavísu í meira en einn áratug. Ef kenna ætti einum þætti um hvers vegna verðbólga fer vaxandi verður að benda á mikla hækkun á olíu, hrávörum og góðmálum frá áramótum, en olíuverð hefur til dæmis hækkað um þriðjung á einu ári.

Ástæður vaxtahækkana um allan heim í síðustu viku, sem komu sumum sérfræðingum í opna skjöldu, eru tengdar ótta yfirvalda efnahagsmála við að verðbólga sé að fara úr böndunum. Vextir voru hækkaðir um

fjórðung úr prósentustigi í Evrulandi eins og búist hafði verið við, en stjórnvöld í Indlandi, Suður-Afríku og Suður-Kóreu komu á óvart með því að hækka vexti. Fastlega er búist við því að bandaríski seðlabankinn, sem hefur sextán sinnum hækkað vexti frá árinu 2004, hafi ekki sagt sitt síðasta orð. Ben S. Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, hefur lýst því yfir að bandarísku hagkerfi standi nú mest ógn af verðbólgu. Stýrivextir bankans standa nú í fimm prósentum og nær öruggt er talið að Evrópski seðlabankinn hækki áfram vexti.

Í þessu ljósi er áhugavert að líta til

Spekúlantar flýja koparinn

Kopar er gott dæmi um góðmál sem hækkaði hratt vegna hreinnar spákaupmennsku, væntinga fjárfesta um að hann gæfi betri ávöxtun en hlutabréf og skuldabréf. Málmurinn náði hæsta verði hinn 11. maí, þegar tonnið kostaði 8.800 Bandaríkjadali, en í byrjun vikunnar seldist tonnið á 6.880 dali, sem er fimmtungslækkun. Sjóðsstjórar í vogunarsjóðum og aðrir

stórir spákaupmenn hafa nú stórkauðið skortstöður í framvirkum samningum með kopar, sem merkir einfaldlega að þeir veðja á verðlækkun. Hefur fjöldi skortstöðusamninga aukist um fimmtán prósent frá síðustu viku



og það sama er uppi á teningnum hvað aðra mála varðar. Þótt verð á kopari hafi fallið að undanförmu hefur málmurinn hækkað um 66 prósent á þessu ári, sink um 74 prósent og ál um tíu af hundraði.



FLUTTUR AÐ HEIMAN
Arnar Jónsson féll fyrir golfinu
SJÁ BLS. 5



**BLEIK SETT OG
JAPANSKAR KÚLUR**
Vinsælustu golfvörurnar
SJÁ BLS. 7

[SÉRBLAÐ UM GOLF – MIÐVIKUDAGUR 14. JÚNÍ 2006]

hola í höggi



NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ostur
Sláandi góður!



Sérhannaður fyrir íslenskar aðstæður

Fyrirtækið 66° Norður hefur sett á markað nýja fatalínu af sérhönnuðum golffatnaði sem hannaður er í samstarfi við íslenska atvinnukylfinga.

Nýjasta línan í hönnun og framleiðslu hjá 66° Norður er sérhannaður golffatnaður sem nú er kominn á markað og fæst í öllum verslunum fyrirtækisins. Unnið er með svokallaða vinnuvistfræði (ergonomy) að leiðarljósi þar sem markmiðið er að laga framleiðsluvöruna sem best að þörfum þeirra sem nota hana.

Við hönnun á golffatnaði skiptir mestu máli hvað kylfingarnir sjálfir vilja og þurfa. Nýi golffatnaðurinn er hannaður og prófaður í samstarfi við raunverulega notendur vörunnar. Hönnuðurinn starfaði með þremur íslenskum atvinnukylfingum, þeim Birgi Leifi Hafþórssyni, Ólafi Má Sigurðssyni og Ólöfu Mariu Jónsdóttur. Fyrirtækið er nú einnig komið í samstarf við Úlfar Jónsson, kylfing og golfkennara.

Golf er íþrótt sem krefst mikill-

ar einbeitingar og meðal annars er mikilvægt að skjáf eða vindhljóð í fatnaði trufla ekki kylfinginn í sveiflunni eða þúttinu. Þess vegna eru nýju golffötin framleidd úr hljóðlátu efni og henta þau einstaklega vel við íslenskar golfaðstæður, vindasamt umhverfi.

Jakkar, stakkar og buxur eru vind- og vatnsheld en jafnframt með fóðri sem andar. Efnið hefur einnig þann eiginleika að fæla moskitóflugurnar frá, sem hentur þeim sem huga að golfferðum erlendis.

Rennilásar eru vatnsheldir og á jökkum og stökkum eru vasar á baki fyrir skorkortið. Golffatnaðurinn er einstaklega léttur og þægilegur þannig að ekkert haldi aftur af eða trufla kylfinginn í sveiflunni, auk þess sem auðvelt er að pakka hlífðarfatnaðinum í golfpokann.



Korpa. Herrerapeysa á 6.900 kr.



Setberg. Vind- og vatnsheldur jakki úr teygjanlegu öndunarefni. Auðvelt er að pakka honum í golfpokann og fælir hann frá moskitóflugur. 18.800 kr.



Korpa. Dömupeysa á 5.900 kr.



Setberg. Stakkur fyrir krakka á aldrinum 8-14 ára. Auðvelt er að pakka honum í golfpokann og hann fælir frá moskitóflugur. 7.500 kr.



Hvaleyri. Buxur á krakka á aldrinum 8-14 ára. Vatnsheldar fóðraðar öndunarbuxur með vatnsheldum rennilás. 8.500 kr.



Hvaleyri. Herra- og dömupeysur sem eru vatnsheldar fóðraðar öndunarbuxur með vatnsheldum rennilás. 18.800 kr.



Hvaleyri. Vind og vatnsheldur jakki með vatnsheldum rennilás. Unnin úr hljóðlátu efni svo ekkert trufla einbeitinguna. 23.800 kr.



ÍT ferðir bjóða einnig upp á ferðalög til La Cala Golf Resort, fimm stjörnu golfsvæðis með þremur völlum nálægt Malakka á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÍT FERDIR

Mesta golfparadís Evrópu

Forsvarsmenn ÍT ferða sérhæfa sig meðal annars í stöðluðum og sérsniðnum hópferðum fyrir atvinnu- og áhugamenn um golf.

Að sögn Harðar Hilmarssonar, framkvæmdastjóra ÍT ferða, er boðið upp á ferðir til einnar mestu golfparadísar Evrópu vor og haust, það er La Manga á Spáni, sem hefur þrísvar sinnum á síðustu fimm til sex árum verið valið eitt besta golfsvæði Evrópu.

„Þetta er nánast eins og þorp, þar sem þarna er allt til alls,“ segir Hörður. „Velja má um gistingu annað hvort á fimm stjörnu Hyatt-hóтели eða fjögurra stjörnu íbúðargistingu. Svo er úr hvorki meira né minna en fimmtán veitingastöðum að velja fyrir þá sem hafa kvöldverð innifalinn í pakkanum. Annars eru þarna þrjátíu veitingastaðir í það heila, að ógleymdum þremur golfsvæðum.“

Fyrir byrjendur eða þá sem vilja einfaldlega bæta kunnáttuna er síðan boðið upp á einkaþjálfun eða fimm daga nám við golfakademíu á La Manga. Að sögn Harðar er kennt



Vellirnir sem eru innifaldir í þökkunum hjá ÍT ferðum eru allir í fremsta gæðaflokki, hvort heldur á La Manga eða La Cala. FRÉTTABLAÐIÐ/ÍT FERDIR



Á La Cala er hægt að hefja daginn á góðum og næringarríkum morgunverði með útsýni yfir golfsvæðið. Eftir viðburðaríkan dag á vellinum má einnig skála í góðu víni á veröndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÍT FERDIR

fyrir hádegis og því hægt að spila golf eftir hádegis. „Af annarri þjónustu má nefna leigu á bílum, kerrum og settum, þótt flestir kjósi að hafa eigin sett meðferðis,“ segir Hörður. „Menn hafa að vonum verið himinlifandi með ferðirnar og flestir fara aftur að ári,“ bætir hann við. Nánari upplýsingar eru á www.itferdir.is



Margt er hægt að gera sér til dægurstyttingar á þeim stöðum sem ÍT ferðir bjóða upp á í golfþökkunum sínum, þar á meðal svamla um í sundlaug á heitum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÍT FERDIR

Sérstök gleraugu og linsur fyrir golfið

Hönnuð hafa verið sérstök gleraugu og linsur til að hjálpa fólki sem stundar golf til að sjá betur.

Gleraugna- og linsuframleiðendur hafa brugðist við vinsældum golfsins og hannað bæði sérstök gleraugu og linsur fyrir golfiðkendur. Gleraugun auka skerpu og hægt er að fá þau með og án styrkleika. Með styrkleika henta þau sérstaklega þeim sem þurfa að nota margskipt gler, en nærsvæðið er þar stækkað til muna. Sá sem stendur með kylfu í hendi og horfir niður á golfkúluna í gegnum hefðbundið margskipt gler sér

kúluna ekki nægilega skýrt þar sem hann horfir í gegnum nærsvæði glersins. Hins vegar með glerinu sem sérhannað er fyrir golf er nærsvæðið stækkað og kúlan sést því mjög skýrt í gegnum nærsvæðið. Auk þess ykir glerið andstæður svo auðveldara er að sjá hlutina skýrar, jafnt sem þau hleypa engum glampa í gegnum sig. Gleraugu sem þessi er jafnframt hægt að nota við akstur og sem fristundagleraugu.

Nike hefur þróað linsur sem eru sérstaklega ætlaðar til íþróttaiðkunnar. Tvær tegundir eru af linsunum, annars vegar grænar að lit sem henta í golfið og hins vegar appelsínugular sem henta til dæmis í fótboltann. Þær taka út allan glampa og virka þannig eins og sólgleraugu og þær ýkja allar andstæður. Litir og hlutir verða skýrari og auðveldara er að sjá. Þær voru þróaðar



Miklu máli skiptir að sjá vel þegar boltinn er sleppinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÍT FERDIR



Íþróttalinsurnar frá Nike eru grænar að lit og virka að sumu leyti eins og sólgleraugu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÍT FERDIR

fyrir íþróttafólk svo það þurfi ekki að vera með gleraugu á nefinu sem geta verið truflandi, og fást linsurnar með eða án styrkleika.

Gleraugun er hægt að fá í Gleraugnasmiðjunni ásamt linsunum en linsurnar fást einnig hjá Plús mínus, eða á www.plusminus.is.

MUNIÐ BÍLBELTIN



UMFERÐARSTOFA



Ólöf María Jónsdóttir atvinnukylfingur hefur æft vel og horfir björtum augum til framtíðarinnar.

Draumur að veruleika

Ólöf María Jónsdóttir er eini Íslendingurinn sem hefur fengið fullt kort á Evróputúrinn. En hvernig komst hún í atvinnumennskuna?

„Ég var þrettán ára gömul þegar ég fór að spila með vinkonu minni og foreldrum hennar,“ segir Ólöf. „Fyrstu tvö árin var þetta hálfgerð dútl en eftir það færðist smám saman alvara í leikinn. Það var þó ekki fyrr en ég fór að læra næringarfræði við háskóla í Bandaríkjunum sem ég fór út í atvinnumennsku.“

Innt eftir því hvernig lagt sé út í atvinnumennsku í golfi segir Ólöf að menn þurfi að skrá sig á árlegt úrtökumót. „Ég tók þátt í tveggja stiga úrtökumóti á Spáni og komst þar áfram,“ útskýrir hún. „Þetta virkar eins og sía þar sem bestu eingöngu leikmennirnir komast í gegn í tveimur lotum, en ekki er farið eftir stigagjöf.“

Kylfingar þurfa einnig styrktaraðila svo atvinnumennska verði að veruleika og segist Ólöf spila í klæðnaði eða með kylfur tiltekinnar fyrirtækja í staðinn fyrir styrki. „Ég er til dæmis í fatnaði frá 66° Norður og ég spila stundum golf við viðskiptavinum styrktaraðilana,“ útskýrir hún.

Þegar úti í atvinnumennsku er komið þýðir síðan ekki að slá slöku við og kylfingar verða að sinna íþróttinni eins og hverri annarri vinnu ætli þeir sér að ná langt.

„Ég æfi flesta daga og finnst ég spila betur núna heldur en í fyrra, þótt stigagjöfin sýni það ekki. Það vantar aðeins á til að þetta gangi mjög vel,“ segir hún loks.

Aðeins það besta

Forsvarsmenn GB ferða bjóða upp á golfferðir allt árið um kring. Að sögn Jóhanns Péturs Guðjónssonar framkvæmdastjóra er aðeins farið á staði sem uppfylla ströngustu gæðaskilyrði, hvort sem um tilbúna eða sérsniðna hópferðir er að ræða.

„Við höfum lagt áherslu á ferðir til Bretlandseyja,“ útskýrir Jóhann. „Það er frábært að fara til London þar sem vellirnir í kring skipta hundruðum. Við bjóðum til dæmis upp á ferðir til Fox Hills & Club Resort, sem er fjögurra stjörnu hótél með tveimur átján holu og einum níu holu velli. Hótelið er ekki nema í tuttugu mínútna akstursfjarlægð frá Heathrow, þannig að hægt er að taka hring á vellinum sama dag og fólk fer út, fljúgi það með morgunfluginu. Síðan er hægt að spila daginn sem fólk fer heim, verði kvöldflugið fyrir valinu. Þannig að tveggja til þriggja daga ferð nýtist vel.“

Að sögn Jóhanns er nú einnig boðið upp á golfferðir til Manchester, en Icelandair hóf nýlega áætlunarflug þangað. „Við notum vinsælasta golfhótelið, Marriott Worsley Park, sem býður upp á þrjá veitingastaði, tvo bari, heilsulind, átján holu golfvöll og gott æfingasvæði svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Jóhann.

Þá skipuleggur GB einnig ferðir til St. Andrews á Skotlandi, sem sumir kalla Mekka golfsins. „Okkur stendur eitt hótél til boða, Rusacks, sem var nýverið gert upp en hótelið verða tvö í haust,“ segir Jóhann. „Rusacks liggur við 18. brautina á Old Course í St. Andrews. Inni í St. Andrews eru sex-sjö vellir og mikið af golfvöllum í klukkutíma radius frá bænum. Þarna er góð stemning, enda nóg af veitingastöðum og knæpum. Við sjáum um flug og gistingu en látum fólk eftir að velja vellina, með eða án okkar aðstoðar, þar sem úrvalið er svo fjölbreytilegt.“

Marriott Druids Glen er síðan eitt þeirra golfsvæða sem farið er til á Írlandi. „Þetta er fimm stjörnu hótél með tveimur átján holu völlum,“ segir Jóhann. „Svo eru aðrir frábærir vellir í kring eins og the European og the Island. Síðast en ekki



Í Orlando er boðið upp á tvo golfvelli sem hannaðir eru af Greg Norman, einum frægasta kylfingi veraldar.



Vellirnir í Fox Hills eru þrír; tveir átján holu og einn níu holu völlum. Þeir eru ólíkir þannig að fjölbreytni ríkir. Fox Hills er perla bresku golfsvæðanna.



Omni Orlando Resort er flottasta golfhótél Orlando og ekki við öðru að búast en að þar fari vel um íslenska kylfinga.

sist bjóðum við upp á ferðir til Omni Orlando Resort, sem er langflottasta golfhótél Orlando.

Þetta er stórt hótél, með tveimur Greg Norman-golfvöllum og golfakademíu, sem David Leadbett-

er, einn frægasti golfkennari heims, rekur. Þetta eru þeir staðir sem við munum halda okkur við enda aðeins boðið upp á það besta,“ segir Jóhann í lokin. Nánari upplýsingar á www.gbferdir.is

Nýjung!

Golfgleraugu með kontrastauka

fáanleg með og án styrkleika líka með margskiptgler/multifocal með spezial styrkleika skarpari sjón, fjær-teighögg-pútt



Gleraugnasmiðjan ehf
Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sími 588 9988
gleraugnasmiðjan@simnet.is

Gleraugnabúðin
Laugavegi 36, 101 Reykjavík
Sími 551 1945
optiker@vortex.is

Saga golfsins 1354-1754

1354 Fyrsta ritaða heimildin um leikinn „chloe“, undanfara golfs, sem spratt upp úr hokki og byrjaði í Flæmingjalandi.
1421 Skotar kynnast golfi þegar þeir aðstoða Frakka gegn Englendingum í umsátrinu við Bauge.
1457 Golf bannað í Skotlandi af James II þar sem það truflar heræfingar í stríðinu gegn Englendingum.
1502 Banninu aflétt þegar Englendingar og Skotar gera með sér milliríkjasamning í Glasgow.
1567 Fyrsti þekkti kvenkylfingurinn, Mary Skotadrottning, bregður sér í golf stuttu eftir dauða eiginmanns síns.
1641 Karl I er í golfi þegar hann fréttir af uppreisn Íra, sem markar upphaf ensku borgarastyrjaldarinnar. Hann klárar hringinn.

1659 Fyrsta tilvísun í golf í Ameríku, þegar bannað er að spila íþróttina á götum Albany í New York.
1743 Fyrsta golfritið, The Goff eftir Thomas Mathison, kemur út.
1744 Fyrsti golfklúbburinn, Félagskapur heiðvirðra kylfinga frá Edinborg, stofnaður.
1754 Kylfingar í St. Andrews gefa út fyrstu golfreglurnar.



Saga golfsins 1768-1900

1768 Fyrsti golfskálinn reistur í Leith.
1810 Elsta heimilid um kvennakeppni í golfi í Nusselburgh.
1832 North Berwick heimilar fyrstur golfklúbba þátttöku kvenna. Þeim er þó meinað að keppa.
1857 H.B. Farnie gefur út fyrstu golfhandbókina undir dulnefninu „Keen hand“.
1875 Opna breska meistaramótið haldið í fyrsta sinn á Old Course.
1888 Stofnun St. Andrews golfklúbbsins, elsta starfandi golfklúbbs í heimi.
1897 Golf, fyrsta golfímarit Ameríku, gefið út.
1898 Haskell-kúlan, fyrsta kúlan sem er í kjarna úr gúmmi, hönnuð.
1900 Golf skráð sem keppnisgrein á seinni Ólympíuleikunum í París.



Sama ár verður Harry Varden fyrsti kylfingur til að vinna bæði Opna breska og bandaríska meistaramótið í golfi.



Club Car Golfbílar

Club Car er leiðandi framleiðandi í heiminum á smábílum Bensín eða ramagn. Tæknilega fullkomnir, öruggir og liprir í notkun.

N Ý S E N D I N G

Söluaðili Vetrarsól ehf Askalind 4 kópavogi S 564 1864 Netfang Vetrarsol@simnet.is





Höður Þorsteinsson er bjartsýnn á framtíð golfs á Íslandi og segir að það kæmi sér ekki á óvart þótt það yrði vinsælast íþróttagreina er fram liða stundir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vinsælust íþróttagreina

Golfsamband Íslands er næststærsta sérsamband innan Íþróttasambands Íslands, með 14.000 meðlimi sem fjölgar óðum. En hver er staða golfs á Íslandi og hvernig verður brugðist við þessari aukningu?

„Aukning iðkenda í golfi hefur verið 8-10 prósent seinustu tíu ár,“ segir Höður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Golfsambands Íslands. „Samkvæmt niðurstöðum úr skoðanakönnun sem Gallup framkvæmdi fyrir Golfsambandið spila á bilinu 35-38 þúsund Íslendingar golf að staðaldri og er þá miðað við kylfinga sem fara fimm sinnum eða oftar á ári í golf.“

Höður segir að alltaf sé verið að skoða nýja möguleika á uppbyggingu golfvalla á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess til að koma til móts við þann fjölda kylfinga sem stundar golfíþróttina. „Í dag er unnið að stækkun valla á höfuðborgarsvæðinu. Vífilstaðavöllur verður 27 holur

frá og með næsta ári og Golfklúbbur Reykjavíkur hefur fengið vilyrði til að stækka Korpúlfsstaðavöll í 27 holur,“ segir hann. „Hafnfirðingar eru með nýtt land undir golfvöll við Hvaleyrarvatn og verið er að vinna að byggingu alþjóðlegs golfvallar í Þorlákshöfn.“

Að sögn Harðar er þjónusta við kylfinga til fyrirmyndar hérlandis. „Það hefur mikil framþróun átt sér stað í umhirðu golfvalla,“ segir hann. „Um það bil fjörutíu Íslendingar hafa lært golfvallarumhirðu í Skotlandi og flestir þeirra starfa nú hérlandis þannig að betur er hugsað um vellina að öllu leyti.“

Þá segir Höður að stærri golfklúbbarnir innan sambandsins hafi gert samninga við golfklúbba utan

höfuðborgarsvæðisins, svo félagsmenn fái að spila ókeypis á völlum þeirra. „Þannig er til dæmis Golfklúbbur Reykjavíkur með samning við fjóra golfvelli,“ segir hann. „Þá eru Golfsambandið og KB banki í samstarfi um að veita félagsmönnum tuttugu prósent afslátt af vallargjöldum, séu þeir með golfkort.“

Höður vill koma því á framfæri að golf henti öllum aldurshópum og sé því góð fjölskylduþrótt. Þá séu Íslendingar í þeirri sérstöðu að geta nýtt vellina vel yfir sumarið þar sem birtutími sé langur þótt tímabilið sé stutt. Hann er bjartsýnn á framtíð golfs á Íslandi og segir að það kæmi sér ekki á óvart þótt Golfsambandið yrði stærsta sérsamband landsins þegar fram liða stundir.

Ungir sem aldnir

Í Golfleikjaskólanum er boðið upp á sérsniðin fjölskyldunámskeið.

„Það eru engin sérstök barna- eða unglinganámskeið í boði,“ segir Anna Día Erlingsdóttir, skólastjóri Golfleikjaskólans. „Við viljum frekar að foreldrar, börn, ömmur og afar mæti saman til að sameinast um þetta áhugamál á sérstökum fjölskyldunámskeiðum hjá okkur.“

Hámarksfjöldi þátttakenda á námskeiði er tólf og er tveimur hópum kennt á viku. „Kennsla hjá fyrri hópnum hefst klukkan 17:30 en hinn byrjar 18:10,“ segir Anna. „Hvert námskeið er fimm daga langt, einn og hálfur tími í senn. Kennsla fer fram á stóru og fallegu útivistarsvæði við Álfanesveginn fyrir aftan Hrafnistu, þar sem staða, grip og grunnsveifla eru meðal annars kennd. Á síðasta degi námskeiðsins er síðan farið upp á lítinn golfvöll uppi á Setbergi, þar sem leikurinn er kenndur, skor skráð niður og sýnt hvernig golf-áhöldin virka. Þegar þátttakendur ljúka námskeiði eiga þeir að geta bjargað sér á þar 3 völlum.“

Að sögn Önnu er lítið mál að skrá sig. „Fólk hringir einfaldlega í mig til að panta fjölskyldunámskeið,“ útskýrir hún. „Fólk vill skiljanlega fræðast aðeins um starfsemi skól-



Anna Día Erlingsdóttir hefur rekið Golfleikjaskólann í sjö ár. Ekki nóg með það, heldur er handhæg golfreglubók nýkomin út á vegum hennar í samvinnu við GSI og má nálgast hana í helstu verslunum.

ans og með hvaða sniði námskeiðin eru áður en það gerir upp hug sinn. Flestir verða fegnir þegar þeir uppgötva að námskeiðin eru að ýmsu leyti sniðin út frá forsendum barna. Til dæmis að þau séu ekki eingöngu kennd á fullorðinsmáli,“ segir hún og bætir við að fjölskyldum standi einnig til boða framhaldsnámskeið sem Jón Karlsson golfkennari sér um. Nánari upplýsingar eru á www.golfleikjaskolinn.is



Golfleikjaskólinn býður alla fjölskylduna velkomna á námskeið. Eins og sjá má láta þessi börn smá rigningarúða ekki slá sig út af laginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

GÖTUSKÓR FYRIR HRESSA KRAKKA

Puma Kart Cat Jr
Stærðir 36–39, 5.990 kr.

Puma Kart Cat Jr
Stærðir 36–39, 5.990 kr.

Puma Repli Cat Jr
Stærðir 36–39, 5.990 kr.

Puma Kart Cat V PS
Stærðir 28–35, 4.990 kr.

Puma Kart Cat V PS
Stærðir 28–35, 4.990 kr.

Puma Repli Cat Jr
Stærðir 28–35, 4.990 kr.

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

Bleik sett og japanskar kúlur

„Vinsælustu kylfurnar eru frá fyrirtækinu Adams,“ segir Sveinn Snorri Sverrisson, verslunarstjóri Nevada Bob. „Kylfurnar eru góðar þar sem fyrirtækið stendur framarlega í tækniþróun. Svo skemmir ekki fyrir að þær eru á góðu verði, yfirleitt 25 prósentum ódýrari en stóru merk-in. Ástæðan er sú að forsvarsmenn Adams eyða ekki miklu í auglýsingar, heldur leggja áherslu á framleiðslu góðrar vöru fyrir alla.“ Með hliðsjón af þessu er kannski ekki skritið að Adams-kylfurnar skuli undanfarið hafa selst jafn mikið og öll önnur merki hjá Nevada Bob til samans.

Nýr golfbíll

A red and white golf cart with a white canopy, parked on a paved surface. The cart has large black tires and a steering wheel.



Svo bjóðum við upp á kylfur handa börnum á hæðarbilinu 1-1,5 m. Þau skipta yfir í kvennakylfurnar þegar þau stækka.“

Þá segir Sveinn sölu á golfklæðnaði fara vaxandi og bendir á að hálft gólfplássíð í Nevada Bob sé nú undirlagt af fatnaði. „Við erum bæði með herra- og dömuklæðnað,“ segir hann. „Dömfufatnaður var ekki nema rúm fimm prósent af klæðnaði í byrjun, en er nú kominn upp í þrjátíu prósent. Að hluta má rekja þessa auknu eftirspurn til fjölgunar kvenna í golfi, en svo vilja sífellt fleiri þægilegan hversdagsklæðnað. Hvað er þá betra en golffatnaður?“ segir hann loks.

GOLF
LINSUR
frá
NIKE MAXSIGHT
bæta sjón - verjast sól

PLUSMINUS OPTIC

Suðurlandsbraut 4
www.plusminus.is
sími: 517 0317

Golfveisla Heimsferða á Costa Ballena

Glæsilegar golfferðir á frábæru verði!

28. sept.
5. okt.
12. okt.

* Fram til 1. júlí bjóðum við takmarkaðan fjölda sæta í forsölu á frábæru verði.

Ballena golfsvæðið er draumur hvers kylfings því það samanstendur af snilldarlega hönnuðu golfsvæði með 27 holu keppnisvelli, 9 holu par 3 velli og fullkomnu æfingasvæði, hóteli, heilsulind og strönd, allt á sama stað. Gist er á Barceló Costa Ballena Golf & Spa hótelinu sem er glæsilegt 4* hótél sem opnaði á síðasta ári.

1 eða 2 vikur

Verð í forsölu kr. 109.900

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í viku

Aukagjald fyrir einbýli kr. 15.000

Aukavika kr. 49.950 (athugið, ekki í boði 12. október)

Innifalið: Flug, skattar, gisting á Barceló Costa Ballena Golf & Spa **** með hálfu fæði, ferðir til og frá flugvelli, ótakmarkað golf alla daga nema komu- og brottfaradag, golfkerrur, 2 tíma námskeið í stutta spiliinu og fararstjórn. **Ferðatilhögun:** Flugferð til Jerez. Frá Jerez flugvelli til Costa Ballena eru tæplega 50 km.

Nýjung: Í boði golfkennaranna verður frítt 2 klst. námskeið í stutta spilinu fyrir alla í ferðinni.

Golfskóli kr. 25.000 (valkostur)

Kennarar: Hörður Hinrik Arnarson og Magnús Birgisson.

Meira innifalið

- Flug • Skattar • Gisting
- Hálftræði • Ótakmarkað golf
- Golfkerrur • Ferðir (til og frá flugvelli)
- Námskeið – „stutta spilið“

Nánari upplýsingar veita

Magnús Birgisson í síma 898 7250
og Hörður Arnarson í síma 898 5779
og á www.heimsferdir.is

Golfskóli í boði



Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001



Stattu föstum fótum í golfskóm frá Flexor

Nú veita stoðtækjafraeðingar, sjúkrapjálfarar og annað sérhæft starfsfólk Flexor þér faglega ráðgjöf varðandi val á golfskóm. Við hjá Flexor sérhæfum okkur í stoðkerfisvandamálum og bjóðum upp á alhlíða þjónustu á einum stað og mælum með því að þú leitir til okkar ef þú finnur til í baki, mjóðmum, hnjám og iljum eða hefur önnur óþægindi.

Hjá Flexor færðu:

- Göngugreiningu
- Hitahlífar
- Íþróttaskó
- Ráðgjöf
- Stuðningshlífar
- Gönguskó
- Innlegg
- Armstafi
- Barnaskó
- Golfskó



FLEXOR
NÆSTA SKREJ

Reykjavík · Suðurlandsbraut 34 · Sími 517 3900
Akureyri · Hafnarstræti 95 · Sími 460 3460

PAR AIDE

golfvallarvörur

Golfbíll með húsi

Yfirbyggingar á flestar gerðir golfbíla



Golfbílar frá USA

mikið úrval aukahluta
á golfbílinn



Verðlauna kerran loksins komin

Klick-N-Go

Kerran er með þremur
hjólum og grind sem
festist á poka.

Kerran er létt og þægileg

Aukahlutir:

Festingar fyrir kerru og poka
til að hengja á vegg
Regnhlífastatif





Endi vaxta

að kveða hana niður með agvexti og dregur úr hagn- árfestingar. Nýmarkaðir

Japans, næststærsta hagkerfis heims, en margt bendir til þess að vextir verði hækk- aðir innan skamms eftir meira en fimmtán ára óbreytt vaxtastig. Það yrði saga til næsta þæjar.

NÝMARKAÐIR Í SVIÐSLJÓSINU
Hlutabréfamarkaðir um allan heim hafa verið að gefa eftir að undanfögnu eftir nær stöðugar verðhækkanir í þrjú ár. “Sú vitneskja að hagkerfið vaxi ekki með sama hraða og áður hefur skelft marga fjárfesta,” segir Guy Stern, fjárfestingarstjóri hjá eignastýringu Credit Suisse í Lundúnum, í samtali við Bloomberg-fréttavefinn. “Vera má að of mikill vöxtur hafi verið verðlagður inn í markaðinn.”

Það hefur legið ljóst fyrir um tíma að stórir fjárfestar hafa verið að færa sig úr alþjóðlegum hlutabréfum yfir í áhættuminni fjárfestingar eins og skuldabréf. Vogunarsjóðir, verðbréfasjóðir og stofnanafjárfestar hafa leikið stórt hlutverk í þeim hækkunum sem hafa orðið á hlutabréfamörkuðum undanfarin ár með því að dæla út milljörðum dala til hlutabréfakaupa. Svo virðist sem alþjóðlegir hlutabréfamarkaðir hafi komist í sögulegt hámark í annarri og þriðju viku maí en eftir það hefur leiðin legið hratt niður á við.

Einkum hafa svokallaðir nýmarkaðir orðið illa fyrir barðinu á flýjandi fjárfestum sem leita öruggari miða en þar spilast auðvitað inn í að þessir markaðir hafa hækkað

mun meira en “eldri” hlutabréfamarkaðir í stóru vestrænu iðnríkjunum. Með nýmörkuðum er átt við markaði sem eru í þróun og eiga sér ekki langa sögu sem hægt er að lesa út framtíðina í. Ríki sem falla undir þennan flokk eru til dæmis Rússland, Kína, Indland, Brasilía og Tyrkland og sumir myndu setja Ísland í þennan flokk.

Í nýjasta hefti Economist kemur fram að markaðsverðmæti svokallaðra nýmarkaða hefur 2,5-faldast frá árinu 2002, samkvæmt tölum frá Alþjóðabankanum. Í lok þess árs var heildarverðmæti nýmarkaða 1.700 milljarðar dala en stóðu í 4.400 milljörðum dala um síðustu áramót. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins dældu erlendir fjárfestar meira fjármagni inn í hlutabréf á nýmörkuðum en sem nam allri fjárfestingu ársins 2005. “Nýmarkaðir eru viðkvæmir eignamarkaðir og það ber að hafa í huga þegar dregur úr hagvexti á heimsvísu,” segir Kingsmill Bond, sérfræðingur hjá Deutsche Bank á nýmörkuðum, í viðtali við Bloomberg.

Þrátt fyrir ótta fjárfesta virðast undirstöður í þessum hagkerfum vera í flestum tilvika traustari en nokkru sinni fyrr. Verðbólga mælist lægri en fimm prósent að meðaltali, hagvöxtur er mikill og lánadrottnar eru sáttir við að kaupa skuldabréf af útgefendum í þessum ríkjum á lægri vöxtum en áður hefur þekkt.

MIKIÐ FALL FRÁ TOPPNUM
Það er rétt að hafa það í huga að fáir sérfræðingar lýsa þeim lækkunum sem hafa átt sér stað sem hrúni í bókstaflegri merkingu, enda hafa hlutabréfavísitölur almennt tvö- til þrefaldast á undanförunum árum. Nær væri því að tala um eðlilega leiðréttingu í þessu ljósi. Spákaupmennska erlendra fjárfesta á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum hefur stuðlað að aukinni veltu og fleiri viðskiptum og leiðir auðvitað til þess að markaðir verða spenntari og sveiflukenndari. Sveiflurnar verða því kannski öfgakenndari.

Frá því að markaðir stóðu í hæstu gildum rétt fyrir miðjan maí hafa tugir hlutabréfavísitalna fallið um meira en fimmtung, mest markaðir í Mið-Austurlöndum. Vísitölur í Indlandi, Lettlandi, Rússlandi, Tékklandi, Tyrklandi, Ungverjalandi og meira að segja í Svíþjóð hafa lækkað um fimmtung á hæsta gildi á árinu 2006. Úrvalsvísitalan íslenska

VERÐBREYTINGAR Á HELSTU HLUTABRÉFAMÖRKUÐUM FRÁ ÁRAMÓTUM		
Vísitala	Land	Verðbreyting frá áramótum
OSEBX	Noregur	6,50%
ICEX 15	Ísland	1,00%
OMX HX25	Finnland	0,80%
CAC 40	Frakkland	0,20%
FTSE 100	Bretland	0%
DAX	Þýskaland	-0,20%
S&P 500	Bandaríkin	-1%
Dow Jones	Bandaríkin	-1,50%
OMX S30	Svíþjóð	-6,00%
Nasdaq 100	Bandaríkin	-7,60%
OMX C20	Danmörk	-7,60%
Nikkei 225	Japan	-7,90%
* Miðað við mánuðaginn		

náði hámarki hinn 15. febrúar þegar hún stóð í 6.925 stigum en hefur lækkað um meira en nítján prósent síðan.

Hlutabréfamarkaðir tóku mikla dýfu fimmtudaginn 8. júní síðastliðinn þegar þeir hrundu eins og spilaborgir um allan heim. Lækkunin var töluverð á Norðurlöndum þar sem norska vísitalan OSEBX hrundi um 5,5 prósent, OMX30 vísitalan í Stokkhólmi lækkaði um 4,5 prósent og OMXC í Kaupmannahöfn og OMX25 í Helsinki lækkuðu um 3,3 prósent. Indverska Sensex-hlutabréfavisitalan féll um 4,7 prósent og suður-afríska FTSE/JSE hrundi um 6,5 prósent, sem er mesta lækkun frá því í apríl árið 2000. Evrópsku vísitölurnar FTSE 100 í Bretlandi, CAC 40 Frakklandi og þýska DAX-vísitalan lækkuðu sem nam 2,5 til þremur prósentum. Nýmarkaðavísitala Morgan Stanley (MSCI), sem samanstendur af vísitölum á 25 nýmörkuðum, hefur fallið um fimmtung

í gildi frá því hún náði hæstu hæðum hinn 8. maí. Markaðir leiðréttu sig að hluta á föstudaginn en strax á mánuðaginn fór skriðan aftur af stað og lækkunarir héldu áfram í gærmorgun. Á sama tíma hefur Bandaríkjadalur sótt í sig veðrið gagnvart evru, jeni og öðrum gjaldmiðlum eftir töluverða lækkun frá áramótum. Þetta er til marks um það að fjárfestar telji bandaríska hagkerfið álitlegra en önnur hagkerfi, en hagvöxtur hefur verið meiri í Bandaríkjunum en í Evrulandi og Japan um langt skeið. “Breytt áhættumat er til þess fallið að efla dalinn. Útlit fyrir vaxtahækkun á alþjóðavísu veldur því að fólk hættir að veðja á hlutabréf og nýmarkaði,” segir Adams Myers, gjaldeyrissérfræðingur hjá UBS-bankanum í Lundúnum.

FORÐAST ÁHÆTTU
Einnig hafa hrávörumarkaðir fallið skarpt en þeir hafa hækkað gríðarlega á þessu ári eins og hlutabréfavísitölur á nýmörkuðum. Jók það þrýsting á þeim hlutabréfamörkuðum sem byggja mikið á olíu- og hrávöruframleiðslufyrirtækjum. Þar verka sömu lögmál og í hlutabréfunum; hækkandi vextir eru til þess fallnir að slá á eftirspurn eftir hrávörum.

Hrávörumarkaðir náðu hæstu hæðum um miðjan maí um svipað leyti og hlutabréfakúrfan komst í hæsta gildi. Ál hefur lækkað um fimmtung frá hæsta gildi og kopar og sink um annað eins. Þá hafa bæði gull og silfur lækkað samfleytt í fjórar vikur.

Sérfræðingar búast við að næstu mánuðir á fjármálamörkuðum heimsins einkennist af óvissu og sveiflum og tilfærslu fjármagns úr áhættusömum eignum yfir í áhættuminni.



ÖRLAGAVALDAR HLUTABRÉFANNA Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, ásamt forvera sínum Alan Greenspan.

S&P 500 í lægsta gildi á árinu

Bandaríska S&P 500-vísitalan féll niður í 1.238 stig á mánuðaginn, sem er lægsta gildi hennar í sjö mánuði, og þar með á árinu. Vísitalan, sem mælir gengisbreytingar fimm hundruð stærstu félaganna, hefur fallið um meira en sex prósent frá því hún náði hæsta gildi í fimm ára hinn 5. maí. Þetta eru talsverðar breytingar þegar haft er í huga að vísitalan mælir stór og stöndug félög sem ættu að sveiflast minna en fyrirtæki sem eru í vexti.

Í vikunni verða birtar hagtölur sem yfirvöld peningamála munu fylgjast grannt með en annars vegar er um að ræða verðbólgutölur og hins vegar þróun heildsöluverðs. Munu þær gefa vísbendingar um hvort seðlabankinn hækki vexti í sautjándá skipti frá árinu 2004 en miðað við lækkunarhrinu á bandarísku hlutabréfamörkuðunum eru fjárfestar þeirrar skoðunar að vaxtahækkunarferlinu sé hvergi nærri því lokið.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Ný ríkisstjórn, sama verkefni og meira aðkallandi:

Verðbólgan er höfuð-verkefnið á næstunni

Hafliði Helgason

Það verkefni sem blasir við og er brýnast á næstunni er að koma böndum á verðbólguna. Hún hefur að undanförnu farið fram úr spám og ljóst er að ekki verður við slíkt unað. Tölf mánaða verðbólga mælist nú átta prósent, sem eru tvöföld efri mörk verðbólgu-markmiðs Seðlabankans.

Þetta þýðir einfaldlega að Seðlabankinn mun hækka vexti umtalsvert í byrjun júlí. Þessi staða er ekki meðmæli með stjórn opinberra fjármála og mikilvægt að skýr skilaboð verði send um að ríkisstjórnin hyggist ná tökum á efnahagsástandinu.

Framsóknarflokkurinn hefur kallað til forystu einn bankastjóra Seðlabankans, Jón Sigurðsson. Hann verður nýr viðskiptaráðherra og ábyrgur ásamt samráðherrum sínum fyrir framhaldinu. Fyrstu skilaboð hans eru skýr. „Meginverkefnið sem við erum að fást við núna er að tryggja það að árangur umliðinna ára í endursköpun samfélagsins skemmist ekki í óðaverðbólgu sem kynni að vera að rísa yfir okkur. Þetta er meginverkefnið,“ sagði tilvonandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Þetta eru skýr skilaboð og vonandi að bæði fleiri og efndir fylgi í kjölfarið. Það hefur verið gagnrýnt oftar en einu sinni að ríkisstjórnin hafi sýnt nokkurt kæruleysi í umgengni sinni um stöðu efnahagsmála. Orð fráfarandi Seðlabankastjóra sem kallaður hefur verið í forystusveit Framsóknarflokksins geta ekki verið skýrari. Verkefnið er brýnt og menn verða að takast á við það, jafnvel þótt stundaróvinsældir kunni að fylgja.

Í ljósi þess að kosningar eru næsta vor og að meirihluti ríkisstjórnarinnar er ekki mikill þarf enginn að velkjast í vafa um að verkefnið er ekki auðvelt. Miðað við stöðu ríkisstjórnarinnar og þreytu í samstarfi verður erfitt að koma á breytingum á Íbúðalánasjóði sem Seðlabankinn hefur ítrekað bent á að þurfi að gera.

Eitt af því sem amar að þessa stundina er skortur á trúverðugleika. Þann trúverðugleika verður að endurvinna ef takast á að ná verðbólgu niður. Þegar hafa Samtök atvinnulífsins og verkálýðshreyfingin sýnt ábyrgan málflutning og einlægan vilja til að takast á við þetta verkefni. Í þeirra röðum er skiljanleg kergja yfir því að ríkisstjórnin skuli ekki hafa róið með að undanförnu. Endurvinna þarf traust til efnahagsstjórnarinnar ef vel á að takast til. Ekki er síður mikilvægt að sem flestir finni til skyldu sinnar. Þegar kæruleysislega er talað um aðstoðjandi vanda finna færri til ábyrgðar. Snögg fall krónu hefur svo ekki bætt ástandið. Við slíkar kringumstæður er freisting fyrir seljendur vöru og þjónustu að sækja sér örlítið stærri sneið af kökunni.

Yfirlýsingar verðandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra benda til þess að með honum komi aukinn skilningur og ríkari áhersla á það verkefni að ná tökum á verðbólgunni. Hann talar af ábyrgð og ef hugur ríkisstjórnar fylgir máli verðandi ráðherra er það tvímælalaust mikilvægt skref í því að koma í veg fyrir víthring vixlhækkana launa og verðlags.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olíkr@markadurinn.is

Pau hafa lengt sinn sólarhring!

“Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með „margfalt meiri skilning.“
Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.
“...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknaeild í vor.”
Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.
“...hvergi áður náð jafn hárrí ávöxtun á tímasparnað...”
Fylkir Sævarsson, 39 ára lönfræðingur.

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

NÝTT 3. vikna hraðnámskeið 4. júlí
NÝTT 6. vikna hraðnámskeið 20. júlí
... Akureyri 3. vikna hraðnámskeið 26. júní (nokkur sæti laus)
Skráning á sumarnámskeið er hafin
á www.h.is og í síma 586-9400

VR og fleiri stéttarfélag styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

Hin nýja unga kynslóð!

ORD Í BELG

Guðmundur Arnar Guðmundsson
Kynningarstjóri og MBA-nemi.



kaupa íbúð. Reiner Evans hjá Trendwatching.com, sem hélt fyrirlestur á Íslandi á síðasta ári, hefur komist að því að þessi múr-aða kynslóð hefur því horfið frá því að skilgreina sig frá öðrum með veraldlegum hlutum, núna gerir hún það með sköpunargáfu sinni. Í dag eru allir að blogga, taka myndir eða taka þátt í annars konar sköpun. Það þykir enn fremur ekkert tiltökumál lengur ef unglingurinn á heimilinu ákveður að leggja fyrir sig menningu og listir í stað læknis- eða lögfræði. Einstaklingshyggja er mjög sterk hjá núverandi kynslóð, sem er mjög sjálfstæð, andlega sterk og raunsæ líkt og kannanir hafa sýnt. Allar stefnur og straumar eru í tísku en með tilkomu internetsins eru þessir hefðbundnu fjölmiðlar og áhrifa-valdar hættir að ráða því hvað er inni og hvað ekki. Allt er í tísku og allir geta búið til sinn stíl með hjálp internetsins.

Unga fólkið í dag menntar sig sem aldrei fyrr og aldrei hefur nokkur kynslóð ferðast jafn oft og víða um heiminn. Nú er það bekkjarfélaginn sem er með hæstu einkunnirnar sem er mesti töffarinn, ekki aðal villingurinn líkt og fyrir rúmum áratug. Rannsóknir Nike og Pepsi hafa einnig sýnt fram á það að þau bera ekki virðingu fyrir fullkomnun. Fullkomnun er ekki til í þeirra augum og líta þau því frekar upp til fólks sem hefur auðsýnilega einhverja galla.

Sjónvarpið opnaði augu X-kynslóðarinnar að heiminum en internetið fór skrefinu lengra með núverandi kynslóð. Internetið er í gangi allan sólarhringinn og er ekki einungis gluggi eins og sjónvarpið, heldur einnig leið fyrir þau að taka þátt hvar sem þau eru niður komin.

Það þýðir ekki fyrir fyrirtæki að tala niður til kynslóðarinnar. Ef skilaboð í auglýsingum eru ekki í samræmi við umræður á netinu missa þær marks. Bloggið er orðið það mikilvægur þáttur í lífi nýju kynslóðarinnar að flest

erlend stórfyrirtæki eru farin að halda úti bloggi. Í dag blogga yfir áttatíu prósent af ungu fólki á Íslandi og næstum allir lesa blogg reglulega.

Hún er orðin fræg sagan af lása-framleiðandanum Kryptonite í Bandaríkjunum sem kynnti nýjan reiðhjólalás með nýja öryggis-eiginleika sem enginn samkeppnisaðili gat jafnað. Ungur strákur í Bandaríkjunum komst að því að hægt var að opna lásinn með venjulegum kúlupenna. Stráksi tók athöfnina upp með vefmynda-vél og setti á bloggið sitt. Á tveimur vikum fór myndbandið eins og eldur í sinu á internetinu og var Kryptonite búið að afturkalla alla lásana, stoppa herferðina og tapa fleiri hundruð milljónum eftir ekki lengri tíma.

Nýja kynslóðin er mun opnari fyrir nýjungum en fyrri kynslóð og er mjög „mobile“, allir með GSM-síma og fartölvueign er að verða almenn á meðal þeirra. Sú staðreynd að þau eru tölvu- og samskiptasnillingar í samfélagi sem er hálf hrætt við nýjungar gefur þeim mikil völd, með öðrum orðum eru þau kynslóð sem leitað er til vegna þekkingar sinnar.

Internetið hefur ýtt undir það að unga fólkið vill taka þátt en ekki láta mata sig á upplýsingum. Hér eru gríðarleg sóknarfæri sem erlend stórfyrirtæki hafa gripið. Apple hefur sett af stað iPod-samfélag þar sem fleiri hundruð þúsund ungmennti skiptast á skoðunum um hvað eigi að vera í næsta iPod. Sá hópur er alltaf að stækka sem leitar ekki aðstoðar ferðaskrifstofa en velur frekar síður eins og IgoUgo.com, þar sem fólk skiptist á ferðasögum, skrifar um hótél og staði þegar fríin eru skipulögð. Adidas heldur úti heimasíðu þar sem ungt fólk getur hannað sína eigin strigaskó og meira að segja Boeing hefur opnað netsvæði þar sem fólk getur tekið þátt í þróun næstu kynslóðar flugvéla.

Það eru því mikil sóknarfæri fyrir fyrirtæki sem sækja í unga fólkið. Með því að haga markaðsstarfi sínu eftir einkennum nýrrar kynslóðar er hægt að komast hjá mjög dýrum hremmingum líkt og Nike og Pepsi lentu í. Það er nefnilega óþarfi að henda helmingnum af markaðsfénu á glæ líkt og John Wanamaker gerði forðum, það eina sem þarf til er faglegt markaðsstarf.

Y-kynslóðin þekkir ekkert nema góðæri og frið. Ólíkt X-kynslóðinni er hún því sátt við sitt hlutskipti í lífinu og ber mikla virðingu fyrir foreldrum sínum, sem eru hennar helsta fyrirmynd í lífinu.

UM VÍÐA VERÖLD

Hafa tölvurnar tekið völdin?

The Economist | The Economist spyr hvort spádómar vísindaskáldsagna hafi reynst réttir og tölvur og tæki hafi raunverulega tekið völdin. Til að komast til botns í málinu telur blaðið nauðsynlegt að líta til þriggja þátta. Í fyrsta lagi hvort höfundar vísindaskáldsagna hafi spáð rétt fyrir um framtíðina. Blaðið telur furðu margt hafa komið á daginn. Í 1984 eftir George Orwell hafi verið vél sem spilaði tónlist og hafði ofan af fyrir alþýðunni. Þetta sé ekki ólíkt þeim áhrifum sem poppmúsík og stafrænir tónlistarspilarar hafi í dag. Í annan stað spyr The Economist hvort höfundarnir hafi ofmetið áhrif tækninnar. Blaðið telur þá hafa vanmetið áhrif annarra þátta, tækni til að klóna sé til að mynda fyrir hendi en hún sé ekki notuð af siðferðislegum ástæðum. Í þriðja lagi telur The Economist að vísindaskáldsögur hafi í raun haft mikil áhrif á þróun vísinda og tækni. Ástæðu þess að sjálfvirkar rennihurðir séu jafn útbreiddar og raun ber vitni megi einmitt rekja til Star Trek-myndanna.

Bannað að taka vexti

BBC | Vefsíða breska ríkisútvarpsins, www.bbc.co.uk, fjallar um þátttöku evrópskra banka í svokölluðu sharia-bankakerfi. Samkvæmt Kóraninum er með öllu óheimilt að taka vexti af lánum og starfa bankar í múblalöndum því alla jafna eftir öðrum lögmálum en vestrænir. Bankastofnanir á borð við Deutsche Bank, Citibank og HSBC hafa á undanförnum árum hafið bankarekstur í múblalöndum, annað hvort undir eigin nafni eða í samstarfi við banka í löndunum. Talið er að alls séu um 37 þúsund milljarðar íslenskra króna í sharia-bönkum víðs vegar um heiminn. Bankarnir þurfa að fylgja margvíslegum siðareglum, þeim er til dæmis bannað að leggja fé til kaupa á áfengisverksmiðjum eða spilavítum. Þrátt fyrir að bönkunum sé óheimilt að taka vexti eru þeir síður en svo góðgerðarstofnanir. Vanalega semja kúnni og sharia-banki um hlutdeild bankans í væntanlegum hagnaði af fjárfestingum.

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Verðbólgan lætur til sín taka

Verðbólgan er aðalumfjöllunar-efni efnahagssérfræðinga þessa dagana. Hækkun vísitölu neysluverðs var umfram spár markaðsaðila. Greiningardeild Kaupþings banka fór yfir stöðuna og hverju skeikaði frá spá þeirra:

„Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,16% í júní síðastliðnum og er það töluvert umfram væntingar en spár markaðsaðila lágu á bilinu 0,7% til 0,9%. Í kjölfar hækkunarinnar nú fer tólf mánaða verðbólgan úr 7,6% upp í 8%. Síðastliðna þrjá mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 3,8% sem jafngildir um 16%

SPÁKAUPMAÐURINN

100% cashmaður

Djöfull sem maður er kominn með hálsríg af öllum þessum peningum sem maður er með undir koddanum. Nú er allt cash hjá manni. I'm the cashman, svo maður snúi út úr bítlatextanum.

Reyndar er það auðvitað þannig að þetta er ekki undir koddanum heldur í skammtímabréfum með veisluvöxtum Seðlabanka Íslands. Ég lokaði síðustu hlutabréfastöðunum fyrir viku og er núll á markaði í augnablikinu. Það var tap á þessum stöðum, þó að maður eigi erfitt með að viðurkenna það. Þegar maður tapar verður maður bara að horfast í augu við það. Mín huggun er auðvitað sú að það eru allir að tapa og ég sennilega einna minnst, enda er maður framsýnni en gengur og gerist.

Nú eru nánast engar eignir eftir, nema þar sem maður er silent partner í Private Equity dílum í útlöndum. Dílar sem eru löngu búnir að skila sér heim og malla bara í rólegheitunum. Það er fint að vera í svoleiðis verkefnum. Þýðir að maður þarf að bregða sér til útlanda á stjórnarfundum og svoleiðis. Svo tekur maður alltaf smá frí í kringum það og slettir aðeins úr klaufunum. Maður fær líka alltaf finar upplýsingar á barnum á St. Petri í Kaupmannahöfn og á fjólubláa barnum í Philip Stark hótelinu í London. Æ, ég man ekki hvað hótelið heitir, en eins og vinur minn sem er staurblankur háskólakennari, þá er það eins og póstmóðernískur brandari.

Svo þarf náttúrlega að sinna stigaganginum í Berlín. Það verður fin fjárfesting. Menn halda kannski að maður hafi bara keypt einhvern stigagang í Berlín og ekkert verið að pæla mikið meira í því. Nei, það er nú öðru nær. Fyrst spáði maður náttúrlega í að velja hverfi sem er að byrja að endurnýja sig. Svo valdi maður íbúðir með gömlum leigjendum. Það er grundvallaratriði. Málið er að eina leiðin til að losna við leigjendur í svona sósíalisma eins og er víða, meira að segja í New York, er að þeir hreinlega geispi golunni. Meðalaldurinn í mínum stigagangi er 77,3 ár og það er ekki langt frá meðalævi. Leigusamningarnir munu því losna áður en ég verð farlama sjálfur. Maður getur náttúrlega verið sérlega óheppinn og setið uppi með eign eftir tíu ár með meðalaldurinn 87,8 ár, en það er afar ólíklegt. Ég mun því geta breytt þessu í lúxusíbúðir fyrir verðbrefagaura innan þess tíma og fengið miklar tekjur í kjölfarið.

Svona hugsar maður nú langt fram enda skilur þar á milli manna og drengja.

Spákaupmaðurinn á horninu

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

verðbólgu á ári. Megin skýring á hækkun vísitölunnar nú er mikil hækkun matvælaverðs.

Matvælaverð hækkaði um 3,7% í mánuðinum sem hafði 0,48% áhrif á vísitölu neysluverðs. Verð á grænmeti hækkaði um 6,6%, á ávöxtum um 10,6% og mjólkurvörum um 6,6% í júní. Verð á innfluttum matvörum hækkaði um 5,5% milli mánaða. Síðastliðna 12 mánuði hefur matvælaverð hækkað um 12%. Líklega spilar þar inn í að fyrir um ári var verð

á matvöru með lágsta móti vegna verðstriðs sem þá hafði geisað. Síðastliðið ár hefur húsnæðisliður verðvísitölunnar hækkað hvað mest eða um 13% sem er litlu meiri hækkun en orðið hefur á matvælaverði. Húsnæðisliðurinn vegur hins vegar um 26,5% í vísitölunni á meðan matvælaverð vegur 13,5% og því hafa hækkarnir í húsnæðisliðnum um helmingi meira vægi. Vísitala neysluverðs án húsnæðis hefur hækkað um 6% síðastliðna 12 mánuði,“ segir í viðbrögðum greiningardeildarinnar við hækkun vísitölu neysluverðs.

En það er ekki bara maturinn sem hefur hækkað. „Húsnæðisverð fór upp um 0,9% í síðasta mánuði sem hafði 0,16% áhrif á vísitölu neysluverðs til hækkunar, viðhaldsliður húsnæðis hækkaði hins vegar um 7,1% sem hafði 0,2% áhrif á vísitöluna. Að auki hækkaði almennt verð á innfluttum vörum um 0,75% sem hefur um 0,2-0,25% áhrif á vísitölu neysluverðs. Greiningardeild spáði 0,8% hækkun vísitölu neysluverðs milli mánaða og lá helsta frávik í meiri hækkun viðhaldsliðar húsnæðis og nokkuð meiri hækkun matvælaverðs,“ segir enn fremur í viðbrögðum við nýjustu verðbólgutölum.



JÚNÍ TILBOÐ



PELTOR FM HEYRNARHLÍFAR

Verð áður kr. 11.950,-
TILBOÐSVERÐ kr. 7.998,-

PE HTRXS7A2

ÖRYGGISSKÓR



Verð áður kr. 3.460,-
TILBOÐSVERÐ kr. 2.450,-

JD 72105
Stærðir: 38-48
Breidd: 11
Staðall: EN 345 SIP



INTERPUMP HÁPRÝSTIDÆLUR ÞRJÁR GERÐIR.

Verð áður kr. 73.664,-
TILBOÐSVERÐ kr. 59.850,-

IP APX130

Eins fasa 230V.
130 bar
10 lítrar á mínútu

IP APX150

Þriggja fasa 400V
150 bar
15 lítrar á mínútu

IP APX180

Þriggja fasa 400V
180 bar
13 lítrar á mínútu

GENSET RAFSTÖÐ MEÐ 9HP. HONDA MÓTOR.

Verð áður kr. 134.103,-
TILBOÐSVERÐ kr. 89.000,-

GS B5000H

Á stöðinni eru tveir eins fasa tenglar auk 12v hleðslu.



PELTOR ANDLITSSKERMUR OG HEYRNARHLÍF SAMAN

Verð áður kr. 3.004,-
TILBOÐSVERÐ kr. 1.998,-

PE V40FH510A



Sendum í póströfu hvert á land sem er

Skeifan 3
108 Reykjavík
Sími 588 5080
www.dynjandi.is

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

AURASÁLIN

Farsæld og staðfesta

Aurasálin er ekki þeirrar gerðar að gleðjast yfir óföllum annarra. Slík afstaða er að mati Aurasálarinnar hraksmánarleg og lýsir lítilli sál sem oft er í furðustórum líkama.

Hins vegar verður Aurasálin að viðurkenna að hún hefur tilhneigingu til að klappa mönnum á öxlina og segja stundarhátt: “Ég varaði nú við þessu.” Þetta er alltaf sagt í föðurlegum tóni og af einlægri velvild, enda Aurasálin þeirrar einlægu skoðunar að lífið sé lærdómur og sá vegur sem hver gengur sé varðaður mistökum.


Aurasálin hefur líka fullan skilning á því að ekki sé alltaf brugðist vel við velviljuðum ábendingum hennar, enda verður hver sannleikanum sárreiðastur. Þannig hefur Aurasálin varað marga vini sína sem hafa verið pappírstrúar á að illa muni fara. Aurasálin hefur verið samkvæm sjálfri sér í málflutningnum og bent á það að enginn borði Excel-skjöl. Aurasálin getur með nokkru stolti horft yfir ævi sína og séð þar ekki síðri samkvæmni í skoðunum en sjálft Morgunblaðið. Aurasálin hefur verið staðföst og haft sömu skoðanir á hinum ýmsu þjóðfélagsmálum í áratugi. Verið eins og klettur í hafi og ekkert gefið eftir þótt tíðarandinn hafi sveiflast.

Þetta hefur reynst happadrjúg afstaða og Aurasálin hefur aldrei þurft að draga eigin farsæld í efa.

Lögmál lífsins eru einföld og þegar grannt er skoðað eru nokkur atriði sem hver maður þarf, óháð duttlungum tískunnar og tímanna. Matur og húsaskjól eru frumþarfir sem þarf að sinna. Aurasálin hefur því alltaf litið á það sem höfuðdyggðir að sinna framleiðslu á þessu sviði.

Nú þegar pappírsæturnar eru með niðurgang og öllum er orðið bumbult af Excel-skjöllum og pappírshagnaði, þá fer mönnum að verða þetta allt saman ljóst. Það verður að framleiða til að einhver raunveruleg verðmæti verði til. Vegna þess að Aurasálin er ekki bara staðföst í skoðunum heldur einnig framsýn, þá hefur hún tekið skrefið á undan öllum öðrum.

Fjárfesting Aurasálarinnar er í lóðum undir íbúðir á Selfossi. Þar í kring eru blómlegar sveitir sem eru matarkista íslensku þjóðarinnar. Fólk þarf bæði að borða og búa og það mun aldrei breytast. Þess vegna er þetta örugg og skynsamleg fjárfesting því þegar ruglið bráir af mannskapnum stendur steinsteypan og matvælaframleiðslan eftir sem óbifanleg verðmæti í ólgusjó tímans.



INGIMAR ARNDAL FRAMKVÆMDASTJÓRI ONESYSTEMS Hugbúnaðarbransinn einkennist af miklum sveiflum að sögn Ingimars.

Allar upplýsingar á einum stað

Ingimar Arndal er framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins OneSystems, sem býður upp á fjölda tölvukerfa sem mögulegt er að samstillja eftir þörfum viðskiptavina. Meðal viðskiptavina fyrirtækisins eru Glitnir, Íbúðalánasjóður og Ríkisútvarpið auk fjölda sveitarfélaga. Jón Skaftason spjallaði við Ingimar og komst að því að hugbúnaðarbransinn einkennist af miklum sveiflum.

OneSystems var til að byrja með hýsingarþjónusta. Upphaf fyrirtækisins í núverandi mynd má rekja til ársins 2002 þegar samstarf hófst við Glitni, sem þá hét Íslandsbanki. „Við settum upp kerfi fyrir Íslandsbanka árið 2002 og að því loknu hófum við að kynna það fyrir öðrum.“

Ingimar Arndal segir aðaláherslu OneSystems vera á svokölluð mála- og skjalakerfi fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki, sem uppfylla kröfur Þjóðskjalasafns. „Öll opinber fyrirtæki þurfa að halda utan um opinber skjöl. Ef þú sendir inn erindi mega þeir ekki henda því heldur verða að setja það í ákveðið ferli, svara þér innan fjórtán daga og þar fram eftir götum. Síðan verða þeir að geyma erindið í þrjátíu ár þar á eftir. Þannig að í raun er um rafrænt skjalasafn að ræða.“

GREIÐIR FYRIR SAMRÁÐI VIÐ ÍBÚANA

OneSystems býður einnig upp á þjónustugáttir á netinu sem tengjast beint inn í mála- og skjalakerfi. „Ef þú sendir inn mál eða erindi til sveitarfélags geturðu séð stöðuna á því erindi, hver er með það til umsýjónar, fylgst með hvernig gengur og átt samskipti við þann sem fer með málið.“

Hann segir ýmsa möguleika vera fyrir hendi. „Menn skrá sig bara inn undir eigin nafni og geta þá séð öll sín samskipti við umrætt sveitarfélag; ógreidda reikninga, hvar mál eru í kerfinu og svo framvegis.“

Ingimar telur að stjórnmalámennt gætu nýtt sér kerfi OneSystems til þess að leita álits íbúanna. „Við köllum þetta samráðsmál. Það er hægt að spyrja íbúana álits gegnum netið og síðan kemur niðurstaðan upp í súluriti. Vissulega er það alltaf bæjarráð eða stjórn viðkomandi sveitarfélags sem tekur

endanlega ákvörðun, en með þessum hætti má kanna hug íbúanna.“

Ingimar telur kerfið þó ekki einungis létta íbúum sveitarfélaga lífið heldur líka þeim sem lifa og hrærast í stjórnsýslunni. „Nefndarmenn eru kannski þrjátíu til fjörutíu í hverju sveitarfélagi. Með kerfinu okkar hafa þeir beinan aðgang að fundargerðum og öllum þeim skjölum sem þeir þurfa. Í staðinn fyrir að fá sendan bunka heim í leigubíl skráirðu þig einfaldlega inn á vefinn og færð þannig allar þær upplýsingar sem þú þarft.“

GRÍÐARLEGUR HAGNAÐUR

OneSystems er í eigu þriggja aðila; Ingimars, Einars Arnar Sigurðssonar aðalforritara og hlutafélagsins Þarabakka. „Þarabakki er stærsti fjárfestirinn og okkar bakhjarl ef við getum sagt sem svo. Við erum með sjö starfsmenn að mér meðtöldum; fimm fasta og tvo lausráðna til viðbótar.“

Ingimar segir OneSystems horfa út fyrir landsteinana. „Við erum með tvö til þrjú verkefni í Eyrstrasaltsríkjunum í burðarliðnum. Við fókuserum sem fyrr helst á opinberar stofnanir og ríkisfyrirtæki.“

Vöxtur OneSystems hefur verið hraður undanfarin ár og segir Ingimar tekjuaukninguna hafa verið um fjörutíu prósent milli ára. „Við skilum gríðarlegum hagnaði. Á síðasta ári var hagnaður félagsins 37 prósent af veltunni.“

Ingimar segir mikilvægt að fara ekki fram úr sjálfum sér, varast beri að fara of geyst. „Framtíðarplanið er að sinna vel íslenskum sveitarfélögum og ríkisstofnunum. Síðan er ætlunin að vinna áfram í því að selja hugbún-

adinn okkar erlendis, þá horfum við ekkert endilega til Eyrstrasaltsríkjanna heldur einfaldlega þangað sem tækifærin gefast hverju sinni.“

SNEIÐA HJÁ SVEIFLUM

Ingimar segir OneSystems alla tíð hafa unnið beint á viðskiptavininn eins og kallar það. „Við gerum þetta bara einn á einn, sækjum engar ráðstefnur og stöndum ekki í einhverjum fjáraustri. Við göngum heldur beint að viðskiptavininum og ef hann vill vinna með okkur, þá gott og vel.“

Hann telur enga ástæðu til annars en að beita sömu aðferðum í viðskiptum OneSystems erlendis. Mikill kostnaður fylgi því að stunda viðskipti erlendis og því sé mikilvægt að fara varlega. „Það er ekki markmið að vera miklir umfangs eða stórir að starfsmannafjölda, heldur að veita viðskiptavininum sem allra besta þjónustu.“

Hugbúnaðarbransinn einkennist af miklum sveiflum, segir Ingimar. Verkefni koma og fara og þörfin á mannskap er síbreytileg. Af þessum sökum hefur OneSystems leitað samstarfs við önnur hugbúnaðarfyrirtæki í stað þess að bæta í sífellu við starfsmönnum. „Það vantar kannski tíu manns í vinnu einhvers staðar þennan mánuðinn og síðan alls engan þann næsta. Okkar konsept hefur af þeim sökum verið „outsorce“, eins og Kaninn segir. Við kaupum viðbótarkrafta og reynum að gera viðskiptavininn sem sjálfbærastan með þjónustuna.“

Með þessari aðferð segir Ingimar að unnt sé að halda tilkostnaði í lágmarki. „Við einbeitum okkur að því að selja pakkavöru og skila meiri hagnaði. Með því að gera viðskiptavininn sjálfbæran og leggja áherslu á fullkomna þjónustu í fjarvinnslu minnkum við tilkostnað. Hér getur setið einn maður og veitt alla þá þjónustu sem til þarf.“

„Það vantar kannski tíu manns í vinnu einhvers staðar þennan mánuðinn og síðan alls engan þann næsta. Okkar konsept hefur af þeim sökum verið „outsorce“, eins og Kaninn segir.“

Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



Af því að heima er best

Hjá Mömmu er vöruframboðið einfalt. Hjá Mömmu bjóðast bestu kjörin og starfsfólk Mömmu kemur heim til þín, tengir, stillir og gerir það sem þarf að gera svo þú getir notið **sjónvarpsins, símtalsins, internetsins** og **öryggisins**.


Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.



Hefurðu einhvern tíma átt í vandræðum með myndlykilinn? Ég skal koma heim til þín, tengja og stilla fyrir þig.



Þegar framboðið af **sjónvarpi, síma, interneti** og **heimavörn** er orðið umfangsmikið og flókið er gott að geta leitað til Mömmu. Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.

		
Sjónvarp	Sími & internet	Heimavörn
S M L	S M L	S M L
365	og vodafone	SECURITAS

Mamma.is

Afurðir hugans nýttar og varðar

Einstaklingar frá 21 Evrópulandi voru staddir hér á landi í vikunni í tilefni af alþjóðlegri ráðstefnu Einkaleyfastofunnar um hugverk og réttindi þeim tengd.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir
skrifar

Í síðastliðinni vikustóð Einkaleyfastofan fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um hugverkaréttindi. Var markmið ráðstefnunnar að efla vitund um slík réttindi hér á landi og segir Ásta Valdimarsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar, ekki

vanþörf á. „Það þarf að efla nýtingu hugverka í viðskiptum og iðnaði hér og Einkaleyfastofan, Nýsköpunarsjóður, Iðntæknistofnun, einkaaðilar og aðrir þurfa að eiga í meira samstarfi sín á milli.“

Einkaleyfastofan veitir þrenns konar vernd á hugréttindum; einkaleyfavernd, vöru-

merkjanefnd og hönnunarvernd. Til þess að fá einkaleyfi þarf uppfinningin að hafa tæknilega virkni. Hönnunarverndin er fyrst og fremst útlitsvernd og vörumerkjavernd stendur vörð um alla þætti vörumerkis. Níutíu prósent af umsóknunum hér á landi eru frá erlendum aðilum sem vilja vernda sig hér á landi, langflestar á sviði lyfja. Ásta segir það koma til af því að vegna Actavis sé mikil samkeppni á lyfjamarkaðnum. Þar að auki er mikið um umsóknir um vernd á tölvutengdum uppfinningum, til dæmis á tölvustýrðum vélum sem eru notaðar í iðnaði.

Ráðstefnan var haldin í tilefni af fimmtán ára afmæli Einkaleyfastofunnar á þessu ári og því að árið 2004 hófst samstarf Einkaleyfastofunnar við Evrópsku einkaleyfastofuna, sem var að Ástu sögn mikill áfangi. Með því var Ísland orðið hluti af evrópsku einkaleyfakerfi og unnt að fá evrópskt einkaleyfi sem gildir í öllum þeim ríkjum sem eru í samstarfinu, 31 talsins.

Gestir ráðstefnunnar komu alls staðar að, meðal annars frá háskólunum, rannsóknarumhverfinu, ríkisstofnunum og einkafyrirtækjum á borð við deCode, Actavis og Össur, sem reiða sig mjög á einkaleyfavernd. Á ráðstefnunni var líka fjöldi erlendra gesta og fyrirlesara, alls frá 21 Evrópuríki, frá stofnunum á borð við Alþjóða hugverkastofnunina í Genf, Samtök iðnaðarins í Evrópu, forstjóra bresku einkaleyfastofunnar og hugverkasvið framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Valgerður Sverrisdóttir, fráfaramandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, setti ráðstefnuna en heiðursgestur var prófessor Alain Pompidou, forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar. Meðal annarra sem töluðu voru þeir Hilmar B. Janusson, framkvæmdastjóri rannsóknar- og þróunarsviðs Össurar hf., og Magnús Scheving, frumkvöðull, stofnandi og forstjóri Latabæjar, sem hlutu góðar undirtektir viðstaddra.

Ásta segir ráðstefnugestina, íslenska sem erlenda, hafa farið sátta frá ráðstefnunni. Þeir hafi



HEIÐURSGESTUR Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Alain Pompidou, forseti Evrópsku einkaleyfastofunnar, Valgerður Sverrisdóttir, fráfaramandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og Ásta Valdimarsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar.



HLUSTAD Á ERINDIN Margir áhugaverðir fyrirlestrar voru á ráðstefnu Einkaleyfastofunnar um hugverkaréttindi og komu gestir frá 21 Evrópulandi.



YFIRMAÐUR HUGVERKASVIÐS ESB Eric Nooteboom frá ESB, yfirmaður hugverkasviðs framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, var einn margra áhugaverðra fyrirlesara á ráðstefnu Einkaleyfastofunnar.

fengið skýr dæmi um hvernig Einkaleyfastofan geti hjálpað við að koma vöru fyrir á markaði og haldgóðar upplýsingar um nýjustu hugmyndir frá Evrópusambandinu á sviði einka-

leyfaverndar. Íslensku fyrirlesararnir frá Össuri og Latabæ hafi svo gefið þeim góða hugmynd um hvernig hægt sé að nýta sér einkaleyfavernd í öllum viðskiptum hér á landi.



GLITNIR OPNAR SKRIFSTOFU Í KANADA Jón Diðrik Jónsson, framkvæmdastjóri fjárfestinga- og alþjóðasviðs Glitnis, ávarpar gesti við opnun skrifstofunnar.

Glitnir í Kanada

Í síðustu viku opnaði Glitnir banki skrifstofu í Halifax í Kanada. Mun meginhlutverk skrifstofunnar vera að styrkja tengsl við viðskiptavinum bankans þar á landi með áherslu á matvælaíðnað, sérstaklega sjávarútveg, sjálfbæra orkuframleiðslu og skipaiðnað, sem eru áherslusvið bankans á alþjóðlegum mörkuðum.

Í fréttatilkynningu frá Glitni banka er haft eftir Magnúsi Bjarnasyni, framkvæmdastjóra fjárfestinga- og alþjóðasviðs í Ameríku og Asíu, að opnun skrif-

stofunnar sé mikilvægt skref fyrir bankann og viðskiptavinum hans í Kanada. „Við erum með afar traustan hóp viðskiptavina í Kanada, sérstaklega í sjávarútvegi, og viljum gjarnan hasla okkur völl á öðrum sviðum sem bankinn sérhæfir sig í á alþjóðamarkaði.“

Hjálmur Nordal mun stjórna skrifstofunni í Halifax en hann hefur starfað hjá Glitni síðastliðin sex ár og býr yfir viðtækri reynslu af verkefnum á alþjóðlegum mörkuðum.

- hhs

Markmál

Þýðingar og skjalagerð

Aðsetur í Reykjavík Akademiunni - Hringbraut 121
www.markmal.is - markmal@markmal.is - S: 660 5003

Jakki
Stærðir 48-64
5.330.-

Vesti
Stærðir M-XXL
4.600.-

Buxur
Stærðir 48-64
Frá 4.160.-

Góður vinnufélagi

ARCTIC WEAR
Vinnuföt - Hlíðarföt Vesturvör • 200 Kópavogi • Sími: 534-2900 • Fax: 534-2901

Sími: 534-2900

Prentakni ehf.

Markaðurinn (Einkablaðið) Gullap, árið 2005.

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Hluthafafundur TM

Hluthafafundur

Hluthafafundur verður haldinn í Tryggingamiðstöðinni hf.
5. júlí 2006 kl. 16.00 í matsal félagsins á 7. hæð, Aðalstræti 6, Reykjavík.

Dagskrá

1. Kjör stjórnarmanna.
2. Umræður um ákvörðun stjórnar um innlaun eignarhluta félagsins í Fjárfestingarfélaginu Gretti hf.
3. Önnur mál löglega upp borin.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is

TM



1928

VERSLUN • VÖRUHÚS



www.1928.is

SÍGILD OG FALLEG HÚSGÖGN ÚR GEGNHEILUM KIRSUBERJAVIÐ

20%

afsl. af kirsu-
berjahúsgögnum
frá auglýstu
verði

LÁGT VERÐ

NÝ SENDING



Veggkertastjaki.

Kr. ~~2.500.-~~
Nú: **2.000.**



Borðstjaki
verð 2.900 og 3.500



**Náttborð með skúffu og
blaðahillu. 55x39x78cm**
Verð 19.700 Nú **15.800**



Náttborð
40x38x64cm
Verð 15.700 Nú **12.600.**



Náttborð
34x30x76
Verð 15.000 Nú **12.000**



Hringborð
verð áður ~~7.900.-~~
verð nú **6.300**



Spegill
verð áður ~~12.500~~
verð nú **9.900**



Spegill
verð áður ~~9.800~~
verð nú **7.800**



TV skápur
verð áður ~~34.500.-~~ verð nú **27.600**

Opnunartími:

**mán.-fös.
10-18**

**Lau.
10-16**



Snyrtispegill
verð áður ~~12.500~~
verð nú **9.900**



Náttskápur
verð áður ~~23.000~~
verð nú **18.500**



Skrifborð
verð áður ~~29.900~~
verð nú **23.900**



Tvöfaldur glerskápur
verð áður ~~49.900~~
verð nú **39.900**



Vínrekki
verð áður ~~25.500.-~~
verð nú **19.900**



Skenkur
verð áður ~~37.000~~
verð nú **29.600**



Skatthol
verð áður ~~29.900~~
verð nú **23.900**



Vegghilla
verð áður ~~12.500-~~
verð nú **9.900**



Gólfspgill
verð 25.500-

Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480

Frelsið er mikilvægt

Hvert er mikilvægi eignarréttar og frjálsra viðskipta fyrir samfélagið?

Réttur manns til eigna sinna og frjálsra viðskipta með þær er ekki bara mikilvæg mannréttindi, heldur hornsteinninn hins frjálsa, lýðræðislega samfélags. Þá er hvort tveggja grundvöllur efnahagslegrar velsæðar og framfara. Tilraunaeldhús sósíalísmans þar sem rauði þráðurinn var lengstum afnám eignarréttar, þar sem fólk var svipt eignum sínum, og ríkinu falinn eignarrétturinn, leiddi ekki bara til efnahagslegs hruns þar sem tilraunirnar voru gerðar, heldur líka samþjöppunarvalds á fárra hendur, ógnarstjórnar og hrikalegra hörmunga. Ég held að fólki sjáist oft yfir hvað eignarréttur og frjáls viðskipti eru þýðingarmikil fyrir valddreifingu og lýðræði og líti fyrst og fremst á efnahagslega þýðingu.

Fyrir skömmu stóð RSE fyrir mál-fundi um efnahagslegt frelsi í Mið-Austurlöndum. Af hvaða tilefni?

Málefni þessa heimshluta eru auðvitað mjög í brennidepli, en við heyrum oftar um stríðsbrölt og risavelda-pólitík í Mið-Austurlöndum heldur en um kjör venjulegs fólks og hver áhrif þjóðfélagsgerðarinnar eru á þau. Við vildum fræðast nánar um hið síðarnefnda. Vandamál þessara ríkja hafa auðvitað áhrif út fyrir landamærin, meðal annars á okkur. Því var tilvalið að ræða málefni Mið-Austurlanda í samhengi við markmið RSE.

Hver er staða efnahagslegs frelsis í Mið-Austurlöndum?

Fadi A. Haddadin gerði grein fyrir því á fundi okkar að takmarkanir á efnahagslegu frelsi íbúanna væru miklar. Hið

opinbera væri aðalgerandinn í efnahagslífinu. Að vísu væru á því undantekningar, eins og t.d. í Dubai, og teikn á lofti í sumum ríkjum um þróun í rétta átt, s.s. í Líbanon, en annars væri ástandið hreint ekki nógu gott. Hann telur skort á efnahagslegu frelsi meginstæðu atvinnuleysis og bágrar stöðu almennings í ríkjum Mið-Austurlanda og Norður-Afríku. Takmarkanir séu verulegar á viðskipta- og fjárfestingafrelsi, auk þess sem skipulegt eignarréttarkerfi er varla fyrir hendi eins og raunar perúski hagfræðingurinn Hernando de Soto hefur bent á að sé hið stóra mein þróunarríkja. Bádóir benda á að það sé ekki neitt í menningu eða trúarbrögðum sem skýri bág kjör fólks í þróunarríkjum, heldur skortur á samfélagsgerð sem virðir frelsi fólks og gefur því svigrúm til að bæta stöðu sína sjálf.

Hvað er til ráða?

Aukið efnahagslegt frelsi mun tvímælalaust bæta kjör fólks og líklega varða leiðina að lýðræðisumbótum og auknu stjórn-málaugu frelsi að auki. Hvernig þetta verður gert er önnur saga. Við höfum séð bæði í Mið-Austurlöndum og S-Ameríku hvernig lýðskrumarar og öfgamenn nýta sér óánægju almennings með stöðu sína og vantraust á stjórn-málum. Sjálfsagt er það besta sem komið getur frá okkur miðlun á þekkingu á rótum auðlegðar. En þá verðum við náttúrlega að hafa þekkinguna. Í stjórn-málaumræðum á Vesturlöndum kemur enn fram rík andstaða við eignarréttarskipulag og frjáls viðskipti og mikil trú á ríkisvaldið til að leysa vandamál þrátt fyrir öll dæmin um hið gagnstæða. Svo það er víðar verk að vinna en í Mið-Austurlöndum.

TÖLVUPÓSTURINN
Til Birgis Tjörva Péturssonar
framkvæmdastjóra Rannsóknar-miðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál



Kína !

**Viltu eiga viðskipti við Kína ?
Fyrirtæki sem flytur inn
listmuni frá Kína er til sölu.
Mjög góð viðskiptasambönd.
Glæsilegur lager af Kínversku
postulíni.**

**Jón G. Briem hrl. og löggiltur
fyrirtækjasali.**

Fyrirtækjamiðlun, Skipholt 50b,
105, Reykjavík. Símar: 561 9505
og 895 0209. Fax: 561 9501.

Tölvupóstur: jongbriem@trod.is.

Vefsíða: www.fyrirtaekjamidlun.is

Lýðræðið kemur frá fólkinu

Hagvöxtur í Mið-Austurlöndum er sorglega lítill, að sögn jórdanska hagfræðingsins Fadi A. Haddadin. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson hlýddi á erindi hans um stöðu efnahagsmála við Persaflóa og leiðir til úrbóta.

Hagvöxtur hefur verið lítill um árabíl í Mið-Austurlöndum en stjórnarfar og spilling í opinberri stjórnsýslu koma í veg fyrir að breyting verði á. Þetta sagði jórdanski hagfræðingurinn Fadi A. Haddadin í erindi sínu í Háskóla Íslands á miðvikudag í síðustu viku um stöðu efnahagsmála, umsvif hins opinbera í viðskiptalífi landanna við Persaflóa, tengsl við fátækt og skort á efnahagslegu frelsi í löndunum. Haddadin kom hingað til lands á vegum Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál (RSE) og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Birgir Tjörvi Pétursson, framkvæmdastjóri Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál, sagði í kynningu sinni áður en Haddadin sté í pontu að ástæðan fyrir erindinu væri meðal annars sú að meirihluti fréttar sem bærust frá löndunum við Persaflóa væri af stríðsátökum og óeirðum. Nauðsynlegt væri að fá annað sjónarhorn á stöðu mála í þessum heimshluta.

Jórdanski hagfræðingurinn Fadi A. Haddadin er svo sannarlega innanbúðarmaður um stöðu efnahagsmála í löndunum við Persaflóa. Hann er einarður frjálsbyggjamaður, talsmaður viðskiptafrelsis og lýðræðis, menntaður í bandaríska háskólanum í Beirút, London School of Economics í Bretlandi og háskólanum í Chicago í Bandaríkjunum. Þá starfar hann sem ráðgjafi í málefnum Mið-Austurlanda, meðal annars fyrir Alþjóðabankann í Washington í Bandaríkjunum.

Haddadin tók undir orð Birgis frá upphafi fundar en bætti við að erfitt væri að koma frá þessum heimshluta. Sló hann á léttu strengi og sagði vandkvæðum bundið að lýsa því fyrir Bandaríkjamönnum hvaðan hann væri. Þyrfti hann að ítreka að hann væri ekki frá smábæ í Bandaríkjunum heldur frá nágrannaríki Ísraels.

LÍTILL HAGVÖXTUR Í MIÐ-AUSTURLÖNDUM

Haddadin sagði hagvöxt hafa verið sorglega lítinn í Mið-Austurlöndum í samanburði við aðra heimshluta. Í mörgum tilfellum væri neikvæður hagvöxtur. Skortur á vatnsuppsprettum einkenndi löndin í þessum heimshluta og litlu skipti fyrir löndin hvort þau byggju yfir olíuauðlindum eður ei.

Meðal þeirra landa sem ekki byggja afkomu sína á olíuframleiðslu eru Túnis, Marokkó, Jórdanía, Egyptaland og Líbanon. Hagvöxtur landanna er, ótrúlegt nokk, ívið betri en í þeim löndum sem búa yfir olíuauðlindum. Þar er atvinnuleysi hins vegar meira. Íbúar landanna hafa brugðist við þeim aðstæðum með því að flytjast úr landi til nágrannaríkjanna, m.a. til Alsír, Sýrlands, Jemens, Kúvæt og fleiri landa við Persaflóa til að starfa við olíuframleiðslu. Þar vinnur fólkið í óskilgreindan tíma og sendir laun sín til fjölskyldna sinna í heimahögum.

STERK ÍTÖK HINS OPINBERA

Alla jafna má gera ráð fyrir því að miklar olíulindir skili góðri afkomu og bæti hagvöxt þeirrar þjóðar sem hefur lífíbrauð sitt af olíuframleiðslu. Því er hins vegar ekki að skipta, að mati Haddadins, því ítök hins opinbera í fyrirtækjarekstri í löndunum við Persaflóa eru mikil. Meirihluti landsmanna vinnur hjá hinu opinbera, hlutfallslega tvöfalt fleiri en starfa hjá hinu opinbera í Asíu og þrefalt fleiri en í Mið-Afríku. Benti Haddadin á að þróunin hefði breyst mikið á síðasta áratug og væru launþegar ríkisins í löndunum við Persaflóa í lok síðasta áratugar tæplega tvöfalt fleiri en við upphaf hans.

Þessi sterku ítök hins opinbera hafa gert það að verkum að fjárfestingar í einkafyrirtækjum eru litlar og efnahagsþróun hæg við Persaflóa, að mati Haddadins.

LÝÐRÆÐIÐ KEMUR INNAN FRÁ

Lýðræðisþróun hefur verið mikið til umræðu í löndunum við Persaflóða, sér í lagi eftir innrás Bandaríkjamanna í Írak árið 2003 þegar Saddam Hussein, forseta og einræðisherra landsins, var velt úr sessi. Haddadin taldi litlar líkur á að Bandaríkjamönnum tækist ætlunarverk sitt að



FADI A. HADDADIN Hagvöxtur í Mið-Austurlöndum er sorglega lítill. Það skrifast meðal annars á skort á lýðræði og spillingu opinberra embættismanna. Mynd/GVA

koma á lýðræði í Írak sem myndi breiða úr sér til nágrannalandanna. Einræðislegir stjórnarhættir væru rötgrónir í löndunum við Persaflóa og taldi hann öruggt að hvötin yrði að koma innan frá; frá íbúum landanna fremur en með öflugum þrýstingi frá erlendum stjórnvöldum.

Lýðræði er mjög ábótavant í löndunum við Persaflóa, að mati Haddadins, sem benti á að tenging hins opinbera við atvinnulífið gerði það að verkum að spilling hefði fengið að dafna þar óáreitt. Nefndi hann sem dæmi að opinber embættismaður í Jórdaníu hefði stungið tugum milljóna Bandaríkjadala í eigin vasa og komist upp með það þrátt fyrir að hulunni hefði verið svipt af hátterninu. Sagði hann íbúa landanna við Persaflóa vera orðna langþreytta á ástandi sem þessu og taldi hann innleiðingu lýðræðis mundu eyða spillingu með öllu, eða í það minnsta gera spilltum stjórn-mála-mönnum erfiðara um vik.

LEIÐIR TIL ÚRBÓTA

Fadi A. Haddadin hefur sjálfur lagt sitt af mörkum til eflingar lýðræðis og efnahagslegra umskipta í löndum við Persaflóa. Hann er einn stofnenda hugveitunnar The Lamp of Liberty (www.misbahalhurriyya.org), sem tengist Cato-stofnuninni í Bandaríkjunum. Hugveitan birtir þýðingar á grein- og fyrirlestur eftir helstu hugsuði frjálsbyggjumanna á borð við Adam Smith, John Stuart Mill, Friedrich Hayek, Milton Friedman

og Hernando de Soto á arabísku. Þá er ætlunin að efna brátt til enn frekari umræðu um lýðræði og frelsi í viðskiptum með þýðingu bóka eftir sömu höfunda og námskeiðahalds um efnahagsmál.

Haddadin sagði lýðræðislegt stjórnarfar hafa komist á að litlu leyti í nokkrum löndum við Persaflóa. Meðal annars hefðu fimm sæti verið tekin frá fyrir konur á jórdanska þinginu og hefði það breytt stjórn-málaumræðunni nokkuð. En betur má ef duga skal og sagði hann nauðsynlegt að efla lýðræðið enn frekar í löndunum við Persaflóa. Enn ætti eftir að auka málfrelsi og frjálst flæði fjármagns arabalanda á milli.

Lýðræði er mjög ábótavant í löndunum við Persaflóa, að mati Haddadins, sem benti á að tenging hins opinbera við atvinnulífið geri það að verkum að spilling hafi fengið að dafna þar óáreitt. Nefndi hann sem dæmi að opinber embættismaður í Jórdaníu hefði stungið tugum milljóna Bandaríkjadala í eigin vasa og komist upp með það þrátt fyrir að hulunni hafi verið svipt af hátterninu. Sagði hann íbúa landanna við Persaflóa vera orðna langþreytta á ástandi sem þessu og taldi hann innleiðingu lýðræðis koma til með að eyða spillingu með öllu, eða í það minnsta gera spilltum stjórn-málamönnum erfiðara um vik.



Eitt ár í Síðumúlanum ... og við í afmælisskapi!

HEIMSKLASSA MERKI Á BOÐSTÓLUM:



LOEWE. SAMSUNG Pioneer OLYMPUS® NEC QONIX®
SHARP® Nintendo® Nikon



SHARP
LC15SH1E
15" LCD sjónvarp
Verð: 59.900

Gerðu þér
mat úr m.a.
þessum frábæru
**afmælis-
tilboðum**



Pioneer

PDP-436SX
PLASMA SKJÁR
Skjá stærð 109 cm (43")
Skjáhlutfall 16:9
Upplausn 1024 x 768 punktar
HD ready / HDMI
Pureblack/Pure drive 2HD
Skerpa: 3.000:1
Innbyggður móttakari
Hátalarar og borðstandur fylgja
Verð: 459.900



SAMSUNG

LE-32R41B
32" Breiðtjaldssjónvarp
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpssminni
Verð: 199.900

... kynntu þér
málið, kíktu í
heimsókn og
gerðu dúndur
góð kaup!

SHARP



SHARP ERA-220 SJÓDVÉL
15/30 vöruflokkar · Allt að 500 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning · Íslenskur strímill
Rafrænn innri strímill · Mjögfyrirferðarlítil skúffa
Verð: 38.900
(Áður 45.900)



Pioneer
PIONEER DCS 232 HEIMABÍÓ
Verð: 33.900



PIONEER DVR-440H
DVD upptökutæki með 80Gb hörðum disk
Verð: 55.900

OLYMPUS

OLYMPUS MJU700
7.1 milljón pixlar
3ja ÁRA ÁBYRGÐ
Verð: 26.900



OLYMPUS MJU720
7.1 milljón pixlar
Högg- og vatnspétt
3ja ÁRA ÁBYRGÐ
Verð: 36.900



NINTENDO DS



NINTENDO DS
Leikjatölva · Fjöldi frábærra leikja
Verð: 13.900
- einn leikur fylgir



LOEWE.

LOEWE XELOS
32" Háskerpusjónvarp · HD Ready ·
Upplausn: 1366 x 768 · Innbyggður DVB-T
stafrænn · sjónvarpsmóttakari · Skerpa: 800:1
· Birta: 450 cd/m2
Verð: 299.900



SHARP
SHARP AL-1566
Prentari, skanni og ljósrítunarvél
Verð: 89.900



SHARP
SHARP AR-M160D
Prentari, skanni og ljósrítunarvél
Verð: 119.900

Frumritamatari á mynd er aukabúnaður.

SHARP



SHARP XR10X
Skjávarp · Birta: 2000 ANSI LUMEN
Upplausn: XGA 1024 x 768 · Þyngd: 3.9 kg.
3ja ÁRA ÁBYRGÐ
Verð: 114.900

SHARP



SHARP UX-P410
Faxtæki · Sími · Hitaflumuprent · 50 blaða
pappírsbakki · 10 blaða arkarmatari · 448Kb
móttökuminni (24 bls)
Verð: 15.900

Fjöldi annarra tilboða!

Hljómtækja- og skrifstofutækjadeild ORMSSON í Síðumúla 9

Þú gengur að gæðunum vísum!

ORMSSON

Sími 530 2800 · www.ormsson.is

BANKAHÓLFÍÐ



Bateman borar á Mars

Nú fer sem eldur í sinu um netheima keðjupóstur þar sem fólki er boðið að kaupa hlut í fyrirtæki að nafni Tubing Technology Incorporated (TTI) á góðum kjörum. Það væri kannski ekki frásögur færandi nema að undir póstin skrifar Pat nokkur Bateman, alnafni bandaríska brjálæðingsins í American Psycho eftir Bret Easton Ellis. Patrick Bateman bókarinnar var heldur tæpur á geði og skemmti sér við að myrða mann og annan, milli þess sem hann spilaði sig stóran á Wall Street. Alnafni hans, og forsvarsmaður TTI, býður hins vegar til sölu hlutabréf í TTI en fyrirtækið stundar víst umfangsmiklar boranir eftir vatni á plánetunni Mars.

Barátta um toppsætið

Íslendingar og Tyrkir heyja nú harða baráttu um toppsæti verðbólgu lista OECD fyrir árið 2006. Nýlega var gefinn út listi OECD fyrir árið 2005. Þar var Ísland í þriðja sæti með 5,5 prósentu verðbólgu, á eftir Tyrkjum og Slóvakum. Slóvakar virðast hafa náð að hemja verðbólguna og mælist hún nú 4,8 prósent á ársgrundvelli en var sex prósent í fyrra. Tyrkir hafa sett sér fimm prósentu verðbólgu markmið fyrir árið en ólíklegt verður að telja að það náist enda er verðbólgan nú 9,9 prósent á ársgrundvelli. Verðbólga mælist sem kunnugt er átta prósent á ársgrundvelli hér á landi og spurning hvort það nægi til að velta Tyrkjum úr sessi. Ljóst er að erfitt verður að klífa alla leið á topp heimslistans, en þar situr Simbabwe eitt og óskorað með 1193 prósentu verðbólgu.

Mörk og markaðir

Greinilegt er að braskarar hafa áhuga á HM í knattspyrnu ekki síður en aðrir. Meðan á leik Japans og Ástralíu á mánudag stóð varð löng bið á viðskiptum í Kauphöllinni. Mikill rykkur varð síðan á viðskiptum um klukkan 13:50 en þá var einmitt hálfleikur. Viðskiptin stöðvuðust svo snarlega þegar flautað var aftur til leiks.

14:48

sló klukkan þegar bilun varð í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands hinn 7. júní.

8,7%


hlutur Fjárfestingarfélagsins Sjafnar í fjárfestingarfélaginu Frontline Holding S.A.

7,5

milljarða króna útlán bankanna til íbúðalána og þau lægstu í einum mánuði frá því þeir komu inn á íbúðalána-markað árið 2004.

LÍTUR VEL ÚT
SANTA FE

Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fagaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.



NJÓTTU ATHYGLINNAR!
NÝR SANTA FE



Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

E*TRADE®

„Ég hef alltaf verið keppnismaður“

Þess vegna hef ég aðgang að E*TRADE. Með þátttöku í E*TRADE í gegnum Landsbankann býðst einstaklingum möguleiki á að nýta sér beint og milliliðalaust áhugaverð fjárfestingartækifæri. Á E*TRADE getur þú keypt og selt hlutabréf í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Bandaríkjunum. E*TRADE er einfalt í notkun, í boði eru ókeypis námskeið og allt viðmót er á íslensku.

Ert þú á E*TRADE?

Kynntu þér málið á landsbanki.is eða hringdu síma 410 4000.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is





Til sölu Mazda 3 sport '05, ein sú fallæg-asta sinnar tegundar, 2.0l 150 hð., 5g ekin 16 þús. km, mikill aukabúnaður, lækkuð, dökkar rúður, 17" og 16" dekk/felgur, lúga, Xenon, kastarar, regnnemi, aksturstölva, sportspeglar, og margt fl., verð 2.340.000, áhvilandi gott lán, lítill útborgun, 27k/mán., uppl. í s. 844 6212, bíllin er til sölu og sýnis í sal Ræsis HF.

Jeppar



Toyota 4runner dísel árg'95 ekin 207þ á 38" hásing að framan . bíll í topp standi vel með farinn og er tilbuinn á fjöll sími 8481515



Patrol 02, ek.67þús, Elegance, leður, beinsk. 35"br. Glæsilegur bíll. GSM 899 3717



Toyota 4runner árg. '92, einn eigandi, sk. Með öllu. Ásett verð 550 þús. Tilboðsverð 190 þús. Uppl. í s. 848 6958.



Toyota Landcruiser Dísel. árg. '97. 7 manna, ssk., ekin 257 þús., nýsk. '07. Þjónustubók og topp viðhald. Verð 1480 þús. Uppl. í s. 864 8338.



Toyota 4Runner V6 '91, beinsk., ek. 190 þús. Skipti á óðyrari. Verð 330 þús. S. 868 8565.

Til sölu MMC Pajero Turbó intercooler, dísel, árg. '91, lengri gerð, sk. '07. Uppl. í síma 896 1419 & 557 3190.

Land Rover til sölu árg. '78 með vara- hlutum á 100 þús. Uppl. í s. 483 3068 & 868 1195.

Fornbílar



Til sölu Mercedes Benz árg. '80 nýsk. Uppl. í s. 893 2946, Einar.

Pallbílar



Sendibílar



LDV sendiferðabífreið, turbo, dísel, árg. '96. Ek. 106 þús. Í mjög góðu ástandi. Tilvalinn sem húsbíll. S. 581 1979 & 861 0096.

Vörubílar

Hjólkoppar á vörubíla. Dekk ný og sól-uð. Nýjar felgur 9" og 11,75". Fjadrir nýjar og notaðar. Allskonar notaðir hlutir. Útvegum vinnubíla og tæki erlendis frá. Heiði rekstrarfélag ehf. Sími 696 1051.

www.trukkur.is
Sími 893 8327.

Húsbílar



Ford Transit 125, T350 Challenger ár 06 ek. 2.800, rr, rs, Central læsingar, Mp3 spilarí. Skoða skipti. Verð 4.500 þ Uppl. 849-6251

Mótorhjól



Riddarí götunnar til sölu! Suzuki 550GT, árg. 1976, eðalöldungur í góðu standi, nýskoðað 2007. Af mjög sérstökum ástæðum fæst hjólið keypt á kr. 299.999 staðgreitt. Uppl. í síma 892 1316.

Vespur



Gula býflugan. Piaggio Vespa, 50cc, en virkar kraftmeira vegna breytinga. Ekið að-eins 4447 km. Hjól í toppstandi. Verð kr. 99,999 staðgreitt. Uppl. í síma 892 1316.

Fjór hjól



Yamaha Raptor 660 árg. 2002 "Race Ready" Frábært hjól, Tribal Decal merkingar, nýir Nerf bars og shock covers Ekki missa af þessum, keyptur nýr úr umboði. Verð 590 þús. Maggi 896 2547.



Yamaha Grizzly 660 4x4 árg. 2005 Og Arctic Cat 375 árg. 2002 og 500 4x4 árg. 2003. Gott verð m/vsk. Plus Gallery ehf. S. 898 2811.

Hjólhýsi



Hjólhýsi til sölu
Ný hjólhýsi á betra verði en áður hefur þekkt, frá 1.250 þús. Lán allt að 100%. Komdu og kíktu á okkur eða hafðu samband í síma 587 2200 & 898 4500, www.vagnasmiðjan.is.

Leigjum lúxus hjólhýsi með rúmföt f.4 borðb.f.6 sjónvarp/dvd,vc,sturta,fortjald,omfl. vagnaleigan.is s8618700

Fellihýsi

Viltu kaupa eða selja Fellihýsi, Hjólhýsi ,Húsbíla ,Tjaldvagn Sjá www Bilabank-inn.is Bilabankinn s 588-0700 Eirhöfða 13

óska eftir að kaupa gott fellihýsi, verður að vera með fortjaldi. s. 6986958

Til sölu Viking 1706 Epic fellihýsi árg. 1999 með festingu fyrir mótorhjól. Nýtt fortjald getur fylgt. Verð 380 þ. Uppl. í s. 896 6551.

Til sölu 8 fet Colemann taos árg 98. Nýtt fortjald og straumb. Verð 550 þ. uppl. s.8961365

Palomino Colt árgerð 2000, sólarSELLA, markisa. Verð 500 þ. Uppl. í s. 899 3201.

Til sölu Palomino Colt árg. 2002. Mjög vel með farið. Með öllu. Uppl. í s. 894 3315.

Conway Cruiser fellihýsi. Árg. '94. Vel með farið og m/ góðu fortjaldi. Uppl. í s. 863 2426 & 421 1326.

Colt árg. '05 til sölu með aukahlutum notaður einusinni. Sími 892 5861.

Palomino Yearling 12 feta, árg. '05. 2 rafgeymar, 2 kútar, ísskápur, svefntjöld. Verð 1.190 Húsið er uppsett og til sýnis. Uppl. í s. 895 5577.

Til sölu er lítið notað Palomino Colt, árg. '02. Verð 650 þús. Uppl. í s. 565 4442 & 898 1229

Óska eftir fortjaldi á Viking 8 feta fellhýsi eða svipað að stærð. Uppl. í s. 892 6076

Vel með farið 13 feta Viking. útdr. á 3 vegu, árg. '00, upphækkað, fortjald, svefntjöld. Ath. ýmis skipti. S. 897 9279.

Tjaldvagnar



Álbox fyrir ferðabíla KE Málmsmíði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522.www.ke.is



Til sölu Deluxe tjaldvagn árg.'05. Litur út eins og fellihýsi og hefur sömu eiginleika en er ekki með hörðum topp. Uppl. í síma 8995276

Til sölu Combi Camp tjaldvagn árg. '96 með útskoti. Upplýsingar í s. 896 0556.

Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.



Erum með til leigu Beltahjólborur sem bera 600 kg. Breidd 75 cm. Með breikk-anlegum beltangangi upp í 105 cm.Getur mokað upp í sig og hægt að lyfta upp í 165 cm. til að sturta í jarðvegs-gáma. Höfum kerrur til að flytja tækin. VINNULYFTUR EHF. S: 544 8444



Skotbómulyftari

Til sölu 1997 Italmachine, snúnings skotbómulyftari, 3.500 kílóa lyftigeta, nær uppi 13 metra með gaffla og 17 metra með jibbi. Fylgihlutir gafflar, karfa með stjórtækjum, skófla og jib með spili. Mjög öflug vel í góðu ásigkomu-lagi. Verð 4.650.000 + vsk. Uppl. í síma 660-1700.



Til sölu mjög góður 8 manna Hägglund beltabíll árgerð 1983. Burðargeta: 8 farþegar í framvagni og 2,5 tonn í aftari vagni. Vél 135ha. V6 Ford bensín, sjálf-skipting, GPS, VHF. Góð græja í góðu standi tilbúin í veiðina eða hvað sem er. Er á gúmmibeltum og ekur því jafnt á malbiki og vegleysum. Einstakt tæki-færi. Verðhugmynd 1.800.000 en 50% afsláttur til björgunarsveita. Hafði sam-band í síma 896 5009 til að fá að prófa bílinn og gera tilboð.



Bátar



Bílaþjónusta



Chipsaway fráþæar rispuviðgerðir. Sparar tíma og peninga. Varanlegt lög-um einnig ryðbletti. S. 697 4310, Hjól-ko, Smiðjuvegur 26.

Hjólbarðar



Til sölu 17 króm felgur með bekkjum nánast nýtt verð 140 þús. kostar nýtt 180 þús. sími 862 0279.

BÍLASÝNING



Nýjar vélar



Hitachi ZX35U



Hitachi ZX30U



Neuson 1001 4x4

Notuð tæki



Volvo FH16 520 árg 1998 ekin 890þkm 80þkm á vél girkassa og drifum



Fiat Kobelco W110 árg 2002 7200vst.



Bomag 177 DH4 árg 2004 vst170 verð 5.500.000

Hafið samband

við sölumenn

í síma

5752400

6943800

6943900

ÍSHLUTIR ehf

www.ishlutir.com

Viðgerðir

Pústþjónustan Ás
Pústkerfi í flestar gerðir bíla.
Sérsmíð & viðgerðir:
21.2" & 3" púst í jeppa og sendibíla.
Einnig rafgeyma í úrvali
frí betning
Fljót og góð þjónusta
S. 562 8966, Nótunni 2



Kar-o-líner réttingarbekkur til sölu með miklum aukabúnaði einnig þriggja fasa loftpressu, 2 tveggja pústa bílalyftur, önnur lyftir 3t og hin 4t og m.fl. Verð tilboð. Uppl. e. kl. 18 í s. 892 4564.

Varahlutir

Varahlutir
BÍLAVARAHLOTIR Á LAGIÐ
Setjum líka hörku boddí og ljós.
Við erum ykkar bönus.
AB Varahlutir
Opíð frá virka d. 08.00-18.00
Betri vara, betra verð.
Sími 567 6020. Bildshotí 18
www.abvarahlutir.is og www.boddí.is

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrífs.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa, 2.0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opíð 8-18. Lau. 10-15.

Bílapartar ehf S.587 7659.
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bílapartar.is bílapart-ar@bílapartar.is

Partasalan Sími 557 7740.
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Bílapartasalan Ás
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrífs.

Japanskar Vélar
Eigum varahluti í flesta japanska og kóreska bíla o.fl tegundir! Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284.

Hedd 557 7551
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freeland-er og fl. Opíð mán.-föst. 9-18. Skemmu-vegur 16. S 557 7551.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns megin, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrífs.

Partaland s. 567 4100
Stórhöfða 18, R. Varahlutir í Pajero, Lancer, Trooper o.fl. teg.

Himnabjarg ehf.
Partasala og dráttabíljónusta. Er að rífa Opel Astra 1200 árg '98-2003, Ford Taur, Dahatshu Applause og Ford Escort '99. Kia Clarus '99, Suzuki Sidekick '93, Suzuki Baleno '99, MMC Colt '91, Nissan Almera '00. Sími 691 4441.

Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning

Allar helstu bílapartasölur landsins eru á www.partasolur.is

KEYPT & SELT

Til sölu

Mótorhjólafatnaður
Gore -tex og leður!
Pakkaverð 45.000kr.
Kosleather
Laugavegur 39 s.551-8844



Besta lausn fyrir þröng rými. Addco ehf. S. 586 9010 eða addco@addco.is

Hágæða sláttuvélar
35 lítr gasbúnaðarvél
4 hestaför
800 mm breið
Combi 455 sláttuvél með drifi
TIGA
Vetrarsöl ehf.
Aðalveg 4 - Kópavogur - Sími 564 1864

Samloka+gos kr 499!!!
Tilboð v/ kynningar á 50 manna sér sal m/ Sýn (HM) Tilboð gildir til 09/07/06 gegn framvísun þessarar auglýsingar. Salurinn er kjörinn fyrir afmæli, fundi og fl.
Quiznos Sub Suðurlandsbraut 32 S. 577 5775

Ísskápur hæð 1,72 10.000, 21" sjónvarp 10. 000, rúm 7.000, uppvöskunarvél 15.000, 15" álfelgur 11.000, stk, 9stk. 13" dekk á felgum 7. 000. Uppl. í s. 464 4366 & 844 0225. (Akranes).

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bílað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Fatlaður öyrkja óskar eftir hjólastól gefins eða ódyrt. Uppl. í s. 588 8018.

Óska eftir vel með farinni hillusamstæðu úr dökkum við og lítlu skrifborði, ódyrt eða gefins. Uppl. í s. 868 8118.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öyrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Ódyrar tölvuviðgerðir.
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. S. 695 2095.

Skotvopn

Ríffill Ruger 96/22 og losanlegur skotgeymir verð 35 þús. Haglabysa Baikal lamarlås 12 ekki skotgeymir (tvíhleypa) 20 þús. Ríffill Sears og roebuzk boltalås 22 losanlegur skotgeymir 25 þús. Uppl. í s. 464 4366 & 844 0225 (Akranes).

Til bygginga

Eigum til afgreiðslu hinar vinsælu
icaro
Járnabeygju-
vélar og klippur
Kynnið ykkur
verð og gæði
KVARNIR
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is

Vélar og verkfæri



Sérsmíðaðir þýskir hefilbekkir fyrir grunnskóla. Með eða án hækkunarbúnaðar. Einnig margar gerðir af hefðbundnum bekkjum. Mikið úrval véla og tækja fyrir trésmíði. HJ Hönnun s.824-0561

Verslun

TILBOÐ
DVD dagar
Fáðu 3 dvd myndir
með 20% afslætti
Stútfull búð af nýjum
DVD myndum
er lést á Droplaugarstöðum 8. júní, verður jarðsöngurinn frá Neskirkju fimmtudaginn 15. júní kl. 13.00.

- Sigríður Guðbrandsdóttir
Matthildur Björnsdóttir
Anna S. Björnsdóttir
Inga Dóra Björnsdóttir
Skúli J. Björnsson
Helga B. Björnsdóttir
Sigrún Björnsdóttir
börn og barnabörn.
- Malcolm Sherard
Einar B. Guðafsson
Björn Birnir
Anna S. Garðarsdóttir
Kristinn Hallgrímsson
Magnús Stephensen

MAXIM GORKY (1868-1936),
LÉST ÞENNAÐAG.

„Þegar vinnan er
ánægja er lífið
gleðilegt. Þegar
vinnan er skylda er
lífið þrældómur.“

Rússneski rithöfundurinn
Maxim Gorky var iðinn við
ritstörfin.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 14. JÚNÍ 1741

Rússar nema Alaska

Grigory Shelikhov markaði upp-
hafið að landnámi Rússa í Alaska
á þessum degi fyrir 220 árum.
Grigory fann Three Saints-flóann
þennan dag á Kodiakeyjum en
Evrópumenn uppgötvuðu landið
í fyrsta sinn árið 1741 þegar rúss-
neskur leiðangur var farinn undir
leiðsögn danska landkönnuðarins
Vítus Bering.
Rússneskir veiðimenn gerðu fljótt
innrás í Alaska og réði Páll Rússa-
keisari Rússnesk-ameríska félagið
til að stjórna nýlendunni.
Árið 1855 reyndu Rússar að selja
Bandaríkjamönnum nýlenduna.
Árið 1867 var samningurinn um
sölu nýlendunnar undirritaður í
forsetatíð Andrews Johnson og



VIÐ THREE SAINTS-FLÓANN

var verðið 7,2 milljónir dollara. 18.
október komst landið undir stjórn
Bandaríkjanna en það var Charles
Summer öldungardeildarþing-
maður sem lagði til nafnið Alaska.



RAGNHEIÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR OG LARS D. NIELSEN Eigendur Garðplöntusölnunnar Borgar í Hveragerði eiga fjörutíu ára ræktunarafmæli á þessu ári og er garðplöntusalan einnig tvítug um þessar mundir.

GARÐPLÖNTUSALAN BORG: TUTTUGU ÁRA

Fólk vill vita meira um plöntur

Garðplöntusalan Borg í Hveragerði heldur upp á tuttugu ára afmæli sitt á þessu ári. Hjónin Ragnheiður Guðmundsdóttir og Lars D. Nielsen eru eigendur sölnunnar, en þau standa einnig á tímamótum um þessar mundir og fagna fjörutíu ára ræktunarafmæli. Þau hófu að rækta blóm „um miðbik síðustu aldar“, eins og Ragnheiður segir sjálf og eru því orðin reynd í faginu.
„Við erum komin með þriðju ættlið-
ina úr sömu fjölskyldu sem koma að versla hjá okkur,“ segir Ragnheiður. Hjónin kynntust í Garðyrkjakólanum og hófu að rækta blóm hjá Jóni H. Björnssyni í Alaska í Breiðholti. Þau tóku síðar við rekstrinum á Alaska í Breiðholti en keyptu ræktunaraðstöðuna í Hveragerði árið 1975. „Við hættum

síðan alveg í bænum og opnuðum hérna árið 1986.“
Ragnheiður segist sjá mikinn mun á tíðarandanum í dag og þegar þau hjónin byrjuðu að selja plöntur. „Fólk er upplýstara og vill vita meira um plönturnar. Þegar við byrjuðum á þessu var fólk aðallega að rækta vegna þess að nágranninn var með fallegan garð. Þetta var eiginlega kvöð. En núna vill fólk hafa fallegt í kring um sig.“ Gróðursamsetningin hefur einnig breyst samhliða breyttum tímum. „Nú er komið svo mikið af sól-
pöllum og fólk er með blómin í kerjum og pottum. Það eru ekki lengur þessi flennistöru sumarblómabæð eins og var hérna einu sinni. Svo hefur aukist mikið úrval af skrautrunnum svo þetta er mikið breytt.“

Ragnheiður segist auk þess verða vör við breytingar á verkaskiptingunni í garðinum. „Karlmennirnir voru aðallega í trjánum og konurnar í blómunum en núna er orðið miklu meira um sameiginlegar ákvarðanir. Garðyrkjan er þá orðin sameiginlegt áhugamál fjölskyldunnar.“
Aðspurð segir Ragnheiður að þau Lars haldi sínum garði vel við. „Hann er nú eiginlega meira notaður sem tilraunastöð er garður. Fólk kemur hingað til að sjá hvernig þetta verður allt saman. Við erum alltaf að breyta honum, rífa og tæta allt í sundur.“
Í tilefni tuttugu ára afmælisins hafa Ragnheiður og Lars lækkað verðið á flestum plöntum og sumarblómum. Borg er í Þelamörk 54, Hveragerði, og er opið til klukkan 21 alla daga vikunnar.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,*
Þormóður Snæbjörnsson
Hæðargarði 40,

lést á Landspítalanum Hringbraut þann 10. júní.

- Sigurborg Helgadóttir
Laufey S. Þormóðsdóttir
Helga Þormóðsdóttir
Snæbjörn Börkur Þormóðsson
Linda Björk Þormóðsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
- Hafsteinn P. Júlíusson
Ólafur H. Hreinsson



AFMÆLI

Monika Abendroth
hörpuleikari er 62 ára.



Tilkynningar um merkis-
atburði, stórafmæli
og jarðarfarir í
smátursdálkinn hér til
hliðar má senda á netfangið
timamot@frettabladid.is.

JARÐARFARIR

14.00 **Jóhannes Kristjánsson**,
Klambraseli, verður jarð-
söngurinn frá Grenjaðarstað-
arkirkju.

Auglýsingar á að senda á
auglýsingar@frettabladid.is
eða hringja í síma
550 5000.



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og
langamma,*
Bára Sigurjónsdóttir
kaupkona,

sem lést á heimili sínu fimmtudaginn 8. júní, verður jarðsöngurinn frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 15. júní nk. kl. 14.00.

- Sigurjón Pétursson og Póra Hrönn Njálisdóttir
Guðjón Þór Pétursson og Ólöf Anna Jónsdóttir
Magnús Sigurjónsson, Pétur Sigurjónsson, Bára Sigurjónsdóttir, Pétur Þór Guðjónsson, Bylgja Guðjónsdóttir,
Bjartur Guðjónsson og Pétur Arnar Pétursson.

Trend+
Mondeo Trend Plus
 2,0i 5 dyra, 5 gíra*
 Blásamningur 27.490 kr.
 Rekstrarleiga 41.120 kr.
 Verð án söltilboðs 2.350.000 kr.
Söltilboð 2.250.000 kr.
 Söltilboð á sjálfskiptum
 Mondeo Trend Plus:
 Til viðbótar aðeins
 140.000 kr.



Mondeo Trend Plus

söltilboð*

27490

Mán.gr. Blásamningur
 Lýsingar og Brimborgar

Sumarið er komið í Brimborg. Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríð á sérstöku söltilboði Brimborgar. Skoðaðu góðan Blásamning* Lýsingar og Brimborgar - aðeins 20 prósent út og lágar mánaðargreiðslur. Skoðaðu Mondeo Trend Plus eða Focus C-Max Trend Plus frá Ford. Vertu í hópi þeirra bestu. Komdu í Brimborg.

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu söltilboði Brimborgar. Þú færð peninginn beint í vasann eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

Aflaðu þér
 frekari upplýsinga
www.ford.is

Focus C-Max - eins og að vera á fyrsta farrými

Betra aðgengi, mikið rými og góð þjónusta eru atriði sem Focus C-Max eigendur sækjast eftir. Aðstaðan um borð getur vart verið betri. Allir sitja hátt með góða yfirsýn. Auðvelt að sinna yngri börnunum og færa þau í og úr barnabílstólum. Eldri börn sitja hvert fyrir sig í sérstöku sæti en þrjú sérstök aftursæti eru í Focus C-Max. Kerran fær einnig gott rými í skotti. Focus C-Max stenst ströngustu kröfur þýsku TÜV eftirlitsstofnunarinnar við öfnæmisprófanir.



Focus C-Max Trend Plus
söltilboð*
29200
 (mán.gr. blásamningur)

Trend+
Focus C-Max Trend Plus
 2,0i 5 dyra, sjálfskiptur*
 Blásamningur 29.200 kr.
 Rekstrarleiga 41.670 kr.
 Verð án söltilboðs 2.590.000 kr.
Söltilboð 2.390.000 kr.

Komdu núna. Söltilboð Brimborgar
 gildir aðeins til 16. júní n.k.
 eða meðan birgðir endast.

Nýttu þér sérstakt Trend-plús söltilboð Brimborgar:
 Ford Mondeo Trend Plus og
 Ford Focus C-Max Trend Plus.

Sumarið
 er komið
 í Brimborg



brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

STUÐ MILLI STRÍÐA: Furðuleg farfuglaheimili

STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON ER MISHRIFINN AF ÓDÝRUM GISTIKOSTUM



Flestir sem gist hafa á hostelum eða á farfuglaheimili hafa væntanlega komist að því að þau eru eins misjöfn og þau eru mörg, enda fá slíkir gististaðir engar stjörnur eins og venjuleg hótél. Þegar gisting þar er pöntuð fyrirfram er því fátt sem getur sagt til um gæði farfuglaheimilanna nema þá einhvers konar ummæli frá fyrrverandi gestum þeirra. Slík stjörnugjöf getur þó oft verið mjög vafasöm. Sumir gefa þeim fimm stjörnur af því að þar sluppu þeir einu sinni við að borga fyrir morgunmatinn, en aðrir gefa staðnum eina stjörnu út af skíta-

rönd í klósettinu.

Þess vegna verður maður yfirleitt að taka sénsinn, enda er það allt í lagi þar sem oftast þarf maður ekki borga nema örfáa skilinga fyrir. Ég kynntist samt einu slæmu farfuglaheimili hér í Barcelona. Ég mætti á staðinn mjög seint og fékk svefnaðstöðu í litlu herbergi þar sem tíu aðrir gistu. Síðar komst ég að því að kojan mín hafði ekki gorma í miðjunni sem er ekki beinlínis hentugt fyrir mann af minni stærð. Fólkið sem ég var í herberginu með var síðan óhemju fjörugt, kannski of fjörugt fyrir minn smekk. Klukkan tvö að nóttu tóku tvær stelpurnar sig til, ræstu alla í herberginu og sögðu að nú væri kominn tími til að skemmta sér.

Þessar tvær hressu þýsku stelpur fóru síðan einnig út á svalir þar sem gestir og gangandi voru boðaðir í parti. Ég var ekkert beinlínis í stuði fyrir svona stemningu og afþakkaði því gleðskapinn pent. Ég sofnaði síðan nokkru seinna en ekki lengi því seinna vaknaði ég við það að ein þýska stelpa hafði tekið rómansk-an fola með sér upp í koju og þau voru ekkert að hafa fyrir því að fela sín samskipti, sem voru, jaa... við getum sagt að þau hafi verið dónaleg.

Þetta er samt ekkert einsdæmi því ég hef heyrt margar verri sögur. Þrátt fyrir þetta mæli ég samt eindregið með farfuglaheimilum sem eru fjörugur, ódýr og upplífandi gistikostur fyrir alla farfugla.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



KEANE
UNDER
THE
IRON
SEA



LANGAR ÞIG
Í EINTAK?

Sendu SMS skeytið
BTC KEV á númerið **1900**
Þú gætir unnið!

- Vinningar eru:
- Keane - Under The Iron Sea
 - Keane - Live Recordings 2004 EP
 - Keane - Strangers DVD
 - Pepsi kippur • DVD myndir
 - Fullt af öðrum geisladiskum og margt fleira

10. hver
vinnur!



allt að
540.000 kr.
afsláttur

Notaðir bílar
á frábæru
verði

Dúndurtilboð

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarninn Eirhöfða 11

Peugeot 306 XR Stw

400.000 Afsláttur



Árg 2/02, ek 51 þús.
Beinsk.
Verð 790 þús.
Tilboð 390 þús.



Peugeot 306 XR Stw

200.000 Afsláttur



Árg 6/98, ek 105 þús.
Beinsk.
Verð 490 þús.
Tilboð 290 þús.



VW Golf Comfortline

215.000 Afsláttur



Árg 8/99, ek 97 þús.
Sjálfsk.
Verð 690 þús.
Tilboð 475 þús.



Peugeot 306 XR Stw

340.000 Afsláttur



Árg 2/02, ek 101 þús.
Beinsk.
Verð 690 þús.
Tilboð 350 þús.



Honda HRV Smart

480.000 Afsláttur



Árg 6/04, ek 47 þús.
Beinsk.
Verð 1.670 þús.
Tilboð 1.190 þús.



Honda HRV Smart

500.000 Afsláttur



Árg 6/04, ek 45 þús.
Beinsk.
Verð 1.750 þús.
Tilboð 1.250 þús.



Peugeot 406 2,0

340.000 Afsláttur



Árg 10/99, ek 81 þús.
Sjálfsk.
Verð 790 þús.
Tilboð 450 þús.



Peugeot 307 SW

300.000 Afsláttur



Árg 11/03, ek 40 þús.
Sjálfsk.
Verð 1.750 þús.
Tilboð 1.450 þús.



Suzuki Liana 4WD

270.000 Afsláttur



Árg 9/04, ek 20 þús.
Beinsk.
Verð 1.520 þús.
Tilboð 1.250 þús.



Honda HRV Smart

500.000 Afsláttur



Árg 7/04, ek 45 þús.
Beinsk.
Verð 1.750 þús.
Tilboð 1.250 þús.



Peugeot 406 1,8

340.000 Afsláttur



Árg 2/99, ek 123 þús.
Beinsk.
Verð 690 þús.
Tilboð 350 þús.



Honda HRV Smart

540.000 Afsláttur



Árg 4/04, ek 30 þús.
Beinsk.
Verð 1.790 þús.
Tilboð 1.250 þús.



Suzuki Grand Vitara

300.000 Afsláttur



Árg 7/02, ek 55 þús.
Beinsk.
Verð 1.690 þús.
Tilboð 1.390 þús.



Honda HRV Smart

500.000 Afsláttur



Árg 7/04, ek 45 þús.
Beinsk.
Verð 1.690 þús.
Tilboð 1.190 þús.



Tilboð dagsins

191.000 Afsláttur



Toyota Corolla Touring

Árg 3/95, ek 217 þús.
Beinsk.
Verð 290 þús.
Tilboð 99 þús.



Komdu strax í Bernhard Notaða Bíla, Bílakjarnanum
og gerðu frábær kaup á notuðum bíl.

OPIÐ
Virka daga 10 - 18
Fimmtudaga 10 - 21



Eirhöfða 11 - 110 Reykjavík - Sími: 551 7171



Alveg brílljant skilnaður

Einleikur
Edda Björnsdóttir um allt land.

Félagsheimili Blönduósar
14. og 15. júní
Miðasala í síma 847-1852

 Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

FIM. 15. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SUN. 18. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 23. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
LAU. 24. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FIM. 29. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI

„Besta söngleikjauppfærsla ársins“
S.S. - Fréttablaðið

SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK !

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. Þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Öperuvefnum allan sólarhringinn

 ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ

FOOTLOOSE	VILTU FINNA MILLJÓN
Fi 29/6 kl. 20 Frum. Fö 30/6 kl. 20 Lau 1/7 kl. 20 Fi 6/7 kl. 20 Fö 7/7 kl. 20 Lau 8/7 kl. 20 Miðasala hafin	Fi 15/6 kl. 20 UPPS. Su 18/6 kl. 20 Síðustu sýningar í vor. Miðasala hafin á sýningar í haust.
GRÍMAN	
Íslensku leiklistarverðlaunin 16/6 kl. 19 Grímuballið 16/6 kl. 22 Allir velkomnir	

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

 **Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR
Fös. 23/6 **uppselt**, lau. 24/6 örfá sæti laus. Sérstakar aukasýningar í tilefni **12 tilnefninga** til **Grímunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna.**
Tryggðu þér sæti! Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.

LEIKHÚSKJALLARINN
Fös. 16/6 kl. 22. **Stórsveit Nix Noltes.**
Sérstakir gestir: Böðvar Brútal og dúettinn Kria Brekkan og Avey Tare.
Leikhúskjallarin - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhússveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295.**

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30 - 18:00. MÍÐASÓLUSÍMI: 551 1200.
SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BAUGUR GROUP OG ACTAVIS GROUP Í SAMSTARFI VIÐ LEIKLISTARSAMBAND ÍSLANDS KYNNA



GRÍMAN
ÍSLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN

ÁHORFENDAVERÐLAUN
HAÐU ÁHRIF - TAKTU ÞÁTT!

VELDU ÞÍNA UPPÁHALDS LEIKSÝNINGU INNÁ
WWW.GRIMAN.IS

Grímuháttíðin verður haldin föstudaginn 16. júní 2006 í Borgarleikhúsinu. Háttíðin verður sýnd í beinni útsendingu í Sjónvarpinu. Leiklistarsamband Íslands stendur fyrir Grímunni, glæsilegri upptökuháttíð í lok leikarsíms. Á háttíðinni eru sviðsverk og úrvalsverk verðlaunað og listamönnum veittar viðurkenningar fyrir framsýningar og árangur í sviðslitum á löngu leikari. Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, verndar Grímunnar, afhendir einnig heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands þeim einstaklingi er þykir hafa skilað framsýningar og árangur í þágu leiklistar. Meðal markmiða Íslensku leiklistarverðlaunanna eru að auka fagmennsku og sérhæfingu innan sviðslista og stuðla að metnaðarfullum vinnubrögðum þeirra er starfa við sviðslitir með það að leiðarljósi að auka gildi, sýnileika og hróður sviðslista á Íslandi.

! Kl. 20.00
Úkraíski píanóleikarinn Roman Rudnytsky heldur tónleika í Salnum í Kópavogi. Yfirskrift tónleikanna er „Pianistic Portraits“ og er efnisskráin afar fjölskrúðug.

Sossa með sýningu

Á þjóðhátíðardaginn opnar listakonan Sossa Björnsdóttir sýningu á verkum sínum í listasetrinu Kirkjuhvoli á Akranesi. Það er vel við hæfi að Sossa sýni á Skaganum því hún er fædd þar en er í dag með vinnustofu í Kaupmannahöfn og Keflavík. Sossa hefur sýnt víða um Evrópu en hún stundaði nám við Myndlista- og Handíðaskóla Íslands 1977-79 og Skolen for Brugskunst í Kaupmannahöfn á árunum 1979 til 1984. Hún tók einnig MFA í málun frá School of the Museum of Fine Arts í Boston/Tufts University árið 1992. Verkin sem Sossa sýnir í Kirkjuhvoli eru olíumálverk unnin síðastliðið ár. Sýningin stendur til 2. júlí og er listasetrið opið alla daga nema mánudaga frá kl. 15-18.

menning
menning@frettabladid.is



ÓSKAR ÁRNI ÓSKARSSON Í bók hans má finna útdrútnýninga á ýmsum húsráðum sem úr er búinn til skáldskapur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aftur í grasrótina

Bragi Ólafsson og Óskar Árni Óskarsson fagna tuttugu ára útgáfuafmæli í ár. Í tilefni þess leituðu þeir aftur í ræturnar og fengu Smekkleysu til að gefa út kver eftir skáldin.

„Þetta atvikaðist nú þannig að við Bragi áttuðum okkur á því í haust að bráðum væru tuttugu ár liðin frá því að fyrstu bækurnar okkar komu út og okkur fannst því upplagt að gefa út tvær litlar bækur í tilefni þess,“ segir Óskar. Fjórar línur og titill nefnist bók Braga og inniheldur 52 texta sem settir voru saman undanfarin ár en hver þeirra samanstendur

af fjórum línum og titli. Bók Óskars Árna heitir Ráð við hversdagslegum upptökum og rétt eins og á bók Braga segir titillinn mikið til kynna um innihaldið. „Þetta eru húsráð við ýmsu sem kemur upp á hversdagslega,“ segir Óskar. „Snúið út úr hinum og þessum ráðleggingum og leiðbeiningum sem finna má í bókum og bæklingum og gerður úr því smá skáldskapur.“ Báðar eru bækurnar stuttar, um þrjátíu síður hvor og eru gefnar út í 299 eintökum. Aftan á þær er verðið stimplað og 99 eintök eru árituð. „Svona gerðu menn þetta í den,“ segir Óskar. „Í fyrsta lagi vildum við ekki hafa þetta of hátíðlegt. Við vildum gera þetta meira sjálfir til að minna okkur á

hvernig þetta var í upphafi og komast aftur í grasrótina. Bragi er á samningi hjá Eddu og ég hjá Bjarti, en okkur fannst það henta að gefa þessar bækur út hjá Smekkleysu,“ segir hann og bætir við að þeir sem vilji eignast eintak verði að hafa hraðar hendur því víða séu bækurnar að seljast upp. Að sögn Óskars eru þeir Bragi afslappaðir yfir tímamótunum og ætla ekki að fylgja útgáfunni eftir með stífri dagskrá, en það er aldrei að vita nema þeir troði upp á næstunni. „Það er svo sem ekkert ákveðið en ef fólk hefur augu og eyru opin á það sjálfsagt eftir að finna okkur lesa upp á huggulegum stað við tækifæri.“

bergsteinn@frettabladid.is

Leikur tónlist meistaranna

Úkraínski píanóleikarinn Roman Rudnytsky heldur tónleika í Salnum í Kópavogi í kvöld. Þetta verður í annað sinn sem Roman heldur tónleika hér á landi. Rudnytsky, sem hélt síðast tónleika í Salnum árið 2001, mun spila verk eftir Manuel Herrarte, Beethoven, Chopin, Liszt, Ravel og Modest Mussorgsky. Yfirskrift tónleikanna er Pianistic Portraits. Rudnytsky er þekktur píanóleikari frá Úkraínu og reyndur konsertpíanisti sem hefur ferðast vítt og breitt um heiminn til að halda tónleika. Á ferli sínum hefur hann spilað í fjölmörgum þekktum tónlistarhúsum.

Hann hefur ekki síður áhuga á að spila við óhefðbundnar aðstæður og fyrir áheyrendur sem sjaldan upplifa klassíska tónlist. Með tónleikahaldi sínu í Salnum vill hann því ekki bara ná til reyndra hlustenda, heldur hvetur hann einnig alla þá sem hefur lengi langað að kynna sér píanótónlist meistaranna til að grípa nú tækifærið. Miðaverð á tónleika er 1.600 og 2.000 krónur og fást miðar í síma 570-0400 eða á salurinn.is.

ROMAN RUDNYTSKY Úkraínski píanóleikarinn heldur sína aðra tónleika í Salnum í kvöld.





BÓKASÖFN FRAMTÍÐARINNAR Munu hæglega rúmast í fermillimetrum innan óravidda netsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Ókeypis netlestur

Forsvarsmenn Gutenberg-verkefnisins og samtaka sem kennd eru við World eBook Library tilkynntu á dögunum að þau myndu veita lesendum ókeypis aðgang að liðlega 300.000 textum á netinu í júlímánuði. Framkvæmdin er liður í samstilltu átaki þeirra að gera rafrænar bækur aðgengilegar á netinu. Fyrsta „rafbókamessan“ verður haldin í byrjun júlí en þá verða 35 ár liðin frá því að stofnað var til Gutenberg-verkefnisins.

World eBook Library veitir annars aðgang að rúmlega 250 þúsund bókum, skjölum og greinum gegn vægu árgjaldi.

Gutenberg-verkefnið (Project Gutenberg) miðar að því að gera gögn aðgengileg almenningi í einföldu rafrænu formi. Stærstur hluti verkefnisins felst í að færa texta, sem ekki eru háðir hugverkaréttindum, yfir í einfaldar textaskrár og gera úr þeim stafræn gagnasöfn. Nú þegar má nálgast nokkra texta á íslensku á heimasíðu Gutenberg-verkefnisins, svo sem Leiðarvísi í ástamáli-

um: II. fyrir ungar stúlkur sem Jónína Sigríður Jónsdóttir skrifaði árið 1923.

Forsprakki Gutenberg-verkefnisins, Michael Hart, segir að það hafi verið markmið verkefnisins frá upphafi að brjóta niður múra fáfræði og ólæsis í heiminum. Gutenberg-“bækurnar“ eru skannaðar eða tölvuskráðar af þúsundum sjálfboðaliða en á flestum þeirra hvílir ekki höfundaréttur lengur sökum aldurs og er um að ræða bæði skáldverk, fræðirit og uppflettirit sem nú eru aðgengileg á rúmlega hundrað tungumálum. Hart spáir því að yfir tíu milljón bækur verði aðgengilegar á netinu árið 2020 en samtökin stefna að því að tryggja netaðgang að fyrstu milljón bókunum fyrir árið 2009.

Þótt markaðurinn fyrir rafrænar bækur sé enn lítill segir Hart að þær njóti þegar mikilla vinsælda meðal þeirra sem nota lófatölvur og farsíma en einnig meðal þeirra iPod-notenda sem hafa hugbúnað í sínum græjum til þess að lesa bækur á rafrænu formi. -khh

Gárur á vegg

Ljósmyndasafn Reykjavíkur opnar sýningu á ljósmyndum Vigfúsar Birgissonar í Skotinu á fimmtudaginn kl.16. Ljósmyndunum, sem sýna yfirborð sjávar, verður varpað úr skjávarpa á 150x190 cm stóran vegg. Myndirnar sýna ótal litbrigði hins bláa og í einu flæði fléttast saman báru og gárur hafsins. Vigfús er fæddur árið 1967 í Borgarnesi. Hann fékk snemma áhuga á ljósmyndun og eyddi hann ófáum stundum í myrkrarherberginu á sínum menntaskólaárum. Hann hélt síðan til Berlínar í ljósmynda-



HAFIÐ BLÁA Sjórinn virkar dáleiðandi á Vigfús sem hefur myndað ótal litbrigði hafsins og sýnir þau í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

nám árið 1990 og lauk þar námi frá Lette Verein-skólanum. Hann hefur starfað sem sjálfstæður ljósmyndari síðan 1995. Sýning Vigfúsar stendur til 2. ágúst.

Spenna fyrir alla fjölskylduna

Félagslega íbúðahverfið Knoxland í Edinborg er enginn sælureitur og því fær lögreglumaðurinn Rebus að kynna spennusögu hins nýbakaða Íslandsvinar Ians Rankin. Ólöglegur innflytjandi finnst myrtur í slömminu, tvær beinagrindur dúkka upp undan steypu kjallaragólfi á öðrum stað í borginni og nauðgari gerir hinni heillandi samstarfsskonu Rebusar, Siobhan, lífið leitt. Sem fyrr glímir lögreglumaðurinn við lúmska glæpamenn og siðspillt samfélag þar sem græðgi, vantraust og ofbeldissegir vaða uppi. Þýðandi bókarrinnar er Anna María Hilmarsdóttir en bókaútgáfan Skrudda gefur út.


Krakkar get kæst yfir nýjustu bókinni í Spiderwick-seríunni en nú er þriðja bókin, Leyndarmál Lúsindu, komin út en fyrstu tvær bækurnar fengu prýðisviðtökur. Þrír venjulegir krakkar, Jared, Simon og Mallory Grace, hafa farið inn í annan heim, án þess að yfirgefa þennan. Höfundarnir Tony DiTerlizzi og Holly Black hafa lagt allt í sölnurnar til að draga þessa ótrúlegu atburði fram í dagsljósið. Búálfar, svartálfar, tröll og huldufólk koma við sögu í þessu æsispennandi ævintýri.

Enn önnur skrautfjöður í hatt Skruddu útgáfunnar er sagan um Fólkið í blokkinni eftir Ólaf Hauk Símonarson sem lesendur á öllum aldri eiga ábyggilega eftir að slást um að fá að lesa. Þar segir



SPIDERWICK Krakarnir kætast yfir nýjustu bókinni um þau Jared, Simon og Mallory Grace.

frá unglingsstúlkunni Viggu sem býr ásamt fjölskyldu sinni á níundu hæð í blokk í Hólunum. Vigga hefur frá frá ýmsu að segja. enda er lífið í blokkinni hreint ótrúlega fjölbreytilegt. Þar býr margt skondið og skemmtilegt fólk, til að mynda Robbi húsvörður sem trompast



NÝ BÓK FRÁ ÍSLANDSVINI Ian Rankin skrifar um nauðgara og beinagrindur í steypu kjallaragólfi.

ef hann sér hund, Malla norn sem getur galdrað graftarbólur á nefið á leiðinlegum strákum, Loftur Loftsson sem á hundinn Loft, tvíburarnir Ari og Bjarni sem enginn þekkir í sundur, þunglyndi leikarinn og síðast en ekki síst hann Óli, bróðir Viggu, sem á talandi páfagauk. -khh

Hippisminn er ódrepanði

[TÓNLIST] UMFJÖLLUN

Ef ég vissi ekki að Wolfmother væri splunkunýtt rokkríó frá Ástralíu þá hefði alveg verið hægt að ljúga því að mér að þetta væri gömul upphitunarsveit Led Zeppelin. Það er a.m.k. nokkuð víst að þessir piltar hafa eytt mörgum stundum í tímaferðalög aftur til sjöunda áratugarins. Samlíkingar við The White Stripes eru heldur ekki út úr kú. Þetta er sem sagt rokk í sínu hreinasta formi. Menn að spila blúsriff úr hundgömlum lampamögnurum sem eru við það að springa af áreynslu. Trommarinn fer svo líklegast í gegnum fjögur pör af kjuðum á kvöldi. Svo er passað upp á að trommuhljómurinn sé algjörlega þurr og beint úr kúnni þegar kemur að hljóðblöndun.

Þetta er hörkuband, það fer ekkert á milli mála. En það myndi nú ekki skemma mikið fyrir þeim ef þeir væru ekki svona gífurlega fastir í áhrifavöldum sínum. Lög eins og White Unicorn gætu alveg eins verið afgangslög af lager Page og Plant. Sjálfur var ég nú alinn upp á Zeppelin-loftfarinu af föður mínum og á því

mjög auðvelt með að tengja mig við þetta og skil því vel hvað það er sem drífur þessa ungu menn áfram. En samt á ég eflaust eftir að kjósa það frekar að fara í aðra flugferð í loftfarinu en að riða á baki Úlfamömmu, langi mig í nostalgíuferðalag.

En maður verður að taka þessari plötu eins og hún er. Grímulaus tilraun til þess að endurskapa þann galdur sem skapaðist þegar fjórmeningarnir í Zeppelin spiluðu saman. Sem slík er þessi plata bara nokkuð gallalaus. Sterk heild, grípandi lög og frábær flutningur. Söngvarinn er líka alveg æðislegur. Hippisminn virðist vera eins og hver önnur baktería sem smitast milli manna og heldur sér á lífi kynslóð eftir kynsóð með því að leita sér skjóls hjá viðkvæmum hýslum sem smitast auðveldlega.

Fyrst það er verið að endurskapa fornan galdur er það kannski hugmynd að prófa að spila þessa plötu aftur á bak til þess að athuga hvort hér leynist satanískur boðskapur eins og má heyra þegar lagið Stairway to Heaven er spilað þannig. Og jú, það er sannleikur, en ekki goðsögn! Prófið það bara sjálf ef þið trúið mér ekki! Ef Led Zeppelin bjó til tónlist Satans þá er óhætt




WOLFMOTHER: WOLFMOTHER

Niðurstaða: Fortíðarfiklar geta varla fundið betri sveit en Wolfmother. Þessi plata gæti alveg eins verið týnd plata frá meisturunum í Led Zeppelin.

að fullyrða að myrkrahöfðinginn lifir góðu lífi í gegnum Wolfmother. Ef þetta er tónlistin í helvíti, þá eigið þið eflaust frekar eftir að finna mig þar eftir að ég renni mér yfir móðuna miklu. Eða þá í raftónlistarherberginu í Limbó.

Birgir Örn Steinarsson

GLÆNÝTT VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT



TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ
30% AFSLÆTTI Á AÐEINS **489 KR.**
EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF
Í KAUPBÆTI

- Birta Björnsdóttir fatahönnuður og Jón Páll listamaður í 100 ára gömlu húsi við Miðstræti
- Uppskrift af austurlensku partíttjaldi og allt sem þig vantar til að gera garðinn frægan
- Rautt og bleikt þema
- Listrænt fúnkíshús við Vatnsenda
- Piparsveinaísbúð í 101 Reykjavík

VEGGFÓÐUR.
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



JACK BLACK Gamanleikarinn Black hefur eignast sitt fyrsta barn með eiginkonu sinni Tönyu Haden.

Drengur í heiminn

Gamanleikarinn Jack Black og eiginkona hans Tanya Haden eignuðust sitt fyrsta barn á dögnum. Var það heilbrigður drengur sem kom í heiminn.

„Ég ætla að vera besti pabbi í heimi og ég ætla að taka þátt í keppninni um besta pabbann í heiminum. Síðan ætla ég að vinna hana,“ sagði Black. „Konan er heima í rólegheitunum og ég get ekki beðið eftir því að koma heim,“ sagði hann á frumsýningu kvikmyndarinnar Nacho Libre.

Stjörnuleynd

New York Post hefur tekið saman nöfn sem stjörnurnar nota þegar þær skrá sig inn á hótél. Hugmyndaauðgin hjá stórstjörnunum er mikil ef marka má eftirfarandi lista. Meðal annars kallar Angelina Jolie sig Miss Lollipop og Johnny Depp er Mr. Satan eða Mr. Donkey Penis.



JENNIFER ANISTON

Tékkar sig inn á hótél undir leyngu nafni eins og flestar aðara stjórnur gera.

FRÉTTABLAÐIÐ/NETIÐ

Stjarnan úr Friends-þáttunum, Jennifer Aniston, notar nafnið Mrs. Smith en það var einmitt við leik í samnefndri mynd sem fyrrverandi eiginmaður hennar, Brad Pitt, kynntist spúsu sinni Angelínu Jolie og hætti með Aniston.

Gerir myndband fyrir Will Oldham

„Við vorum bara að djamma saman þegar þetta barst í tal. Ég hef nokkuð gaman af tónlist hans og sagðist vera til í að gera myndband fyrir hann og hann sagði já,“ segir Einar Baldvin Arason, 26 ára gamall kvikmyndagerðarmaður, sem gerði nýverið myndband fyrir tónlistarmanninn Will Oldham. Í haust er von á nýrri plötu með Oldham sem hann gerir undir nafninu Bonnie „Prince“ Billy. Myndband Einar Baldvins verður við fyrsta smáskífulag plötunnar, Cold and Wet, sem kemur út í nóvember. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu stjórnadafi Valgeir Sigurðsson í Gróðurhúsinu upptökum á plötunni.

Einar Baldvin hefur getið sér gott orð fyrir þrjú myndbönd sem hann gerði fyrir reykvísku rokk-sveitina Jan Mayen. Hann gerði auk þess myndband fyrir bresku hljómsveitina S86. Nýja myndbandið er teiknimynd en hann hefur leikið sér talsvert með það form í myndböndum sínum.

„Hann sendi mér lagið og ég gerði litla teiknimynd við það. Við hittumst ekkert út af þessu heldur vorum bara í sambandi í gegnum netið. Ég fékk mjög frjálsar hendur,“ segir Einar Baldvin. Hann segir að sagan í myndbandinu fjalli um lítinn björn í skógi sem hittir unga konu og verður ástfanginn af henni. Svo fer allt á

versta veg hjá birninum unga og lífið gengur honum smám saman úr greipum.

Einar Baldvin hefur unnið við gerð tónlistarmyndbanda í næstum þrjú ár. Hann starfar auk þess hjá Sjónvarpinu við að framleiða og klippa sjónvarpsefni. Hann segist vera mjög spennur fyrir því að gera meira af myndböndum í framtíðinni.

„Mér finnst mjög gaman að segja svona litlar sögur og það er fínt að geta doblað einhverjar hljómsveitir til að gera fyrir þær myndbönd. Það er líka svo skrambi flókið að gera heila bíómynd að þetta er bara fin byrjun.“

- hdm



EINAR BALDVIN ARASON Ungur og upprannandi myndbandagerðarmaður sem skilaði nýverið af sér myndbandi fyrir Will Oldham.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Vel heppnað Stjörnugolf

Stjörnugolf var haldið á Grafarholtsvelli en þetta er að verða árvið viðburður. Þangað koma stjörnurnar úr íslensku þjóðlífi ásamt fulltrúum íslenskra fyrirtækja og leggja góðu málefni lið með því að spila golf.

Að sögn Ágústs Guðmundssonar, sem stóð að mótinu ásamt Björgvini Vilhjálmssyni, heppnaðist mótið með eindæmum vel. Veðrið var reyndar ekkert til hrópa húrra fyrir en alls mættu 82 galvaskir kylfingar og létu rokið ekkert á sig fá. „Það var ræst út á öllum teigum en leikið var með Texas Scramble-fyrirkomulaginu,“ segir Ágúst, en þá spila tveir saman í liði og gildir betri boltinn.

Þeir Kristján Einarsson og Snorri Hjaltason frá Landsbankanum sigruðu á mótinu að þessu sinni en þeir léku völlinn á 68 höggum. Stjörnukylfingur ársins varð Sigurpáll Geir Sveinsson en hann lék holukeppni við Ólaf Mát, Magnús Lárusson og Nínu Geirsdóttur.

Þetta er í þriðja skipti sem mótið er haldið en að sögn Ágústs var lokaupphæðin ekki komin á hreint. „Við reiknum með að okkur hafi tekist að safna meira en einni milljón sem var takmarkið okkar,“ segir Ágúst og voru þeir félagar staðráðnir í því að halda mótið aftur að ári.




HVAÐ HELDUR ÞÚ? Eyjólfur leitar ráða hjá Stefáni féлага sínum.



NÚNA ERTU HJÁ MÉR, STEFÁN Eyjólfur Kristjánsson og Stefán Hilmarsson bregða á leik með sjónvarpsmönnum.



KANNSKI GOLFGRYLA? Sigfús Sigurðsson handknattleikskappi var mættur eftir að hafa kveðið Svíagrýluna í kútinn á sunnudaginn. Hann sýndi ágætis tilþrif í Grafarholtinu.



ENGIN LEIKUR Þeir Gunnar Hansson og Laddi eru liðtækir kylfingar og vönduðu sig við hvert skot

SKYLDI HANN FARA Í? Eitt mikilvægasta skotið á vellinum er ekki upphafshögggið heldur þúttið og því er nauðsynlegt að vanda vel til verka.

FRÉTTABLAÐIÐ / VALGARD



Í KARGANUM Fréttamennirnir Sigmundur Ernir og Heimir Karlsson hefðu getað hugsað sér betri stað.

MEÐ HNÍF OG GAFFLI **ÞRÁINN BERTELSSON SKRIFAR**



Halastjarna í djúpum dali

Ferðalangar eiga það sífellt á hættu að villast í steikarbrælu hamborgaramafunnar sem situr um ferðamenn á þjóðvegi 1; en ratvísir geta þó fundið staði þar sem óhætt er að fá sér bita. Það var kvöldsett þegar leiðin lá niður Öxnadal. Gaman hefði verið að sjá ástarstjörnu blika yfir Hraundranga en hana var hvergi að sjá. Kannski er ekki hægt að greina ástarstjörnu út um bílgugga. Veitingahúsið Halastjarnan var hins vegar auðfundit; á Hálsi, næsta bæ við Hraun í Öxnadal - nákvæmlega þar sem „háir hólar hálfan dalinn fylla“. Fjórréttaður matseðill Halastjörnunnar er undir aðföngum kokksins kominn hverju sinni. Þetta er eins og að koma inn á gestrísíð sveitaheimili. Gesturinn getur verið viss um að fá góðan viðurgjörning þótt húsráðendur spyggi hann ekki ráða. Fyrst voru borin fram grásleppuhrogn og „blini“ ásamt piparrótarrjóma og rauðlauk. Blini eru rússneskar pönnukúkur. Allt var það ferskt og fallega fram borið

og lofaði góðu um framhaldið - án þess þó að maður sæi ástarstjörnu koma fram úr skjújum. Næsti réttur var saltfiskmús innbökuð í smjördeigi, og í föruneitinu var steiktur humar og risarækja, kirsuberjatómatar og hundasúður. Þetta dugði til að sópa skjújum frá Hraundrangunum. Aðalrétturinn kom svo skemmtilega á óvart: Sykurgljáður steinbítur, (já, sykurgljáður), með jarðarberjasóði og rótarstöppu (úr sætum kartöflum og sellerirót). Sumir segja að steinbítur hafi aldrei fengið að njóta sannmælis vegna þess hversu ófríður hann er til munnsins. Eitthvað kann að vera hæft í þessu en þó hefur til dæmis skötusel tekist að ávinna sér vinsældir þótt hann sé ekki beinlínis snoppufríður. Það hefur lengi tíðkast að reyna að þræla steinbít ofan í langsaltið fólk með því að dulbúa hann í brúnni sósu, langsoðinn og langsteiktan. Sennilega er það matreiðsluáðferðin fremur en

munnsvipurinn sem veldur því að margir hafa illan bifur á þessum góða matfiski sem er kóngafæða - sé hann rétt eldaður. Betri steinbít en á Halastjörnunni hef ég aldrei fengið og man þó enn frábæra steinbitsmáltið sem ég fékk hérna um árið hjá snilldarkokkinum Fúsa á Svörtu loftum. Þetta var ljúffeng máltið og skemmtilega nýstárleg og henni var fylgt eftir með heimalöguðum ís. Það eina sem skyggði á gleðina var kaffið, lapbunnur uppáhellingur sem var (ókeypis) boðflenna við þennan annars þrýðilega kvöldverð sem kostaði 9800 krónur fyrir tvo (vatn með, ekkert vín). Halastjarnan er notalegur staður heim að sækja. Mikið vildi ég óska að hinn raunamæddi Jónas hefði átt þess kost að snæða þar kvöldverð til að porra sig upp eftir að hann orti: „Ástarstjörnu/ yfir Hraundranga/ skýla næturský./ Hló hún á himni,/ hryggur þráir/ sveinn í djúpum dali.“



HALASTJARNAN Á HÁLSI Í ÖXNADAL.

LANCÔME
PARIS

SUMAR
FRELSI



Á SUMARFRELSISDÖGUM LANCÔME VELUR ÞÚ TÖSKUNA SEM ÞÉR FINNST FALLEGRI*

**Kíktu á næsta útsölustað LANCÔME og líttu á nýjar,
sumarlegar vörur og tilboð:**

Sólarpúður, sjálfbárnandi vörur, sólkrem, ferskur Trésor ilmur
og margt fleira.

*Stór taska fylgir þegar keyptar eru vörur frá LANCÔME fyrir
6.000 kr. eða meira. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

ÚTSÖLUSTÆÐIR LANCÔME UM ALLT LAND



Nýtt í bíó

ROBIN WILLIAMS

R.V.

Komdu í myndastaferðalag sumarsins.

För beint á toppinn í Bandaríkjunum!

1 FJÖLSKYLDA. 8 HJÓL. ENGAR BREMSUR

HEIMSFRUMSYNING

☆☆☆ STABILL

THE OMEN

Á 6 DEGI 6. MÁNÁÐAR ÁRÍÐ 2006 MÚN DÁÐUR HANS KOMA. ÞORIR ÞÚ Í BÍÓ MÖGNUÐ ENDURGERÐ AF HINNI KLASSÍSKI THE OMEN!

X-MEN

2000. KR. AFSLÁTTUR FYRIR XY FÉLAGA

☆☆☆ B.J. BLAÐIÐ ☆☆☆ S.V. ÍSL. ☆☆☆ V.J.V. TOPPSÍÐ

LOKAUPPGJÖR!

MEÐ HVERJUM HELDUR ÞÚ?

Landsbankinn

40.000 MANNS

☆☆☆ S.V. ÍSL. ☆☆☆ D.D.J. KVAÐAÐIÐ.ORG ☆☆☆ V.J.V. TOPPSÍÐ

THE DA VINCI CODE

LEIÐD SANNLEIKANS HVERJU TRÚIR ÞÚ?

UPPLIFDU VINSÆLUSTU BOK Í HEIMI!

☆☆☆ L.L.B. TOPPSÍÐ

HÖRKUGÓÐUR SPENNUTRYLLUR

FRÁ RICHARD DONNER LEIKSTJÓRA LETHAL WEAPON

50.000 MANNS

RAUÐHETTAN

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

R.V.	kl. 3.40, 5.50, 8 og 10.10
THE OMEN	kl. 5.30, 8 og 10.30 B.J. 16 ÁRA
X-MEN3	kl. 5.40, 8 og 10.20 B.J. 12 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 5, 8 og 11 B.J. 14 ÁRA
DA VINCI SÝND Í LÚXUS	kl. 5, 8 og 11 B.J. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M/ ÍSL TALI	kl. 3.40
ÍSÓLD M/ ÍSL TALI	kl. 3.40

REGNBÖGINN Sími 551 9000

R.V.	kl. 5.50, 8 og 10.10 B.J. 16 ÁRA
THE OMEN	kl. 5.30, 8 og 10.30 B.J. 16 ÁRA
16 BLOCKS	kl. 8 og 10.10 B.J. 14 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.J. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M/ ÍSL TALI	kl. 6

Borgarbíó Sími 462 3500

R.V.	kl. 6, 8 og 10
THE OMEN	kl. 10 B.J. 16 ÁRA
16 BLOCKS	kl. 8 B.J. 14 ÁRA
X-MEN3	kl. 6 B.J. 12 ÁRA

400 kr. í bíó!

Góðu á allar sjónir! í Regnboganum myndir með rauðu

Dolby
SDS
THX
BÍÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075

• bara lúxus

THE WOMEN

★★★
SV. AUST

Í DAG & DEGI
6. MÁNAÐAR ÁRÍÐ snúir
MÚN DAGÚR HANS KOMA!
MORIN ÞÓ TÍÐÓ!

6 BLOCKS

BRUCE WILLIS MÚS JEFF DAVIS ANDRÉ

HÖRÐUGÓÐUR SPENNUTRYLLIR MEÐ
BRUCE WILLIS FRA
LEIKSTJÓRA LETHAL WEAPON MYNDANNA

Sýnd kl. 5:45, 8 og 10:10 **h.á. 16 ára**

Sýnd kl. 6, 8 og 10:10 **h.á. 14 ára**

FRUMSÝND Á MORGUN

TAKE THE LEAD

ENGINN TRÚDI Á PAU,
EN MANN HJALPAÐI
HEIM AD FINNA TAKTINN.

FRÁBLER
MYND MEÐ
ANTONIO
BANDERAS
I BLOÐHEITRI
DANSSEVFLU

www.laugarasbio.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Prætt fyrir ríkidæmi og vinsældir er líf París Hilton ekki alltaf dans á rósum. Nýverið lenti hún íklandi þegar hún keyrði á kyrrstæðan bíl á bílastæði í LA. París keyrði svo af vettvangi og var atvikið fest á filmu af nærstöddum.

Umboðsmaður Parísar neitaði því að um afbrot væri að ræða og sagði að hún hefði sagt starfsmanni á bílastæðinu hvernig eigandi bílsins ætti að ná í hana. „Hún framdi engan glæp. Hún var umkringd paparazzi-ljósmyndurum. Ljósín, glamparnir frá myndavélunum trufluðu hana andartak svo hún bakkaði á. En þetta var smávægisárekstur, engin meiðsl,“ sagði umboðsmaðurinn.

Hann sagði jafnframt að hún væri „afar ábyrgðarfullur og góður bílstjóri“ og tæki áksturinn alvarlega.

Dómarari í forræðisdeilu Alecs Baldwin og Kim Basinger hefur kallað til sálfræðing til að meta hvort Baldwin geti hitt dóttur þeirra Ireland oftari. Hjónin fyrirverandi saka hvort annað um geðvandamál. Í málgögnum er að finna yfirlýsingu Baldwins um að Basinger sé haldinn sjúklegri þörf á að snúa dóttur þeirra gegn honum, og óskaði leikarinn eftir því að fyrirverandi kona hans gengist undir sálfræðimat. Basinger greip þá til sama ráðs og sakaði Baldwin um „alvarleg andleg vandamál“. Eftir nokkra daga kemur í ljós hvort Baldwin unni ákvörðun dómarsins. Basinger og Baldwin giftust 1993 og skildu sjö árum seinna.





Kawasaki

Vélorf



Alvöru orf
á góðu verði



PÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070



EMINEM Rapparinn Eminem ætlar að leika í nýrri kvikmynd.

Eminem í vestra?

Bandaríski rapparinn Eminem mun hugsanlega taka að sér hlutverk í vestrnum Have Gun, Will Travel.

Myndin er byggð á sjónvarpsþáttaröð frá sjötta áratugnum um byssubófa sem hægt er að leigja til hinna ýmsu verka. Svo getur farið að myndin verði tekin upp í heima-bæ Eminems, Detroit og einnig eru taldir líkur á að rapparinn

semji tónlistina fyrir myndina. Eminem lék í sinni fyrstu mynd, 8 Mile, árið 2002 við mjög góðar undirtektir. Var myndin að hluta til byggð á ævi hans. Rapparinn samdi tónlistina við myndina og sló lagið Loose Yourself rækilega í gegn.

Lítið hefur heyrst frá Eminem að undanförunu en fyrir nokkru kom út safnplata með öllum hans bestu lögum.

Superman er ekki samkynhneigður

Bryan Singer, leikstjóri kvikmyndarinnar *Superman Returns*, hefur vísað á bug vangaveltum um að ofurhetjan skikkjuklædda sé samkynhneigð.

„Superman er örugglega gagnkynhneigðasta persóna sem ég hef leikstýrt,“ sagði Singer.

Fjallað var um meinta samkynhneigð hetjunnar í tímaritinu *The Advocate*, *The Los Angeles Times* og á hinum ýmsu netsíðum. Var þar meðal annars vísað í auglýsinga-spjöld vegna myndarinnar.

Nýliðinn Brandon Routh fer með hlutverk Superman í myndinni en Christopher Reeve, sem lést fyrir tveimur árum, lék



SUPERMAN Branson Routh leikur Superman í nýjstu framhaldsmyndinni um þessa miklu ofurhetju.

Damon orðinn pabbi

Leikarinn góðkunni Matt Damon og eiginkona hans Luciana Bózon eignuðust sitt fyrsta barn á dögunum, stúlku sem hefur fengið nafnið Isabella. Nýbókðu foreldrarnir giftu sig í desember árið 2005. Damon er þekktastur fyrir hlutverk sitt í óskarsverðlaunamyndinni „Good Will hunting“, sem hann gerði ásamt félagan sínum Ben Affleck. Mikil barnafjölgun hefur verið um þessar mundir í Hollywood en ásamt Damon eru Tom Crusie, Brad Pitt og Affleck iðnir við bleiuskriptin þessa dagana.



NÝBAKAÐUR FAÐIR Eignaðist stúlkubarn
sem ber nafnið Isabella.
FRETTLAÐIÐ/NETIÐ

Magnað sjónarspil Waters í Egilshöll

[TÓNLEIKAR]

UMFJÖLLUN

Gífurleg stemning var á tónleikum Roger Waters, fyrrverandi forsprakka Pink Floyd, í Egilshöll í fyrrakvöld.

Um fimmtán þúsund manns voru samankomnir höllinni til að hlýða á þessa miklu goðsögn í tónlistarheiminum og varð vafalítið enginn fyrir vonbrigðum með útkomuna.

Eins og gefur að skilja var þarna mikið um fólk á fertugs- og fimmtugsaldri sem kom til að sjá og heyra eina af hetjunum sínum frá því í æsku en einnig voru þarna yngri tónlistarunnendur sem hafa uppgötvað Floyd, jafnvel í gegnum foreldra sína.



ROGER WATERS Í EGILSHÖLL

12. JÚNÍ 2006

Niðurstaða: Magnað sjónarspil auk þess sem tónlistin naut sín vel í öfluglu hljóðkerfinu. Flottir tónleikar sem verða lengi í minnum hafðir.

vítt og breitt um salinn í hátalara-
kerfinu á áhrifaríkan hátt. Að auki
kom það gríðarvel út þegar geim-
fari sveif í lausu lofti um salinn
undir ómþýðum tónum Waters og
félaga. Sannarlega óvænt sýning.
Eldgáeringar og sprengingar
komu einnig við sögu og áttu sinn
þátt í að gera þessa tónleika að
mögnuðu sjónarspili, fyrir utan
konfektíð sem þeir voru fyrir
eyrun.

Waters sjálfur plokkaði bassann af miklum þrótti á tónleikunum og söng af og til. Stundum gekk hann um sviðið og reyndi að ná til áhorfenda en hann hefði alveg mátt fá þá betur með sér í söng eða klappi. Hefðu þeir auðveldlega getað tekið yfir höllina í lagi á borð við Another Brick in the Wall. Engu að síður finnr tónleikar sem verða lengi í minnum haför.

Freyr Bjarnason

FRUMSÝNING

AMANDA BYNES

Nú er komið að henni að skora.

she's the MAN

THE MAN

Gegguð rómantísk grínmynd þar sem Amanda Bynes fer á kostum sem stelpa

ÁLFABAKKA

SHE'S THE MAN	KL. 3:30-5:45-8-10:20	
SHE'S THE MAN VIP	KL. 3:30-5:45-8-10:20	
POSEIDON	KL. 3:40-5:50-8-10:10	B.I. 14
X-MEN 3	KL. 3:30-5:45-8-10:20	B.I. 12
AMERICAN DREAMZ	KL. 5:50-10:10	
THE SHAGGY DOG	KL. 3:40-5:50	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 8-10:30	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 4-8	B.I. 10

ÁLFABAKKI S: 587-8900

S.O.S.

Pottþettur hasarpökkli. Allir í bátana og ekki missa af Poseidon.

P.P. FRÉTTABLAÐIÐ

POSEIDON

THE LAST STAND

KEFLAVÍK

POSEIDON	KL. 8	B.I. 14
X-MEN 3	KL. 8	B.I. 12
THE DA VINCI CODE	KL. 10:10	B.I. 14
THE INSIDE MAN	KL. 10	

AKUREYRI

SHE'S THE MAN	KL. 8-10	
POSEIDON	KL. 8-10	B.I. 14

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

V.J.V. - TOPPÍS

FRA J.J. ABRAMS, HÖFUNDI ALIAS OG LÖSTI

M:I-III

ADGERDIN ER HAFIN

FRÁ LEIKSTJÓRA American Pie & About a Boy

DREAMZ

KRINGLUNNI

SHE'S THE MAN	KL. 5:45-8-10:15	
POSEIDON	KL. 6-8-10:10	B.I. 14
AMERICAN DREAMZ	KL. 8	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 10:10	B.I. 14
SHAGGY DOG	KL. 6	
		B.I. 10

SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

KRINGLAN S: 588-0800

S.O.S.

POSEIDON

THE DA VINCI CODE

LEITID JAHNNALEKAND

HÁSKÓLABÍÓ

POSEIDON	KL. 7-9-11	B.I. 14
THE DA VINCI CODE	KL. 6-8-10	B.I. 14
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 5:30-8-10	
THE SHAGGY DOG	KL. 6-8	

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

Píslarganga Krists umdeildasta myndin

Kvikmyndin The Passion of the Christ hefur verið kjörin umdeildasta mynd allra tíma af bandaríska tímaritinu Entertainment Weekly.

Myndinni var leikstýrt af Mel Gibson og fjallar hún um síðustu tólf klukkustundirnar í lífi Jesú Krists. Myndin var gagnrýnd harðlega víða um heim vegna mikils ofbeldis auk þess sem margir töldu hana gera lítið úr gyðingum.

Í öðru sæti yfir umdeildustu myndirnar var A Clockwork Orange eftir Stanley Kubrick frá árinu 1971. Fjallar hún um ungan mann sem er dæmdur til að gangast undir stranga meðferð til að vinna bug á meintri ofbeldisfíkn sinni.

Leikstjórinn Oliver Stone á tvær myndir á meðal þeirra 25 umdeildustu. JFK er í fimmta sæti



THE PASSION OF THE CHRIST Kvikmynd Mel Gibson er sú umdeildasta sem gerð hefur verið að mati tímaritsins Entertainment Weekly.

en Natural Born Killers í því áttunda. Kvikmyndin The Da Vinci Code er í því 13, en einnig eru á listanum myndir á borð við

Fahrenheit 9/11, Deep Throat, The Last Temptation of Christ, The Deer Hunter, Basic Instinct, Do the Right Thing og Kids.



FUNK HARMONY PARK Funk Harmony Park spilar á Nasa þann 17. júní.

Íslenskt klúbbakvöld

Laugardaginn 17. júní verður haldið klúbbakvöld á Nasa á vegum Flex Music. Eingöngu íslenskir plötusnúðar og tónlistarmenn koma fram og verður hljóðkerfið það sama og var notað á tónleikum Deep Dish þann 12. apríl.

Á meðal þeirra sem koma fram eru DJ Leibbi, Funk Harmony Park og Grétar G, sem mun spila til lokunar. Klúbbakvöldið hefst klukkan 23.00.

Gyorgy Ligeti látinn

Gyorgy Ligeti, tónskáldið austur-ríska sem samdi meðal annars tónlistina við kvikmyndina 2001: A Space Odyssey, er látinn, 83 ára að aldri.

Ligeti var talinn mikill frumkvöðull á sínu sviði og þótti tónlist hans afar framúrstefnuleg á sínum tíma.

Stanley Kubrick, leikstjóri 2001: A Space Odyssey, ákvað að nýta krafta Ligeti á nýjan leik fyrir síðustu mynd sína, Eyes Wide Shut. Notaði hann þar tónverk Ligeti, Musica Ricercata II, sem aðalstefið



LIGETI Gyorgy Ligeti er látinn, 83 ára að aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný plata í ágúst

Fyrsta plata bandaríska tónlistarmannsins Bob Dylan í fimm ár, Modern Times, kemur út þann 28. ágúst.

Síðasta plata Dylan hét Love & Theft en þar áður gaf hann út Time Out of Mind árið 1997 sem fékk mjög góðar viðtökur gagnrýnenda.

Dylan, sem er 65 ára, er á leið í tónleikaferð um Evrópu og mun meðal annars spila í Cardiff og Bournemouth dagana 27. og 28. júní.

BOB DYLAN Goðsögnin Bob Dylan gefur út nýja plötu þann 28. ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ÚTSALA ÚTSALA 40 – 60% afsláttur Meiri verðlækkun

Dæmi um verð.	Áður.	Núna.
Jakkapeysa	6.700.-	2.900.-
Hekluð peysa	6.900.-	2.900.-
Vafin peysa	5.900.-	2.900.-
Pólóbolur	3.300.-	1.900.-
Stutterma bolur m/mynd	3.900.-	1.900.-
Langerma bolur	3.900.-	1.900.-
Stutterma skyrta	3.900.-	1.900.-
Ermalaus skyrta	3.500.-	1.900.-
Tunika m/bróderíi	4.900.-	2.900.-
Teinóttur jakki	7.400.-	2.900.-
Renndur jakki	7.600.-	2.900.-
Hörkjóll	4.600.-	2.900.-
Gallapils	6.900.-	1.900.-
Sítt pis	4.900.-	1.900.-
Hörbuxur	7.900.-	4.900.-
Gallabuxur	7.900.-	3.900.-

Skór á 50% afslætti. Og margt margt fleira
Einnig úrval af eldri fatnaði á kr 990.-
Ópið 10:00 – 18:00 www.friendtex.is



Síðumúla 13 • Sími 568-2870



Nýr þjálfari hjá Keflavík

Jón Halldór Eðvaldsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna hjá Keflavík í körfuboltanum. Jón hefur þjálfað yngri flokka Keflavíkur auk þess sem hann hefur aðstoðað við þjálfun yngri landsliða hjá KKÍ. Agnar Mar Gunnarsson verður honum til aðstoðar.

sport

sport@frettabladid.is

MEISTARAFLOKKUR VALS Í FÓTBOLTA: SAFNAR PENINGUM TIL AÐ BORGJA ÆFINGAFERÐ SÍNA TIL TYRKLANDS

Fóru í bíó fyrir VISA-reikningnum

Meistaraflokkur Vals í knattspyrnu fór í æfingiferð fyrir tímabilið eins og flest íslensk lið gera. Valsmenn fóru til Tyrklands í tíu daga ferð og söfnuðu sér fyrir henni á ýmsan máta, meðal annars með því að selja klósettappir auk þess sem þeir voru með fjárföflunarbíósyningu í gær í Smárabíói þar sem stórmyndin RV með hinum geðþekku leikurum Robin Williams og Jeff Daniels í aðalhlutverk. „Robin Williams leikur þar hinn fultkomna föður, Bob McNieve, sem ákveður að leigja sendiferðabíl og fara í ferðalag með fjölskylduna. Ferðalagið reynist þó meira erfiði en lagt var upp með og ekki

liður á löngu áður en þau hafa komið sér í ótrúlegustu vandræði.“ segir um myndina á

heimasíðu Vals.

„Eitthvað verður maður að gera til að safna fyrir VISA-reikningnum,“ sagði glaðbeittur Atli Sveinn Þórarinnsson, leikmaður Vals og einn þeirra sem höfðu veg og vanda að Valssýningunni. Ferð Valsara til Tyrklands kostaði um 100.000 krónur á mann þar sem allt var innifalið. „Við borguðum þetta sjálfir en menn punguðu út mismiklu eftir því hversu menn voru duglegir að selja klósettappir og annað. Auk þess gáfum við út dagatöl, sem við seldum og það reyndist okkur mjög vel,“ sagði Atli Sveinn en um 200 manns mættu á sýninguna sem haldin var í gærkvöldi. Viðmiðunarverðið á sýninguna var 1000 krónur, en farið var fram á frjáls framlög.

> Uppselt í Höllina

Það seldist upp á síðari leik Íslands og Svíþjóðar í umspili um laust sæti á HM í gær en leikurinn fer fram í Laugardalshöllinni á þjóðhátíðardaginn, 17. júní. Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að leitast væri við að fjölga sætaframboði í Höllinni og ef það tækist yrðu þeir miðar seldir hið fyrsta inn á midi.is.



SPILAR HANN? Wayne Rooney hefur æft á fullu með enska landsliðinu.

NORDICPHOTOS/AFP

Heimsmeistarakeppnin:

Verður Rooney með á morgun?

FÓTBOLTI Fjölmíðlar á Englandi tala um að svo gæti farið að Wayne Rooney spilaði eitthvað með Englandi á morgun þegar liðið leikur gegn Trínidad og Tóbago. Þessi tvítugi leikmaður er farinn að æfa af krafti eftir fótbrot en ekki var þó reiknað með að hann yrði tilbúinn í slaginn svona snemma. Rio Ferdinand, félagi Rooneys hjá enska landsliðinu, segir að leikmaðurinn hafi litið vel út á æfingum og sé ákveðinn í að spila sem fyrst með á HM.

Rooney hefur ekki spilað síðan hann fótbrotnaði með Manchester United í leik gegn Chelsea. Englendingar vita að með sigri í leiknum á morgun mun liðið tryggja sér sæti í annarri umferð keppinnar en það vann Paragvæ naumlega í fyrsta leik riðilsins.

- egm

Meiðsli í herbúðum Serba:

Vidic spilar ekkert á HM

FÓTBOLTI Lið Serbíu-Svartfjallalands þarf að leika án varnarmannsins Nemanja Vidic á heimsmeistaramótinu í Þýskalandi en hann meiddist á hné á æfingu á mánudaginn. Vidic er 24 ára og spilar með Manchester United á Englandi en hann tók ekki þátt í fyrsta leik Serba-Svartfellinga í keppninni vegna leikbanns.

Þetta er mikið áfall fyrir landslið Serbíu-Svartfjallalands en Vidic er helsti varnarmaður liðsins og á stóran þátt í því að liðið fékk aðeins eitt mark á sig í undankeppni HM.

- egm

FÓTBOLTI „Það var að duga eða drepast fyrir okkur. Við vorum búnir að tapa tveimur heimaleikjum á undan þessum en undanfarin ár hefur heimavöllurinn reynst okkur drjúgur. Það var mikil barátta í okkur og þetta hafðist að lokum,“ sagði Atli Jóhannsson, leikmaður ÍBV, þrælsáttur við 2-0 sigur ÍBV á KR. Leiknum hafði tvívegis verið frestað vegna ófærðar en fór loks fram á mánudaginn og Eyjamenn náðu sínum öðrum sigri í sumar.


„Við höfum haldið hreinu tvo síðustu leiki og það veit á gott. Þetta byrjar allt á vörninni og svo kemur hitt ósjálfrátt með. Það blés ekki byrlega fyrir okkur í byrjun móts en nú er maður farinn að sjá fram á bjartari tíma,“

sagði Atli en hann skoraði fyrra mark ÍBV í leiknum með stórglæsilegu skoti. „Ég er mjög sáttur við minn leik hingað til, ég var mikið meiddur í fyrra og komst ekki alveg í rétta grínn. Það er samt alltaf hægt að bæta sig.“

Atli segir að deildin sé rosalega jöfn og býst við baráttu hjá ÍBV fram í rauðan dauðann. „Mótið hefur verið mjög spennandi en FH-ingarnir eru sterkastir. Við eigum útileik gegn þeim á fimmtudag en það er uppgangur í okkar leik og við mætum brjálaðir til leiks með bullandi sjálfstraust. Við höfum sterkan mannskap í ár og spræka stráka á bekknum sem bíða eftir tækifæri til að sýna sig.“

Hann segir mikið áfall þegar liðið missti danska sóknarmanninn Bo Henriksen í meiðsli. „Þetta

var eiginlega eina staðan þar sem við máttum ekki við því að missa mann. Við erum nokkuð vel settir með varnar- og miðjumenn en skelfilegt að missa Bo. En það eru góðar frétt-



LIÐ UMFERÐARINNAR



TIL SÖLU? Nistelrooy er líklega á föllum frá Manchester United.

NORDICPHOTOS/AFP

Bæstist í hóp þeirra liða sem vilja fá Nistelrooy:

Bayern lýsir yfir áhuga

FÓTBOLTI Þýska liðið Bayern München hefur áhuga á holenska sóknarmanninum Ruud van Nistelrooy hjá Manchester United. Van Nistelrooy er 29 ára en hann er ekki í náðinni hjá Sir Alex Ferguson stjóra United á síðasta tímabili.

„Við munum ekki stíga eitt skref fyrr en við vitum það fyrir

víst að hann sé til sölu,“ sagði Karl-Heinz Rumenigge, forseti þýska liðsins.

Manchester United borgaði PSV Eindhoven níttján milljónir punda fyrir Nistelrooy í júlí 2001. Hann hefur leikið lykilhlutverk á Old Trafford síðan og skorað 95 mörk í 137 úrvalsdeildarleikjum.

- egm

MURRAY
Sláttutraktorar
12,5 - 18 hö



Verð frá kr. 195.000,-

PÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

WOLF Garten
Garðsláttuvélar



Þýskar
gæðsláttuvélar
Fyrir þá sem
gera kröfur
um gæði

PÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

WOLF Garten
Rafm.sláttuvélar



Vandaðar vélar
og öflugir
mótorar

PÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

Mega
Garðsláttuvélar
3,5 hö - 6 hö



Verð frá 19.900,-

PÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

Kawasaki
Vélorf




Alvöru orf
á góðu verði

PÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI

Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070

Uppfærðu fataskápinn... og bílinn



Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



Mánaðargreiðsla 23.061,-*

ÞESSI ER HLADIN AUKABÚNAÐI: ESP skriðvörn, útvarpsfjarstýring í stýri, samlitur, loftkæling, 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstölva og margt, margt fleira.



150.000 kr.

FATAÚTTEKT

GALLERÍ SAUTJÁN • GSKÖR • EVA • KÚLTÚR
KÚLTÚR MENN • CENTRUM • RETRO • DERES
COMPANYS • FOCUS • SMASH o.fl.

1.890.000,-

Beinskipt - 1.6 l. vél

Góðar fréttir fyrir smekkvísa ökupóra. Nú fylgir 150.000 króna fataúttekt frá NTC með hverjum seldum Opel Astra. NTC hefur á sínum snærum 11 glæsilegar fataverslanir sem staðsettar eru á Laugavegi, Kringlunni og í Smáralind. Nú getur þú ekið með tilþrifum inn í sumarið á nýjum Opel Astra og frískað upp á fataskápinn í leiðinni.



NCAP eru leiðandi í öryggis- og árekstrarprófum í Evrópu. Opel Astra fékk hæstu mögulegu einkunn.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

* Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði. Aukabúnaður á mynd: Álfelgur.



RÓBÓTINN GÓÐI Yljaði mörgum um hjarta-rætur. NORDICPHOTOS/AFP

Peter Crouch:

Hættur með róbótadansinn

FÓTBOLTI Enski landsliðsframherjinn Peter Crouch hefur svekkt umheiminn með þeim tíðindum að hann sé hættur að dansa vélmennadansinn sinn fræga. „Þetta var bara saklaust grín til að byrja með sem virtist breiðast ansi hratt út. Ég held að ég sé hættur dansinum samt sem áður, þetta snýst um að skora mörk og vinna leiki en ekki að dansa dansinn. Ég veit það jafn vel og allir aðrir og núna er mikilvægur tími í gangi hjá landsliðinu og því legg ég róbótinn á hilluna núna,“ sagði grafalvarlegur Crouch.

- hþh

Jürgen Klinsmann:

Býst við hörku-leik í kvöld

FÓTBOLTI Gestgjafarnir þýsku á HM mæta Póllandi í kvöld en landsliðsþjálfarinn Jürgen Klinsmann býst við mjög erfiðum leik. Heimamenn unnu góðan 4-2 sigur á Kosta Ríka í opunarleik mótsins en Pólverjar töpuðu 2-0 fyrir Ekvador.

„Pólland verður að vinna til að halda sér inni í mótinu. Þeir þurfa að gera eitthvað og ég býst svo sannarlega við hörkuleik. Það er mikil pressa á þeim, en auðvitað erum við líka undir pressu,“ sagði Klinsmann um nágrannaslaginn við Pólverja.

- hþh

Eiður Smári kominn til Barcelona

Eiður Smári Guðjohnsen lenti í Katalóníu í gær til að leggja lokahönd á samning sinn við stórlið Barcelona og gangast undir læknisskoðun. Eiður verður hugsanlega kynntur sem nýjasti liðsmaður Evrópumeistaranna í dag. Talið er að kaupverð hans sé 1.144 milljónir króna sem er metupphæð fyrir Íslending.

FÓTBOLTI Eiður og Arnór lentu um klukkan 18 að íslenskum tíma í Barcelona í gær og geta má sér þess til að skrifað verði undir samninginn í dag. Arnór hafði áður verið í Barcelona þar sem talið er að grunnurinn hafi verið lagður að samningnum. Ef skrifað verður undir í dag mun Eiður Smári halda blaðamannafund á Íslandi á morgun, fimmtudag.

Viðræður á milli Chelsea og Barcelona hafa staðið yfir í nokkrar vikur en Englandsmeistararnir vildu upphaflega fá fimmtán milljónir evra fyrir Eið Smára. Þá upphæð voru þeir loksins tilbúnir til að lækka niður í tólf milljónir evra, eða 8,2 milljónir punda, sem talið er vera kaupverðið. Það gerir rúman milljarð í íslenskum krónum eða 1.144 milljónir króna. Það er langhæsta upphæð sem greidd hefur verið fyrir íslenskan knattspyrnumann. Eiður átti sjálfur metið sem var um 450 milljónir króna er hann fór til Chelsea frá Bolton Wanderers. Landsliðsfyrirliðinn verður fyrsti Íslendingurinn til að spila fyrir Barcelona.

Eiði Smára er ætlað að fylla það skarð sem Svíinn Henrik Larsson skilur spili. Þannig muni hann smellapassa inn í leiftrandi sóknarleik Evrópumeistaranna sem láta boltann fljóta vel í sókninni og nýta sér hárnákvæmar

Spænskir fjölmiðlar fara fögrum orðum um Eið Smára, bæði innan sem utan valla. Þar er talað um hversu ótrúlega útsjónarsamur hann sé og hversu gott auga hann hafi fyrir spili. Þannig muni hann smellapassa inn í leiftrandi sóknarleik Evrópumeistaranna sem láta boltann fljóta vel í sókninni og nýta sér hárnákvæmar



EIÐUR SMÁRI Skoraði alls 78 mörk á ferlinum fyrir Chelsea en hann spilaði 177 leiki í byrjunarliðinu og kom 86 sinnum inná sem varamaður. NORDICPHOTOS/AFP

sendingar í sínum margfrægu skyndisóknum.

Fjölmiðlarnir fjalla ítarlega um einkalíf Eiðs Smára þar sem til að mynda er tekið fram að hann vakni klukkan 8.30, borði þá

morgunmat sem hann tekur sjálfur til með sonum sínum, fari yfirleitt aldrei seinna að sofa en ellefu á kvöldin, horfi oft á DVD-myndir, upphalds leikkonan hans ku vera Sharon Stone og upphalds

myndbandið hans Justify My Love með Madonna.

Jose Mourinho greindi frá því í síðasta mánuði að hann væri tilbúinn til að hlusta á tilboð í Eið Smára. Chelsea hefur þegar fest kaup á framherjunum Andrei Shevchenko og Salomon Kalou í sumar auk Michaels Ballack sem spilar svipaða stöðu og Eiður gerði undir lokin hjá Chelsea.

Eiður var einnig sterklega orðaður við Manchester United sem var tilbúið að bjóða hærri upphæð í Eið Smára en Barcelona, sem upphaflega vildi borga sjö milljónir punda. Jose Mourinho fór aftur á móti fram á það að Eiður yrði ekki seldur til erkifjenda sinna sem berjast um titilinn á hverju ári við Chelsea.

Ein frægasta tilvitnun um Eið Smára er ný af nálinni en Jose Mourinho, stjóri Chelsea, lét þessi orð falla um Eið eftir leik gegn West Ham 2. janúar á þessu ári: „Ég sagði við Guðjohnsen eftir leikinn að hann væri hinn ljóshærði Maradona. Utanfótarsendingar hans í leiknum voru stórkostlegar. Hinn ljóshærði Maradona getur spilað sem framherji líka ef við þurfum á því að halda,“ sagði Portúgalinn þegar sóknarmenn Chelsea áttu í meiðslavandræðum.

Joan Laporta, forseti Barcelona, vildi ekki staðfesta að um Eið Smára væri að ræða þegar hann talaði um nýjasta liðsmann síns liðs. „Nýi framherjinn verður kynntur fljótlega og ég er viss um að kaupin munu gleðja stuðningsmenn Barcelona,“ sagði Laporta.

hjaltili@frettabladid.is

Frakkland og Sviss gerðu markalaust jafntefli í gær:

Frakkarnir slakir

FÓTBOLTI Frakkar léku í gær fjórða leik sinn í röð á HM án þess að skora mark, en þeir fóru í gegnum alla þrjá leikina í riðlakeppninni árið 2002 án þess að skora. Þrátt fyrir nokkur fín færi náðu Frakkar ekki að skora í gær, ekki frekar en Sviss sem fékk sín tækifæri til að landa sigrinum.

„Mér fannst dómariinn vera alltof flautuglaður og smámunasamur. Ég skildi ekki alltaf ákvarðanir hans. Við verðum víst bara að setta okkur við það,“ sagði Raymond Domenech, landsliðsþjálfari Frakka, sem var allt annað en sáttur við Valentin Ivanov, dómara leiksins.

„Þetta jafntefli er ekki alslæmt en við náðum ekki að taka frumkvæðið í leiknum. Við vissum að þetta yrði alls ekki auðvelt en það eru enn tveir leik-



VONBRIGÐI Leyndu sér ekki í svipbrigðum Thierry Henry undir lok leiksins í gær. NORDICPHOTOS/AFP

ir eftir í riðlakeppninni. Við rændum okkar aðalkeppinaut tveimur stigum, ekki gleyma því,“ bætti landsliðsþjálfarinn við.

- hþh

Spænska landsliðið hefur leik á HM í dag :

Standa Spánverjar undir væntingum?

FÓTBOLTI Spænska landsliðið hefur leik á HM í dag þegar það mætir Úkraínumönnum í H-riðli keppinnar. Spánn stendur oftast ekki undir væntingum á stórmótum en þar í landi er vonast til að nú verði breyting þar á. „Markmið okkar er að sjálfsögðu að sigr keppnina en það er ljóst að það verður erfið. Ég er mjög bjartsýnn fyrir okkar hönd, við höfum ungt lið en samt sem áður hafa leikmennirnir töluverða reynslu,“ sagði hinn átján ára miðjumaður Arsenal, Cesc Fabregas.

Þeir tveir leikmenn sem búast má við að hljóti mesta athygli eru Andriy Shevchenko og Raul. Shevchenko er nýkominn í raðir Chelsea, en hann er í hópi bestu

knattspyrnumanna heims. Hann er í fyrsta sinn að fara að spila á HM enda er þetta í fyrsta sinn sem Úkraína kemst í lokakeppni mótsins. Raul hefur glímt við markabúrrð á þessu ári en hann er markahæstur í sögu spænska landsliðsins og ákveðinn í að finna sitt fyrra form.

Auk Spánar og Úkraínu eru Túnis og Sádi-Arabía í H-riðli en þær þjóðir mætast klukkan fjögur og vilja sína að riðillinn er ekki bara veggja turna tal. Dos Santos, skærasta stjarna Túnis, á við meiðli að stríða og verður líklegast ekki með í leiknum en góðu fréttirnar eru þær að hann ætti að vera orðinn klár fyrir annan leik Túnis sem er gegn Spáni.

- egm

VISA BIKARINN 2006

4. UMFERÐ VISA BIKARSINS			
Dagur	Tími	Lið	Völlur
Miðvikudagur 14. júní 2006	20:00	Fjarðabyggð – Sindri	Eskifjarðarvöllur
Fimmtudagur 15. júní 2006	20:00	Próttur R. – HK	Próttarvöllur
	20:00	ÍR – Leiknir R.	ÍR-völlur
	20:00	Afturelding – Njaróvík	Varmárvöllur
Föstudagur 16. júní 2006	20:00	KA – Þór	Akureyrarvöllur
	20:00	Haukar – Fram	Ásvellir

VISA styður íslenska boltann

Netiðleikur á www.visa.is/bikaraleikur
Útanlandsferð í vinning og fjöldi glæsilegra aukavinninga.

Bikarleikur þar sem spáð er um úrslit leika er á www.visa.is/bikaraleikur
Í verðlaun eru utanlandsferð fyrir tvo auk fjölda glæsilegra aukavinninga.



GÓÐUR SIGUR Leikmenn Suður-Kóreu geta þrifað sig sæla yfir því að hafa unnið í gær en leikur þeirra olli nokkrum vonbrigðum.

NORDICPHOTOS/AFP

Heimsmeistarakeppnin í gær:

Suður-Kórea vann Tógó

FÓTBOLTI Þrátt fyrir lipra takta tókst leikmönnum Tógó ekki að bera sigur úr býtum frá viðureign sinni gegn Suður-Kóreu í G-riðli HM í gær. Áhorfendur voru lit-skrúðugir í meira lagi en margir Kóreumenn flyktust til Þýsk-lands til að horfa á sína menn. Þá eru margir sem hafa tekið upp á því að styðja Tógó í keppninni, enda ein minnsta þjóðin sem tekur þátt.

Leikurinn byrjaði ansi rólega og hvorugt liðið var tilbúið til að taka áhættu. Það var loksins á 31. mínútu að dró til tíðinda þegar Mohammed Kader fékk fína sendingu, stjórnaði boltanum vel og skoraði glæsilegt mark og kom Tógó yfir.

Á 53. mínútu kom svo vendipunktur leiksins þegar Jean-Paul Abalo braut af sér rétt fyrir utan vítateig og fékk að líta sitt annað gula spjald. Lee Chun-Soo jafnaði metin úr aukaspyrnunni með glæsilegu marki og allt ætlaði um koll að keyra í Hannover. Það var svo varamaðurinn Ahn Jung-Hwan sem tryggði Suður-Kóreu sigurinn og öll stigin þrjú í leiknum.

- hþh

David Beckham: Yorke er ennþá skeinuhættur

FÓTBOLTI David Beckham, landsliðsfyrirliði Englendinga, varar við sínum gamla félagan Dwight Yorke fyrir leikinn gegn Trínidad og Tóbago á HM á morgun. Það sýndi sig að Trínidadmenn eru ekki auðunnir en þeir náðu markalausni jafntefli gegn Svíum.

„Það hefur alltaf verið erfitt við hann að etja, einkum fyrir varnarmenn, hann er einn af betri framherjum sögunnar. Við unnum saman meistaradeildina, FA-bíkarkeppnina og ensku deildina, hann var stór hluti af þessu öllu,“ sagði Beckham en þeir léku saman með Manchester United í mörg ár.- hþh



G-riðill:

SUÐUR-KÓREA-TÓGÓ	2-1
0-1 Mohammed Kader (31.), 1-1 Lee Chun-Soo (53.), 2-1 Ahn Jung-Hwan.	
FRAKKLAND-SVISS	0-0

F-riðill:

BRASILÍA-KRÓATÍA	1-0
1-0 Kaká (43.)	

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

11 12 13 14 15 16 17

Þriðjudagur

■ ■ SJÓNVARP

- ☐ 12.30 **HM stúdíó** á Sýn.
- ☐ 12.50 **HM í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Spánverja** og **Úkraínu** í H-riðli.
- ☐ 15.00 **HM stúdíó** á Sýn.
- ☐ 15.50 **HM í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Túnis** og **Sádi-Arabíu** í H-riðli.
- ☐ 18.00 **HM stúdíó** á Sýn.
- ☐ 18.50 **HM í fótbolta** á Sýn. Bein útsending frá leik **Þýskalands** og **Póllands** í A-riðli.
- ☐ 21.00 **4-4-2** á Sýn. HM-uppgjör dagsins.

Heimsmeistarar Brasilíu voru ekki sannfærandi en unnu samt Króatíu:

Áttundi sigur Brasilíu í röð á heimsmeistaramótinu

HM 2006 Heimsmeistarar Brasilíu hófu keppni á HM í Þýskalandi í gær með sigri á Króatíu, 1-0, og bættu um leið met með því að verða fyrsta liðið sem vinnur átta leiki í röð í þessari stærstu íþróttakeppni heims. Það var Kaká, leikmaður AC Milan, sem skoraði eina markleiksins með glæsilegu innanfótarskoti fyrir utan teig.

Brasilíumenn voru ekki mjög sannfærandi en sigrðu samt og fengu ekki heldur á sig mark og sýnir það vel styrkleika liðsins.

„Við vorum að spila gegn liði sem er vel skipulagt og verst mjög vel. Ég held þetta hafi verið jafn leikur en við áttum fleiri skot en vorum í smá vandræðum með



SIGURKOSSINN Stuðningsmenn Brasilíu voru skrautlegir í stúkunni eins og venjulega.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



FÖGNUMUR Roberto Carlos fagnar hér markaskoraranum Kaká en mark miðjumannins frá Milan skildi Brasilíu og Króatíu að.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

finna taktinn,“ sagði Carlos Alberto Pareira, landsliðsþjálfari Brasilíu, eftir leikinn. „Frammi- staðan hefði vissulega getað verið

betri en við verðum betri í næsta leik. Það skipti samt öllu að byrja mótið með sigri.“

- hbg



GYLFI GYLFASON Spilar áfram í þýsku úrvalsdeildinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Þýski handboltinn:

Lið Gylfa hélt sæti sínu

HANDBOLTI Gylfi Gylfason og félagar í Wilhelmshavener héldu sæti sínu í þýsku úrvalsdeildinni eftir dramatískt umspil gegn Dormagen um sæti í deildinni næsta vetur. Wilhelmshavener vann fyrri leikinn með tíu mörkum. 32-22, en var í vondum málum þegar sex sekúndur voru eftir af síðari leiknum í gær en þá leiddi Dormagen með ellefu mörkum, 34-23. Það var Jacek Bedzikowski sem skoraði markið sem tryggði Wilhelmshavener áframhaldandi sæti í deildinni tveimur sekúndum fyrir leikslök en það fór af varnarmanni og í netið. Ótrúleg dramatík.

- hbg

Opið hús í dag á milli kl. 17-19



Álfkonuhvarf 53-55 – 203 KÓP.

Eigum eftir nokkrar fallegar 3ja-4ra herb. íbúðir með sérinngangi af svalagangi. Íbúðirnar eru búnar vönduðum innréttingum og hurðum úr eik. Í eldhúsi eru flísar á milli skápa þar sem við á, AEG glerhelluborð, AEG ofn með blæstri og gufugleypir með kolasíu frá Bræðrunum Ormsson ehf. Fataskápar eru í svefnherbergjum og forstofu. Á baðherbergi er gólf flísalagt svo og veggir í ca 2ja metra hæð, handlaug í innréttingu, uppsettur spegill, handklæðaofn, upphengt og innbyggt salerni og sturtubaðker. Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum. Í bílageymsluna er innangengt úr húsinu. Fallegur sameiginlegur suðurgarður. Mjög vandaður frágangur, milliveggir hlaðnir í íbúðum. Gott útsýni. Tilbúnar til afhendingar við kaupsamning.

Sölufulltrúar Akkurat verða á staðnum og bjóða þig og þína velkomna.

Akkurat
FASTEIGNASALA

STÓRHÖFÐA 27

Sími 594 5000

Halla Unnur Helgadóttir,
löggildur fasteignasali

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„D’you like that? I knew you would. They say I’m a wonderful lover.“

Emmet Ray úr Sweet and Lowdown.
Svar:

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR MÆLIR MEÐ JÓA FEL

Martha Stewart íslenska karlmannsins

Ég þekki eina fimm ára rúsinu sem hermir ágætlega eftir matgæðingnum viðkunnanlega, honum Jóa Fel. Sú stutta horfði á nokkra þætti af Eldsnöggt með Jóa Fel með pabba sínum og lærði að smakka á matnum að hætti Jóa og bæta við einkunnarorðum hans: „Æðislegt!“. Já maturinn hjá Jóa Fel er alltaf „æðislegur“. Snilldin við þátt Jóa Fel er þó ekki fólgin í matargerðinni, heldur er loksins komin fram góð fyrirmynd sem sannar að karlmennskan glatast ekki við gutl í pottum og pönnum. Ef eitthvað mætti álykta af Jóa Fel að vöðvamassinn aukist í beinu hlutfalli við kokkatilburðina. Auðvitað hefur framlag karlpeningsins í eldhúsinu stórbatnað síðustu árin, sem kannski má rekja til Jamie Oliver og hans líka sem gert hafa lúxusmatreiðslu aðgengilegri fyrir alla. En ég hef trú á því að Jóí Fel reki smiðshöggjöð í líkkistu kynjahlutverkanna á klakanum - og reki karlmenn í eldhúsið.



JÓÍ FEL Jóí er góð fyrirmynd fyrir íslenska karlmenn.

Lykillinn að velgengni Jóa Fel er sá að konseptið er nógu notendavænt til þess að karlmenn nenni að bíta á agnið. Mín reynsla er að karlmenn þjáist af einhvers konar valkvöl í verslunum, en félagi Jóí gerir þeim lífið auðvelt með því að birta nákvæmar uppskriftir á heimasíðu sinni og selja vörur í sínu nafni. Einfaldara getur það ekki verið. Eldamennskan verður eitt lítið skref fyrir karlmanninn, en gríðarstökk fyrir mannkynið. Reyndar eru margar af „uppskriftum“ Jóa heldur einfaldar og kvarta kokkar landsins yfir því að Jóí stytti sér oft leið og noti tilbúnar sósur og kryddblöndur í stað þess að vinna réttina frá grunni. Það er reyndar blekkingarlist sem konur tileinkuðu sér fyrir mörgum áratugum síðan. En miðað við hvað pabbi litlu rúsinunnar er orðinn skuggalega góður kokkur með aðstoð Jóa Fel er framtíð Íslenskrar matargerðar björt. Martha Stewart Íslands lengi lifi.



20.10
Tíska

PROJECT RUNWAY



19.40
Gaman

STRÁKARNIR



22.20
Drama

ANNA & THE KING



19.00
Drama

BEVERLY HILLS 90210



7.00
Dægurmál

ÍSLAND Í BÍTÍÐ

SIJÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bítíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah Winfrey 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Strong Medicine (11:22)

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 13.05 Home Improvement 13.30 Amazing Race 14.15 Las Vegas 14.55 The Apprentice – Martha Stewart 15.55 Bamatíni Stöðvar 2 17.00 Bold and the Beautiful 17.22 Neighbours 17.47 The Simpsons 18.12 Íþróttafreittir

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Ísland í dag

19.40 Strákarnir Meðal efnis hjá þeim eru hin gamla góða falda myndavél, áskoranir með nýju sniði, skjáauglýsingar, stjórnunin sívinsæla, íþróttafreittir í umsjá Gunna og svo koma að sjálfsgöðu góðir gestir í heimsókn.

20.05 Veggfóður (20:20) Veggfóður er íslenskur hönnunar- og lífsstílsþáttur.

20.50 Oprah (68:145) Að þessu sinni fjallar Oprah um konur sem nota kynlíf í leit sinni að ástinni.

21.35 Medium (13:22) Alison aðstoðar lögregluna við að hafa upp á týndu barni. B. börnum.

22.20 Strong Medicine (12:22) (Samkvæmt læknisráði)

23.05 Stelpumar 23.30 Grey's Anatomy 0.10 Cold Case (B. börnum) 0.55 Ganga stöðumur aftur? 1.40 Invincible (B. börnum) 3.10 The Avengers' Comedies 4.40 Medium (B. börnum) 5.25 Fréttir og Ísland í dag 6.30 Tónlistamyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

18.30 Fréttir NFS

19.00 Ísland í dag

19.30 Sushi TV (1:10) (e)

20.00 Friends (21:23) (Vínir) Chandler og Monica lenda í vandræðilegri stöðu á ófrósemisstofunni þegar þau rekast þar á gamlan kunningja.

20.30 Sirkus RVK

21.00 Stacked (1:13) (Nobody Says I Love You)

21.30 Clubhouse (7:11) (Clubhouse)

22.20 Anna & the King Þessi mynd fjallar um enska kennarann Önnu Lennonovens sem fór til Síams um 1860 til þess að kenna börnum konungsins. Aðalhlutverk: Jodie Foster, Chow Yun-Fat, Ling Bai. Leikstjóri: Andy Tennant. 1999.

0.45 Supernatural (18:22) (e) (Bönnuð börnum) 1.35 Jake in Progress (4:13) 2.00 Friends (21:23) (e)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Völvi Snær (e)

15.40 Everybody loves Raymond (e) 16.10 Brúðkaupsþátturinn Já (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

19.00 Beverly Hills Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks. Tvíburarnir Brandon og Brenda Walsh eru nýflutt til stjörnuborgarinnar og kynnst krökkum fína og fræga fólksins í Beverly Hills.

19.45 Melrose Place

20.30 Beautiful People Lynn ákveður að tími sé komin að fara á stefnumót og býður nágranna sínum út. Sophie fer í party þvert gegn leyfi móður sinnar.

21.30 America's Next Top Model V Nú er komið að fimmtu þáttaröðinni og er óhætt að búast við jafn mikilli spennu og áður, ef ekki meiri.

22.30 The L Word

23.20 Jay Leno 0.05 Close to Home (e) 0.55 Beverly Hills (e) 1.40 Melrose Place (e) 2.25 Östðvandi tónlist

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 E! Entertainment Specials 14.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 15.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 16.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 17.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 18.00 E! News 18.30 The Daily 10 19.00 THS Angelina Jolie 20.00 101 Best Kept Hollywood Secrets 21.00 Girls of the Playboy Mansion 21.30 Girls of the Playboy Mansion 22.00 Dr. 90210 23.00 Sexiest 0.00 THS Angelina Jolie 1.00 101 Best Kept Hollywood Secrets 2.00 101 Even Bigger Celebrity Oops!

NFS

7.00 Ísland í bítíð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi 11.40 Brot úr dagskrá

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafreittir/Veðurfreittir/Leiðarar dagblaða/Hádeg-ið, fréttaviðtal. 13.00 Sportið 14.00 Fréttavaktin eftir hádegi 17.00 5fréttir 18.00 Kvöldfréttir/íþróttir/Veður

19.00 Ísland í dag

19.40 Hrafnáþing Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

21.00 Fréttir

21.10 This World 2006 (Killers Paradise)

22.00 Fréttir Fréttir og veður

22.30 Hrafnáþing Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

23.00 Kvöldfréttir/íþróttir/Veður/Ísland í dag 0.00 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.00 Fréttavaktin eftir hádegi 6.00 Hrafnáþing

AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

MasterCard

Landsbankinn

olis

Iceland Express

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

ALLA LEIKDAGA
KL. 21:00

4-4-2

FIFA WORLD CUP
GERMANY
2006

SYN
besta sætið

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Græna álman

Sjónvarpið kl. 21.05

Af flögurum og flónum

Green Wing er ný, bresk gaman-þáttaröð gerð af sama fólki og stóð að þáttunum Smack the Pony. Í Grænu álmunni segir frá starfsfólki á sjúkrahúsi þar sem bókstaflega allt getur gerst. Nýr kandídat, Caroline Todd, hefur störf á spítalanum og mætir til vinnu úfin og illa lyktandi eftir að hafa sofið í bílnum sínum um nóttina. Við sögu koma einnig starfsmannafulltrúi sem þolir ekki fólk, húmorslaus læknir sem held-ur að hann sé fyndinn, flagarar og flón ýmiss konar. Meðal leikenda eru Sarah Alexander, Sally Brett-on, Oliver Chris, Olivia Colman, Michelle Gomez og Tamsin Greig.





▶ 21.00

HM

4-4-2



7.45 HM 2006 (Brasília – Króatía) 9.30 NBA – úrslítakeppnin 11.30 4 4 2

12.30 HM 2006 – spjall 12.50 HM 2006 (Spánn – Úkraína) 15.00 HM 2006 – spjall 15.50 HM 2006 (Túnis – Sádi Arabía) 18.00 HM 2006 – spjall

18.50 HM 2006 (Þýskaland – Pólland) Bein útsending frá leik Þýskalands og Pól-lands sem leika í A-riðli á HM 2006. Fyrsti leikurinn í 2. umferð keppninn-ar. Pólverjar þekkja vel til þýskar knattspyrnu.

▶ 21.00 4-4-2 HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþrótaf-réttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar. Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspyrnulistinni.

22.00 HM 2006 (Spánn – Úkraína) Upptaka frá leik Spánar og Úkraínu sem fram fór fyrr um daginn.

23.45 HM 2006 (Túnis – Sádi Arabía) 1.30 HM 2006 (Þýskaland – Pólland)

RÁS 1 FM 92,4/93,5



6.30 Morguntónar 6.50 Bæn 7.05 Morgunvakt-in 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.13 Övissuferð – allir velkomnir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.03 Hádegisútlarp 12.20 Há-degisfréttir 13.00 Vitt og breitt 14.03 Útlarp-sagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Skáldskapur og landafræði 16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Litla flug-an 19.40 Laufskálinn 20.20 Norraent 21.00 Út um græna grundu 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar 23.05 Mozart og fjölskylda

0.10 Útlarpað á samtengdum rásum til morguns

RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlarpið

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Á vellinum 22.10 Geymt en ekki geymt 22.10 Popp og ról

BYLGJAN FM 98,9



7.00 Ísland í bitíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnús-dóttir

AÐRAR STÖÐVAR



FM 90,9 TALSTÖÐIN FM 99,4 ÚTLARP SAGA FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í SPILIN

Heimir Karlsson

Spánn - Úkraína 2-0

Spánverjar munu ná langt í keppninni með Fabregas, Reyes, Torres og Raul í broddi fylkingar. Hinsvegar held ég að Schevchenko nái sér ekki á strik í leiknum og þar með komast Úkraínumenn ekki á blað! Raul skorar annað markið og Torres hitt.

Túnis - Sádi Arabía 3-0

Túnis vinnur þennan leik auðveldlega. Af hverju? Vegna þess að liðið er með mun betri og reynslumeiri leikmenn. Margir þeirra leika um gjör-valla Evrópu á meðan ekki nokkur einasti leikmaður Sádi-Arabíu leikur með félagsliði utan heimalands síns.

Þýskaland - Pólland 3-2

Vörnin hjá Þjóðverjum er ekki nógu traust. Pólverjarnir verða að taka mikla áhættu og leggja allt kapp á að vinna leikinn eftir tapið gegn Ekvador og þar með opnast vörn þeirra. Þeir ná að skora tvö en Ballack (1) og Klose (2) klára leikinn og koma Þjóðverjum áfram.





Öflugur sportjeppi

KIA Sportage dísil 140 hestöfl 2.790.000 kr.

★★★★★

KIA Sportage er sigurvegari í sínum flokki, samkvæmt nýrri gæðakönnun hins virta alþjóðlega rannsóknarfyrirtækis JD Power. Könnunin náði til 115 þúsund bíleigenda í Bandaríkjunum.



KIA MOTORS

Taktu þátt í HM leik KIA og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.



KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi. 3 ára ábyrgð.

*M.v. 30% útborgun og 84 mán. bílasamning hjá SP fjármögnun með blandaðri myntkörfu.



KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4093



HRÓSIÐ

... fær Úlfar Eysteinnsson sem stóð ásamt fleirum fyrir skemmtilegri bryggjuhátíð í Kópavogi um helgina.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 VIII 6 í röð 8 eiturlyf 9 yfir rúm 11 skóli 12 snýkjudyf 14 fellinga 16 drykkur 17 æðri vera 18 greind 20 guð 21 marðardýr.

LÓDRÉTT 1 fugl 3 til dæmis 4 mat-jurt 5 herma 7 sjóbeit 10 hugfólginn 13 kaðall 15 hástétt 16 tölu 19 í röð.

LAUSN
16 tvo, 19 tu.
ap, 7 heffelt, 10 kær, 13 tog, 15 aðal,
5
LÓDRÉTT: 1 ugla, 3 td, 4 tómatu, 18 ví, 20 ra, 21 otur.
ma, 12 afæta, 14 brota, 16 te, 17 guð,
LÁRÉTT: 2 átta, 6 gh, 8 döp, 9 lak, 11

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Jónína Bjartmarz
- 2 Roy Keane
- 3 Heather Mills

Mega
Garðsláttuvélar
3,5 hö - 6 hö

Verð frá 19.900,-

PÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
Ármúla 11 - sími 568-1500
Lónsbakka - sími 461-1070



ÞRÍR SPURÐIR: ÍSLENDINGAR GETA TRYGGT SÉR SÆTI Á HM Í ÞÝSKALANDI Á LAUGARDAGINN

Ætlar þú á landsleik Íslands og Svíþjóðar?



Hjalti Úrsus, kraftlyftingamaður

Ég veit ekki einu sinni hvaða landsleikur þetta er. Í handbolta? Við erum að klára heimildamynd um Jón Pál Sigmarsson og þurfum hverja einustu mínútu. Auk þess er keppnin um sterkasta mann Íslands um helgina svo þetta er versta helgin til að horfa á handboltaleik.



Eyrún Magnúsdóttir, dagskrárgerðarkona

Ísland-Svíþjóð? Nei, ég efast nú um að ég mæti í höllina en ég reyni ábyggilega að fylgjast með leiknum í sjónvarpinu fyrst að hinn var svona spennandi. Ég er ekki búin að athuga hvort það er einhver meira

spennandi HM-leikur á sama tíma. Það verður bara að koma í ljós hvort ég horfi á handboltann. Ætli ég skipti ekki bara á milli leikjanna. Mest spennandi verður þó að sjá forsiðumynd Fréttablaðsins daginn eftir. Í þetta skipti vona ég að blaðið finni Sviakonung og -drottningu í stuðningsliði Íslendinga.



Sigríður Arnardóttir, dagskrárgerðarkona

Nei, ég ætla ekki að fara á leikinn. Ég er nú ekki með sjónvarp einu sinni, þannig að ég get ekki heldur horft á hann í sjónvarpinu. Það er verið að breyta öllu í húsinu mínu svo ég er eiginlega ekki með veggj heldur. Annars verð ég líklega á ferðalagi hvort sem er.

UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR: Á HM Í ÞÝSKALANDI

Færi ekki á stefnumót með David Beckham

Unnur Birna Vilhjálmisdóttir kom sér í heimsfréttirnar því Reuters fréttastofan greindi frá því í gær að fegurðardrottningin væri mætt á Heimsmeistarakeppnina í Þýskalandi sem nú tröllríður sjónvörpum landsmanna. Þar var hún spurð hver væri fallegasti maður keppinnar og ekki stóð á svarinu. „David Beckham. Hann hefur allt, útlitið, hárið og línurnar, Beckham er hinn dæmigerði metrósexúal maður,“ svaraði Unnur Birna en bætti því við hún myndi seint fara á stefnumót með fyrirlíða enska landsliðsins. „Ég er ekki mikið fyrir fræga karlmenn, vil heldur einhverja sem eru jarðbundnir,“ sagði Unnur Birna og svaraði því jafnframt til að hún væri á lausu.

Unni Birnu var boðið á leik Króatíu og Brasilíu á HM sem háður var í gærkvöldi og Fréttablaðið náði tali af henni fyrir herlegheitin. „Ég er búin að vera á leikvanginum í dag í myndatökum og viðtölum, brasilísku stuðningsmennirnir eru komnir og það var ólýsanlega stemning hjá þeim, tónlist, söngur og trommur. Þetta verður örugglega svakaleg upplifun,“ sagði Unnur Birna. Hún var á VIP-svæði leik-



DAVID BECKHAM Fyrirlíði enska landsliðsins yrði herra HM en kæmist ekki á stefnumót með Unni Birnu.



UNNUR BIRNA Var gerð að guðmóður tveggja sebrahesta sem fæddust í dýragarðinum í Varsjá en brá sér síðan á leik Brasilíu og Króatíu á HM í Þýskalandi.

vallarins sem gestur Huyndai ásamt aðstoðarmanni frá Miss World. „Það verður matur á undan og svaka flott enda hef ég lúmskt gaman af fótbolta,“ segir Unnur Birna.

Hún flaug til Berlínar frá Varsjá í Póllandi þar sem hún var viðstödd verðlaunaafhendingu ásamt forseta Póllands. Í Póllandi lenti hún í þeirri skemmtilegu stöðu að verða guðmóðir tveggja sebrahesta sem fæddust fyrir tveimur vikum í dýragarði þar í borg. Sebrahestarnir voru skírðir eftir guðmóður sinni sem einnig var viðstödd skírnina. „Það fylgdi ekkert sögunni hvort dýrin væru karlkyns eða kvenkyns, þau fengu bara nöfnin U og B. Þau hjá Miss

World kalla mig það, hafa gert það alveg frá upphafi,“ segir Unnur Birna.

Framundan er galakvöldverður Rauða krossins í London á föstuag, kynning á tiskusýningu í Sviss á laugardag og því næst flakk um Bretland, og í lok næstu viku er ferðinni heitið til Kína. „Ég kem ekkert heim fyrr en í lok júní. Þetta flakk er virkilega skemmtilegt en alveg hörkuvinna. Ég er alltaf á hraðferð og verð þreytt á því að fara út á hverjum einasta morgni máluð og í finum fötum eins og maður sé að fara á gala-ball. Það er ekki það skemmtilegasta sem ég geri,“ sagði Unnur Birna.

rosag@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Um fimmtán þúsund manns skemmtu sér vel á tónleikum **Roger Waters**, fyrirverandi forspraka Pink Floyd, í Egils-höll í fyrirkvöld. Í áhorfendaskaranum sást til söngkonunnar knáu **Birgittu Haukdal**, auk þess sem útvarpskonan **Andrea Jónsdóttir**, kokkurinn **Siggi Hall**, **Jói** í Idol og tónlistarspekulantinn **Skúli Helgason** voru mætt til að hlýða á kappann. Má telja ólíklegt að þau hafi orðið fyrir vonbrigðum með það mikla sjónarspil sem boðið var upp á.

Landslið Tógó á sér valdamikla aðdáendur hér á landi þótt fæstir viti nokkuð um liðsmenn þessa fátæka Afrikuríkis. Einn þeirra er **Össur Skarphéðinsson** og þingmaðurinn segir á heimasíðu sinni að hann hafi vaknað í sérstöku viðhafnarskapi vegna leiks Tógó og Suður-Kóreu. Össur er reyndar ekki einn um aðdáun sína á landsliði Tógó því í stuðningsmannahópnum má finna rithöfundinn **Þráinn Bertelsson**, **Jón Sigurðsson**, nýskipaðan iðnaðar- og viðskiptaráðherra auk **Njarðar P. Njarðvík** sem von er, enda ræðismaður landsins hér á landi. Þeir Össur og Þráinn urðu þó að sjá sitt lið tapa á Glaumbar í gær en það lá fyrir Suður-Kóreu, 2-1. Össur útskýrir veru þeirra Þráins í þessum félagsskap með því að þeir séu fulltrúar hinna hrjáðu og smáðu. „Kannski er það þess vegna sem Þráinn er alltaf í Fram-sóknarflokknum,“ skrifar Össur.

Á stæðan fyrir ástríðu þessara kunnna kappi á landinu eru **Spes-samtökin** sem byggja barnahorpin í Tógó en þessir heiðursmenn eru allir meðlimir í þeim. Össur nefnir á heimasíðunni að Tógómenn hafi litið á það sem stórsigur að komast til Þýskalands og etja kappi við bestu þjóðir heims. „Forsetinn í Tógó lýsti yfir opinberum frídegri þegar liðið vann sér réttinn,“ skrifar Össur. Þingmaðurinn greinir einnig frá því að Tógómenn geri sér ekki miklar vonir um árangur en þeir pöntuðu sér far aftur heim eftir fyrstu þrjá leikina fyrir ári. Össur telur liðið eiga inni óvænt leynivopn en það er **Jakob** seiðkarl sem er kominn til liðs við sína menn. „Hann er fremsti galdramaður Tógó á sviði vúdú - og frægur um alla Vestur-Afríku fyrir kynngi sína og töframátt,“ skrifar Össur. Enginn skyldi vanmeta mátt hans því að sögn Össurar lét hann liðsmenn Ghana veikjast af alls kyns pestum sem varð til þess að Tógó-liðið sigraði í mikilvægum leik. Reyndar fer engum sögum af því hvort Össur ætli að nýta sér krafta Jakobs í komandi kosningum.

Draugagöngur um Reykjavík

„Þetta er mjög spennandi túr því fólk fær níu góðar draugasögur á 90 mínútum. Og það af alvöru íslenskum draugum,“ segir Jónas Freydal sem skipuleggur draugagöngur um Reykjavík í sumar. Jónas býður upp á tvær göngur um miðborg Reykjavíkur hvern dag vikunnar fram til 7. september, klukkan 18 og 19.30 á kvöldin. Fyrst um sinn eru göngurnar ætlaðar erlendum ferðamönnum og eru því aðeins á ensku enn sem komið er.

Á gönguferðunum blandar Jónas og hans fólk saman sögulegum fróðleik um landið og borgina við sögur af draugum, huldufólki og djöflinum. „Við fengum bæði miðla og sagnfræðinga til að aðstoða okkur við að undirbúa verkefnið. Það er



JÓNAS FREYDAL Skipuleggur gönguferðir um miðborg Reykjavíkur þar sem draugar eru í aðalhlutverki.

mikil rannsóknarvinna að baki þessu og það skilar sér í frábærum göngutúr,“ segir Jónas en erlendir fjölmiðlar hafa þegar sýnt uppátækinu áhuga. Gönguferðir þessar

þykja bæði fjörlegar og fróðlegar og segir Jónas að fyrst og fremst sé hugsað um að fólk skemmti sér vel.

Draugagöngurnar hefjast í Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Aðalstræti 2 og síðan er gengið um Grjótaþorpið, kirkjugarðinn og að Alþingi og Dómkirkjunni svo fátt eitt sé nefnt. Íslendingum er að sjálfsögðu velkomið að slást í hópinn með útlendingunum og geta keypt sér miða á flestum hótélum og ferðapjónustustöðum. Ítarlegar upplýsingar er svo að finna á heimasíðunni www.hauntediceland.com. „Þetta er eitthvað sem hefur vantað í Reykjavík því þetta er okkar saga og þjóðtrú og við erum að mörgu leyti að tapa þeirri trú,“ segir Jónas Freydal.

- hdm



Nýr humar, grillpinnar sólþurrkaður saltfiskur



Gnóðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14



VIÐ SELJUM BARA BLÁA OG GULA BÍLA!

BNB sölugreining

Flest treystum við á leiðsögn annarra þegar kemur að kaupum á notuðum bíl. Við hjá Betri notuðum bílum boðum því nýja siði til að gera bílakaupin öruggari og einfaldari: BNB sölugreiningu.

Fagmenn okkar framkvæma ítarlega greiningu á öllum bílum sem koma til greina í sölu. Þeir þurfa að ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur m.a. mið af aldri, akstri og viðhalds sögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

■ Úrvalsbíll

Er í verksmiðjuábyrgð. **12 mánaða viðbótarábyrgð*:**

- Ef bíllinn bilar þá sjáum við um að láta gera við hann
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- Við tökum umframábyrgð á bremsuhlutum (sliti)
- 14 daga skiptiréttur
- Neyðarsími

■ Gæðabíll

Er ekki í verksmiðjuábyrgð. **3 mánaða viðbótarábyrgð*:**

- Vélbúnaðar
- Hamlakerfis
- Rafbúnaðar
- Fjöðrunarbúnaðar
- Drifbúnaðar
- Stýrisbúnaðar

Veldu aðeins Úrvalsbíl eða Gæðabíl og við ábyrgjumst betri notaðan bíl, hvorn kostinn sem þú velur.
Þú mátt treysta því.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

*Ábyrgðarskilmála má nálgast hjá BNB Nýbýlavegi og umboðsmönnum Toyota

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
Reykjaneshæ
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstöðum
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL

GÆÐABÍLL

Kringlu

20-50%
AFSLÁTTUR AF
NÝJUM VÖRUM

14. - 19. júní

HEFST Í DAG





BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

Mávurinn

Ég var á leiðinni eftir Geirsgötunni þegar bíll á undan ók á máv svo hann vængbrotnaði og reikaði sárkvalinn út á miðja götu. Ég tók U-beygju, þaut til baka og lagði upp á gangstétt hjá styttnni af sjómönnunum sem horfa til hafs. Þar dró ég fram farsímann og hringdi í 112 á meðan ég bandaði umferð frá hinum særða. Lögreglan lofaði að senda bíl þegar hann yrði laus. Mér varð nokkuð um, enda hafði ég búið við sjúkra-bíl og hjúkrunarteymi hið snarasta. Særður mávur er kannski ekki mikilvægur í borg óttans en þó er þetta einmitt fuglinn sem annar hver drengur er látinn heita í höfuðið á um þessar mundir.

UMFERÐIN á Geirsgötunni var ekki árennileg en mér tókst nú samt að blaka heilu flutningabílunum með tilheyrandi tengivögnum frá fuglinum. Konu og ungan mann bar að og þau létu beittan gogginn ekki aftra sér í að vippa sjúklingnum upp á gangstétt. Hjörtu okkar þriggja slógu í takt þessar mínútur sem við stumruðum yfir fuglinum sem hnípraði sig saman með vænginn í afkáralegri stellingu undir búknum. Það var eins og leikskólabarn hefði fönðrað þetta grey og farið offari með UHU-límið.

VIÐ vorum að velta fyrir okkur næsta skrefi þegar maður birtist í bláum samfestingi merktum Ístaki. Hann þurfti ekki annað en að rétt líta á fuglinn til vita hvað gáfulegast væri að gera og það var ekkert í anda Jónasar Hallgrímssonar, ekkert smávinir fagr-ir neitt hér. „Á ég ekki bara að snúa hann úr hálslíð?“ spurði hann og tók vin minn sannkölluðu Ístaki. Ég sem litlu áður hafði stuggað hádegisumferðinni á Geirsgötu frá fuglinum eins og hverju öðru flugnageri sneri mér undan og setti fingurna í eyrun. Það sama gerði hin konan. Fuglinn var horf-inn þegar við snerum okkur við. Þegar ég spurði eftir vini mínum nikkaði maðurinn í átt að rusla-dallinum. Þar sást glitta í gogg og væng.

LÍKLEGA voru þessi endalok algáfulegust. Líklega hefði ég bara átt að læra handtökin svo ég geti gengið glaðbeitt um bæinn og snúið öll þau þjáðu dýr úr hálslíðnum sem eiga eftir að verða á vegi mínum. Líklega hefði lögreglan og sjúkrabíllinn heldur aldrei komið hvort eð var. Þegar ég hringdi aftur í 112 til að afpanta herleg-heitin svaraði annar lögreglu-maður. Sá kannaðist ekkert við að tilkynnt hefði verið um slys á Geirsgötunni.

MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

GLITNIR

ÞAU ERU KOMIN!

Þegar þú kaupir gjaldeyri fyrir 20 þúsund krónur eða færð þér MasterCard kreditkort færðu stórt og falletgt **handklæði** í kaupbæti.

Farðu í fríið með fjármálin á þurru:

- Kreditkort**
 - þægilegasti og öruggasti greiðslumátinn í útlöndum.
- Netbankinn**
 - yfirsýn og helstu bankaaðgerðir hvar sem er í heiminum.
- Reglulegur sparnaður**
 - leggðu drög að næsta fríi.
- Greiðsluþjónusta**
 - láttu okkur sjá um að borga reikningana.

Þú færð nánari upplýsingar hjá þjónustufulltrúum í útibúum Glitnis, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á www.glitnir.is